

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	Sameiginlega EES-nefndin	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-rikkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2010/EES/3/01		Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 28/09/COL frá 29. janúar 2009 um sextugustu og áttundu breytingu á málsmeðferðar- og efnisreglum á sviði ríkisaðstoðar sem er fölginn í því að við bætast þrjár nýir kaflar: um beitingu ríkisaðstoðarreglna gagnvart ráðstöfunum vegna fjármálastofnana sem gerðar eru í tengslum við yfirstandandi fjármálakreppu í heiminum, um endurfjármögnun fjármálastofnana í yfirstandandi fjármálakreppu: aðstoð takmörkuð við það sem er nauðsynlegt; varnir gegn óeðlilegri samkeppnisröskun og um tímabundnar reglur um ráðstafanir á sviði ríkisaðstoðar sem miðast að því að auðvelda fjármögnun í yfirstandandi fjármála- og efnahagskreppu	1
2010/EES/3/02		Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 190/09/COL frá 22. apríl 2009 um sextugustu og níundu breytingu á málsmeðferðar- og efnisreglum á sviði ríkisaðstoðar sem felur í sér breytingar á kaflanum um tímabundnar reglur um ráðstafanir á sviði ríkisaðstoðar sem miðast að því að auðvelda fjármögnun í yfirstandandi fjármála- og efnahagskreppu	31
2010/EES/3/03		Almennir frídagar á árinu 2011 í EFTA-rikkjunum sem eiga aðild að EES og í EES-stofnunum	47
	3.	EFTA-dómstóllinn	
	III	EB-STOFNANIR	
	1.	Framkvæmdastjórnin	
2010/EES/3/04		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6095 – Ericsson/Nortel Group (MSS & Global Services))	48
2010/EES/3/05		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.COMP/M.6111 – Huaneng/OTPPB/InterGen) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	49
2010/EES/3/06		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6118 – Bain Capital Investors/IMCD) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	50

2010/EES/3/07	Ríkisaðstoð – Þýskaland – Málsnúmer C 30/10 (áður NN 45/10 (áður CP 327/08)) – Meint aðstoð við Propapier vegna grunnvirkja – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. ESB-sáttmálans	51
2010/EES/3/08	Ríkisaðstoð – Frakkland – Málsnúmer C 34/10 (áður N 140/10) – Gjald til að fjármagna það almannaþjónustuhlutverk að bæta hrossastofna og stuðla að hrossarækt, þjálfun á sviði kappreiða og hrossaræktar, svo og byggðaþróun – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. ESB-sáttmálans	51
2010/EES/3/09	Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar um endurgreiðsluvexti sem innheimta ber við endurheimtu ríkisaðstoðar og viðmiðunar- og afreiknivexti fyrir 27 aðildarríki; vextirnir gilda frá 1. janúar 2011	52
2010/EES/3/10	Upplýsingar sem borist hafa frá aðildarríkjunum um ríkisaðstoð sem veitt hefur verið í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 800/2008 þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast sameiginlega markaðnum til beitingar 87. og 88. gr. sáttmálans (reglugerð um almenna hópundanþágu)	53
2010/EES/3/11	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 4. mgr. 16. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í bandalaginu – Almannaþjónustukvaðir í tengslum við áætlunarflug	60
2010/EES/3/12	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 5. mgr. 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í bandalaginu – Auglýsing um útboð á áætlunarflugi í samræmi við almannaðjónustukvaðir.	60
2010/EES/3/13	Yfirlit um bandalagsáskvarðanir um markaðsleyfi fyrir lyfjum sem teknar voru frá 1. september til 31. október 2010	60

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

2011/EES/3/01

28/09/COL

frá 29. janúar 2009

um sextugustu og áttundu breytingu á málsmeðferðar- og efnisreglum á sviði ríkisaðstoðar sem er fólgin í því að við bætast þrjár nýir kaflar: um beitingu ríkisaðstoðarreglna gagnvart ráðstöfunum vegna fjármálastofnana sem gerðar eru í tengslum við yfirstandandi fjármálakreppu í heiminum, um endurfjármögnun fjármálastofnana í yfirstandandi fjármálakreppu: aðstoð takmörkuð við það sem er nauðsynlegt; varnir gegn óeðlilegri samkeppnisröskun og um tímabundnar reglur um ráðstafanir á sviði ríkisaðstoðar sem miðast að því að auðvelda fjármögnun í yfirstandandi fjármála- og efnahagskreppu

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN ⁽¹⁾,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið ⁽²⁾, einkum ákvæða 61., 62. og 63. gr. og bókunar 26,

með vísan til samnings milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls ⁽³⁾, einkum ákvæða 24. gr. og stafliðar b) í 2. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Samkvæmt 24. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól ber Eftirlitsstofnun EFTA að koma ákvæðum EES-samningsins um ríkisaðstoð til framkvæmda.

Samkvæmt staflið b) í 2. mgr. 5. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól ber Eftirlitsstofnun EFTA að gefa út auglýsingar eða leiðbeiningar um mál sem EES-samningurinn fjallar um ef sá samningur eða samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól kveða skýrt á um slíkt eða stofnunin álitur það nauðsynlegt.

Minnt er á málsmeðferðar- og efnisreglur á sviði ríkisaðstoðar sem Eftirlitsstofnun EFTA samþykkti 19. janúar 1994 ⁽⁴⁾.

Hinn 13. október 2008 samþykkti framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna ⁽⁵⁾ orðsendingu með heitinu „Beiting ríkisaðstoðarreglna gagnvart ráðstöfunum vegna fjármálastofnana sem gerðar eru í tengslum við yfirstandandi fjármálakreppu í heiminum“ ⁽⁶⁾.

Hinn 5. desember 2008 birti framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna orðsendingu með heitinu „Endurfjármögnun fjármálastofnana í yfirstandandi fjármálakreppu: aðstoð takmörkuð við það sem er nauðsynlegt; varnir gegn óeðlilegri samkeppnisröskun“ ⁽⁷⁾.

⁽¹⁾ [Á ekki við í íslenska textanum.]

⁽²⁾ „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir.

⁽³⁾ „Samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól“ í því sem hér fer á eftir.

⁽⁴⁾ Leiðbeinandi reglur um beitingu og túlkun 61. og 62. gr. EES-samningsins og 1. gr. bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól sem Eftirlitsstofnun EFTA samþykkti 19. janúar 1994 og birtar voru í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* (Stjtið. EB eða Stjtið. ESB í því sem hér fer á eftir) L 231, 3.9.1994, bls. 1, og EES-viðbæti nr. 32, 3.9.1994, bls. 1. Breytingar urðu síðast á reglunum 17. desember 2008. „Leiðbeinandi reglur um ríkisaðstoð“ í því sem hér fer á eftir. Dagrétt gerð leiðbeinandi reglna um ríkisaðstoð (á ensku) er birt á vefsetri Eftirlitsstofnunar EFTA: http://www.eftasur.int/fieldsofwork/fieldstateaid/state_aid_guidelines

⁽⁵⁾ „Framkvæmdastjórnin“ í því sem hér fer á eftir.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB C 270, 25.10.2008, bls. 8.

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB C 10, 15.1.2009, bls. 2.

Hinn 17. desember 2008 birti framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna orðsendingu með heitinu „Tímabundnar reglur um ráðstafanir á sviði ríkisaðstoðar sem miðast að því að auðvelda fjármögnun í yfirstandandi fjármála- og efnahagskreppu“⁽⁸⁾.

Ofangreindar orðsendingar varða einnig Evrópska efnahagssvæðið.

Tryggja ber að EES-reglum um ríkisaðstoð sé beitt á sama hátt hvarvetna á Evrópska efnahagssvæðinu.

Samkvæmt ákvæðum II. liðar undir fyrirsögninni „ALMENNT“ í lok XV. viðauka við EES-samninginn ber Eftirlitsstofnun EFTA, að höfðu samráði við framkvæmdastjórn EB, að samþykkja gerðir sem samsvara þeim sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt.

Samráð hefur verið haft við framkvæmdastjórnina.

Vísað er til þess að Eftirlitsstofnun EFTA leitaði samráðs við EFTA-ríkin með bréfum sem send voru stjórnvöldum á Íslandi, í Noregi og í Liechtenstein og dagsett 19. janúar 2009.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Leiðbeinandi reglum um ríkisaðstoð skal breytt með því að fella inn í þær þrjú nýja kafla með fyrirsögnunum um beitingu ríkisaðstoðarreglna gagnvart ráðstöfunum vegna fjármálastofnana sem gerðar eru í tengslum við yfirstandandi fjármálakreppu í heiminum, um endurfjármögnun fjármálastofnana í yfirstandandi fjármálakreppu: aðstoð takmörkuð við það sem er nauðsynlegt; varnir gegn óeðlilegri samkeppnisröskun og um tímabundnar reglur um ráðstafanir á sviði ríkisaðstoðar sem miðast að því að auðvelda fjármögnun í yfirstandandi fjármála- og efnahagskreppu. Kaflarnir þrír eru birtir í I., II. og III. viðauka við ákvörðun þessa.

2. gr.

Fullgild er aðeins ensk útgáfa þessarar ákvörðunar.

Gjört í Brussel 29. janúar 2009.

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA

Per Sanderud

Forseti

Kurt Jaeger

Stjórnarmaður

⁽⁸⁾ Stjóttíð. ESB C 16, 22.1.2009, bls. 1.

I. VIÐAUKI

Beiting ríkisaðstoðarreglna gagnvart ráðstöfunum vegna fjármálastofnana sem gerðar eru í tengslum við yfirstandandi fjármálakreppu í heiminum ⁽¹⁾**1 Inngangur**

- 1) Fjármálakreppan, sem steðjar að heiminum, hefur færst mjög í aukana og sér hennar nú tilfinnanlega stað í bankakerfi EES-ríkjanna. Nú er ekki aðeins við tiltekin afmörkuð vandamál að glíma, sem tengjast sérstaklega húsnæðislánamarkaði í Bandaríkjunum og eignum sem tryggðar eru með veði í húsnæðislánum, eða stafa af tapi sem rekja má til óhóflega áhættusamrar útlánastefnu einstakra banka, heldur hefur grafið undan trausti á bankakerfinu í heild á undanföllum mánuðum. Sökum þess hversu mikil óvissa er um útlánaáættu einstakra fjármálastofnana hefur því sem næst verið tekið fyrir lán á millibankamarkaði og hefur þannig smám saman orðið erfiðara fyrir fjármálastofnanir almennt að nálgast lausafé.
- 2) Núverandi ástand eykur hættuna á gjaldþroti í tilteknum fjármálastofnunum sem glíma við vanda sökum galla í rekstrarlíkani eða viðskiptaháttum sem kreppan á fjármálamörkuðum hefur afhjúpað og gert erfiðari viðureignar. Til þess að gera megi stofnanir sem þessar rekstrarhæfar aftur til lengri tíma litið, og komast hjá því að slíta þeim, verður viðtæk endurskipulagning á starfsemi þeirra að eiga sér stað. Við þær aðstæður, sem nú ríkja, hefur kreppan einnig áhrif á fjármálastofnanir sem búa í meginatriðum við traustan rekstur og glíma við erfiðleika eingöngu vegna almennra markaðsaðstæðna sem hafa þrengt mjög aðgang að lausafé. Ætla má að minni endurskipulagningar sé þörf til að gera þessar stofnanir rekstrarhæfar aftur til frambúðar. Þess er þó að gæta, hvað sem öðru líður, að ráðstafanir, sem stjórnvöld í EFTA-ríki grípa til í þágu (tiltekinna) stofnana sem starfa á fjármálamarkaði viðkomandi lands, kunna að ívilna þessum stofnunum umfram aðrar sem starfa í sama EFTA-ríki eða í öðrum ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu.
- 3) Á fundi Efnahags- og fjármálaráðsins 7. október 2008 var samþykkt að gerðar skyldu allar þær ráðstafanir sem nauðsynlegar væru til að efla rekstrarhæfi og stöðugleika bankakerfisins í því skyni að byggja aftur upp traust og koma starfsemi fjármálakerfisins í samt lag. Tekið var fram að endurfjármögnun fjármálastofnana, sem standa höllum fæti en hafa verulega kerfislega þýðingu, væri ein þeirra leiða sem fara mætti til að verja á fullnægjandi hátt hagsmunum innlánseigenda og stöðugleika kerfisins. Þá var samþykkt að láta stjórnvöldum í hverju landi eftir að taka ákvarðanir um opinber afskipti, þó þannig að byggt væri á samhæfðum aðferðum og ýmsum sameiginlegum meginreglum Evrópusambandsins ⁽²⁾. Framkvæmdastjórnin bauðst við sama tækifæri til að gefa út með stuttum fyrirvara leiðbeiningar um helstu atriði reglna sem nota mætti til að meta með skjóttum hætti hvort áætlanir um endurfjármögnun og ábyrgðir, svo og einstök tilvik þar sem slíkum áætlunum er beitt, samrýmist reglum um ríkisaðstoð.
- 4) Með hliðsjón af því hversu djúp kreppan er orðin, en hún er nú farin að ógna bönkum sem búa í meginatriðum við traustan rekstur, hversu mjög fjármálamarkaðir í Evrópu eru samþættir og hver öðrum háðir, og þeirra alvarlegu afleiðinga sem það myndi hafa ef fjármálastofnun, sem hefur mikla kerfislega þýðingu, yrði ógjaldfær og dýpkaði þannig kreppuna enn frekar, fellst Eftirlitsstofnun EFTA á að stjórnvöldum í EFTA-ríkjunum getur virst nauðsynlegt að gera viðeigandi ráðstafanir til að verja stöðugleika fjármálakerfisins. Aðsteðjandi vandi fjármálastofnana er afar sérstaks eðlis og því er hugsanlegt að ganga verði lengra með slíkum ráðstöfunum en aðeins að tryggja stöðugleika einstakra fjármálastofnana og taka upp almenn stuðningskerfi.
- 5) Þó að nauðsynlegt sé að taka fullt tillit til hinna óvenjulegu aðstæðna, sem ríkja um þessar mundir, þegar reglum um ríkisaðstoð er beitt gagnvart ráðstöfunum til að milda fjármálakreppuna verður Eftirlitsstofnun EFTA að sjá til þess að ráðstafanir af því tagi raski ekki að óþörfu samkeppni milli fjármálastofnana sem starfa á viðkomandi markaði eða valdi óæskilegum smitáhrifum í öðrum EES-ríkjum. Tilgangurinn með útgáfu þessa kafla er að veita leiðsögn um þau viðmið sem máli skipta um mat á því hvort almenn stuðningskerfi, einstök tilvik þar sem slíkum kerfum er beitt og sérákveðin stuðningsmál, sem hafa kerfislega þýðingu, samrýmast ákvæðum EES-samningsins. Í tengslum við beitingu þessara viðmiða gagnvart ráðstöfunum EFTA-ríkjanna mun stofnunin leitast við að ganga skjótt fram, enda er það nauðsynlegt til þess að tryggja réttaröryggi og byggja aftur upp traust á fjármálamörkuðum.

⁽¹⁾ Kaflinn, sem hér birtist, svarar til orðsendingar framkvæmdastjórnarinnar með heitinu Beiting ríkisaðstoðarreglna gagnvart ráðstöfunum vegna fjármálastofnana sem gerðar eru í tengslum við yfirstandandi fjármálakreppu í heiminum, sjá Stjtið. ESB C 270, 25.10.2008, bls. 8.

⁽²⁾ Í niðurstöðum Efnahags- og fjármálaráðsins eru tilgreindar eftirtaldir meginreglur:

- Aðgerðir þarf að tímasetja vel og fylgt skal þeirri grundvallarreglu að allur stuðningur sé tímabundinn.
- Aðildarríkjunum ber að gæta vandlega að hagsmunum skattgreiðenda.
- Hluthafar, sem fyrir eru, eiga að bera hæfilegan þunga af aðgerðunum.
- Aðildarríkin þurfa að sjá til þess að þau geti komið um kring breytingum á stjórn fyrirtækjanna.
- Stjórnendur fyrirtækjanna mega ekki taka við kaupaukum sem teljast mega óhóflegir – stjórnvöld geta meðal annars tekið sér það vald að hafa áhrif á launagreiðslur.
- Verja skal lögmæta hagsmunum keppinauta, einkum með beitingu ríkisaðstoðarreglna.
- Forðast ber óæskileg smitáhrif.

2 Meginstjórnarmíð

- 6) Mat á ríkisaðstoð við einstök illa stödd fyrirtæki fer venjulega fram á grundvelli stafl. c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins og kaflans um ríkisaðstoð til björgunar og endurskipulagningar í illa stöddum fyrirtækjum í leiðbeinandi reglum um ríkisaðstoð⁽³⁾ (sem nefnist „leiðbeinandi reglur um björgun og endurskipulagningu“ í því sem hér fer á eftir) en þar kemur fram skilningur Eftirlitsstofnunar EFTA á því hvernig beita beri ákvæðum stafl. c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins gagnvart þessari tegund aðstoðar. Leiðbeinandi reglur um björgun og endurskipulagningu hafa almennt gildi en í þeim er einnig að finna sértæk viðmið sem beita ber gagnvart fjármálfyrirtækjum.
- 7) Þá getur Eftirlitsstofnun EFTA heimilað ríkisaðstoð með vísan til ákvæða stafl. b) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins til þess að „ráða bót á alvarlegri röskun á efnahagslífi aðildarríkis EB eða EFTA-ríkis“.
- 8) Eftirlitsstofnun EFTA ítrekar að með vísan til dómaframkvæmdar svo og stjórnáskilframtækna framkvæmdastjórnarinnar⁽⁴⁾, leiðir af ákvæðum stafl. b) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins að túlka verður þröngt hvað talist getur alvarleg röskun á efnahagslífi EFTA-ríkis.
- 9) Með hliðsjón af því hversu alvarleg yfirstandandi kreppa á fjármálamörkuðum er orðin og hugsanlegum áhrifum hennar á efnahagslíf EES-rikkjana í heild lítur Eftirlitsstofnun EFTA svo á að nota megi ákvæði stafl. b) í 3. mgr. 61. gr. við núverandi aðstæður sem lagagrundvöll aðstoðarráðstafana sem beinast að þessari kerfislægu kreppu. Þetta á einkum við um aðstoð sem er veitt á grundvelli almenns kerfis sem allmörgum eða öllum fjármálastofnunum í tilteknu EFTA-ríki er heimilt að nýta sér. Nú lýsa stjórnvöld í EFTA-ríki, sem hafa með höndum málefni sem varða fjárhagslegan stöðugleika, yfir við stofnunina að hætta sé á alvarlegri röskun af þessu tagi og verður þá tekið sérstakt tillit til þess í mati stofnunarinnar.
- 10) Komið getur til greina að heimila sérákvæðin afskipti stjórnvalda í EFTA-ríkjum ef aðstæður eru með þeim hætti að fullnægt sé ákvæðum 3. mgr. 61. EES-samningsins. Um bæði kerfi og sérákvæðin afskipti gildir, að þótt mat á aðstoðinni eigi að fara eftir þeim almennu reglum sem mælt er fyrir um í leiðbeinandi reglum um björgun og endurskipulagningu, sem voru gefnar út á grundvelli stafl. c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins, getur verið ástæða til þess, við núverandi aðstæður, að heimila tiltekna ráðstafanir sem sérstakar undantekningar, til að mynda neyðaraðgerðir til að styrkja innviði kerfisins, ráðstafanir til að vernda hagsmuni þriðja aðila, svo sem lánardrottna, og björgunaraðgerðir sem hugsanlega geta staðið yfir lengur en sex mánuði.
- 11) Á hinn bóginn ber að leggja áherslu á að það, sem hér hefur verið rakið, byggist á þeirri forsendu að í grundvallaratriðum komi ekki til greina að beita stafl. b) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins þegar kreppuástand kemur upp í öðrum atvinnugreinum, nema sambærileg áhætta sé á því að slíkt ástand hafi með beinum hætti áhrif á efnahagslíf EFTA-ríkis í heild. Að því er varðar fjármálfyrirtæki er aðeins unnt að beita þessu ákvæði við aðstæður sem eru í raun og sann undantekningartilvik og þess eðlis að öll starfsemi fjármálamarkaða er í hættu.
- 12) Ef vart verður alvarlegrar röskunar á efnahagslífi EFTA-ríkis í líkingu við það sem hér hefur verið rakið má ekki beita stafl. b) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins ótímabundið, heldur aðeins meðan unnt er að réttlæta það með vísan til kreppuástands.
- 13) Af þessu leiðir að nauðsynlegt er að endurskoða reglulega öll almenn kerfi, sem komið er á fót á þessum forsendum, t.d. ábyrgðar- eða endurfjármögnunarkerfi, og leggja þau niður um leið og efnahagsástand viðkomandi EFTA-ríkis leyfir. Viðurkennt er að sem stendur er ógerlegt að segja fyrir um hversu lengi fjármálamarkaðir muni þurfa að glíma við hin óvenjulegu vandamál sem nú stöðja að, og að til þess að byggja aftur upp traust kann að verða nauðsynlegt að gefa skýrt til kynna að tiltekin ráðstöfun verði látin gilda meðan kreppan stendur. Eftirlitsstofnun EFTA lítur þó svo á að til þess að almennt stuðningskerfi geti talist samrýmanlegt gildandi reglum verði EFTA-ríkið að endurmeta kerfið eigi sjaldnar en á sex mánaða fresti og láta stofnuninni í té niðurstöður þess endurmats.
- 14) Þá lítur Eftirlitsstofnun EFTA svo á að gera verði greinarmun á aðgerðum í þágu fjármálastofnana sem eru ógjaldfærar en búa að öðru leyti við traustan rekstur í meginatriðum, ef ekki væri fyrir hinar óvenjulegu aðstæður sem nú ríkja, og aðgerðum í þágu fjármálastofnana sem glíma við vanda sem rekja má til innri orsaka. Í fyrnefnda tilvikinu stafa vandamál, sem stöðja að rekstri fyrirtækjanna, í eðli sínu af ytri orsökum og tengjast þeim ógákennðu aðstæðum, sem nú eru á fjármálamarkaði, fremur en af óhagkvæmum eða af áhættusömum rekstri. Afleiðingin af þessu er að stuðningskerfi, sem ætlað er að tryggja rekstrarhæfi slíkra stofnana, valda að jafnaði minni samkeppnisröskun og þar með minni þörf á endurskipulagningu. Aðrar fjármálastofnanir, sem líklegt er að verði fyrir miklu tapi til að mynda vegna lítillar arðsemi, slakrar eigna- og skuldastýringar eða áhættusamra rekstrarþátta, kunna á hinn bóginn að falla undir venjulegar reglur um björgunaraðstoð, einkum þannig að þörf sé á umfangsmikilli endurskipulagningu, auk mótvægisáðgerða til

⁽³⁾ Leiðbeinandi reglur um ríkisaðstoð til björgunar og endurskipulagningar í illa stöddum fyrirtækjum voru samþykktar með ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 305/04/COL frá 1. desember 2004.

⁽⁴⁾ Sbr. í meginatriðum sameinuð mál T-132/96 og T-143/96 Freistaat Sachsen og Volkswagen AG gegn framkvæmdastjórn [1999] ECR II-3663, 167. mgr. Staðfest með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/490/EB í máli C 47/96 Crédit Lyonnais (Stjtið. ESB L 221, 8.8.1998, bls. 28), lið 10.1. ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/345/EB í máli C 28/02 Bankgesellschaft Berlin (Stjtið. ESB L 116, 4.5.2005, bls. 1), 153. liður og áfram, og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/263/EB í máli C 50/06 BAWAG (Stjtið. ESB L 83, 26.3.2008, bls. 7), 166. liður. Sjá ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar í máli NN 70/07 Northern Rock (Stjtið. ESB C 43, 16.2.2008, bls. 1), ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar í máli NN 25/08 Björgunaraðstoð við WestLB (Stjtið. ESB C 189, 26.7.2008, bls. 3), ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 4. júní 2008 í máli C 9/08 SachsenLB (Stjtið. ESB L 104, 24.4.2009, bls. 34).

þess að takmarka samkeppnisröskun ⁽⁵⁾. Hins vegar á það við í öllum tilvikum að séu ekki gerðar viðeigandi gagnráðstafanir getur framkvæmd ábyrgða- og endurfjármögnunarkerfa valdið verulegri samkeppnisröskun með því að ívilna stuðningsþegum óhæfilega mikið í samanburði við keppnauta þeirra eða á þann hátt að hún aukði á lausafjörvanda fjármálastofnana í öðrum EES-ríkjum.

- 15) Við þetta bætist, í samræmi við þau almennu sjónarmið sem liggja til grundvallar ríkisaðstoðarreglum EES-samningsins, en í þeim er kveðið á um að ekki megi veita aðstoð umfram það sem er óhjákvæmilegt til að ná lögmætum markmiðum og að ekki komi til samkeppnisröskunar eða henni sé haldið í lágmarki, og að teknu fullu tilliti til ríkjandi aðstæðna, að allar almennar stuðningsráðstafanir verða að:
- vera nægilega beinskeyttar til þess að vinna megi á skilvirkan hátt að því markmiði að ráða bót á alvarlegri röskun á efnahagslífinu,
 - vera hæfilega umfangsmiklar að teknu tilliti til fyrirliggjandi úrlausnarefnis, þ.e. ekki má ganga lengra en nauðsynlegt er til að ná settu markmiði,
 - og byggjast á tilhögun sem heldur í lágmarki óæskilegum smitáhrifum gagnvart keppinautum, öðrum atvinnugreinum og öðrum EES-ríkjum.
- 16) Til þess að ekki sé unnið gegn eðlilegri framkvæmd innra markaðarins er nauðsynlegt að virða þessi viðmið í samræmi við ákvæði ríkisaðstoðarreglnanna og það fjölbætta grundvallarfrelsi sem mælt er fyrir um í EES-samningnum, meðal annars regluna um bann við mismunun. Eftirlitsstofnun EFTA mun í mati sínu nota neðangreind viðmið til þess að ákveða hvort ráðstafanir á sviði ríkisaðstoðar af því tagi, sem lýst er hér á eftir, samrýmist gildandi reglum.

3 Ábyrgðir sem taka til skulda fjármálastofnana

- 17) Af þeim grundvallarreglum, sem lýst hefur verið hér á undan, leiðir eftirtalin sjónarmið að því er varðar ábyrgðakerfi sem miðast að því að vernda skuldir og stofnað er til með yfirlýsingu, lagasetningu eða samningsbundnum ákvæðum; hér ber að hafa í huga að þessi sjónarmið eru almenns eðlis og nauðsynlegt er að laga þau að aðstæðum í hverju einstöku tilviki.

3.1 Skilyrði fyrir aðgangi að ábyrgðakerfi

- 18) Komið getur til verulegrar samkeppnisröskunar ef markaðsaðilar hafa ekki jafnan aðgang að ábyrgðum. Skilyrðin fyrir því að fjármálastofnanir geti notið ábyrgða af þessu tagi verða að vera hlutlæg, þannig að byggt sé á tilhlýðilegu mati á hlutverki þeirra í viðkomandi bankakerfi og efnahagsheild, og laus við mismunun þannig að forðast megi óeðlileg röskunaráhrif á nærliggjandi mörkuðum og á innra markaðnum í heild. Í samræmi við regluna um bann við mismunun á grundvelli ríkisfangs ber að láta kerfið taka til allra stofnana, að meðtöldum dótturfélögum, sem starfa samkvæmt lögum viðkomandi EFTA-ríkis og hafa með höndum verulega starfsemi í því ríki.

3.2 Efnislegt gildissvið ábyrgðar – skuldbindingar sem ábyrgð nær til

- 19) Við þær óvenjulegu aðstæður sem nú eru uppi getur reynst nauðsynlegt að fullvissa innlánseigendur um að þeir muni ekki tapa fjármunum sínum til þess að minnka áhættuna á bankaáhlaupi og óeðlilega miklum óæskilegum smitáhrifum gagnvart bönkum sem búa við traustan rekstur. Af þessum sökum getur það því í grundvallaratriðum talist lögmætur þáttur í viðbrögðum hins opinbera við kerfislægri kreppu að gefa út almennar ábyrgðir á almennum innlánum (og skuldum við almenna viðskiptamenn).
- 20) Ef ábyrgðir eru víðtækari en sem nemur ábyrgð á almennum innlánum verður að sjá til þess, eftir því sem við verður komið, að þær tegundir skulda og skuldbindinga, sem ábyrgðin er látin ná til, tengist hinni eiginlegu orsök aðsteðjandi vanda og takmarkist við það sem telja má nauðsynlegt til að vinna gegn mikilvægustu þáttum fjármálakreppunnar, enda geta ábyrgðirnar að öðrum kosti tafði nauðsynlegar breytingar og leitt til skaðlegs freistnivanda ⁽⁶⁾.
- 21) Með vísan til þessarar reglu getur einnig verið réttlætjanlegt að ábyrgjast tiltekna tegundir heildsöluinnlána, og jafnvel lánasamninga til skamms og meðallangs tíma, í því skyni að vinna gegn ástandi þar sem lánveitingar milli banka hafa að miklu leyti stöðvast sökum minnkandi trausts milli fjármálastofnana, að því leyti sem skuldbindingar af því tagi njóta ekki þegar viðhlitandi tryggingar á grundvelli samninga, sem fjárfestar hafa gert, eða á annan hátt ⁽⁷⁾.
- 22) Væri ábyrgð látin taka til annarra tegunda skulda en hér hefur verið lýst, og er það gildissvið þó fremur rúmt, gæfi það tilefni til nákvæmrar athugunar á því hvernig slíkt væri réttlætt.
- 23) Meginreglan er sú að ábyrgðir af því tagi eiga ekki að taka til vöðvandi lána (eiginfjárféttar B) eða taka til allra skuldbindinga án nokkurrar flokkunar, því að slík tilhögun yrði aðeins til þess að vernda hagsmuni hluthafa og annarra áhættufjárfesta. Ef ábyrgð tekur til slíkra skuldbindinga, og gerir þannig kleift að auka eiginfé og þar með útlánastarfsemi, getur verið nauðsynlegt að beita sértækum höftum.

⁽⁵⁾ Sá fyrirvari er á þessu að nákvæm útfærsla og tímasetning endurskipulagningarinnar getur tekið breytingum vegna umrótsins sem nú er á fjármálamörkuðum.

⁽⁶⁾ Annað atriði, sem stuðlað getur að því að kerfið teljist hæfilegt að umfangi í þessu tilliti, eru takmörk sem sett eru á fjárhæð tiltækrar ábyrgðar, hugsanlega með vísan til stærðar efnahagsreiknings aðstoðarþegans.

⁽⁷⁾ Dæmi um þetta eru sérvarin skuldabréf og skuldir og innlán/innstæður með veði í ríkisskuldabréfum eða sérvörðum skuldabréfum.

3.3 *Gildistími ábyrgðakerfisins*

- 24) Gildistími og gildissvið hvers þess ábyrgðakerfis, sem felur í sér viðtækari ábyrgð en á almennum innlánnum, skal takmarkast við það sem er nauðsynlegt. Í samræmi við þær almennu meginreglur, sem hér hefur verið lýst, og að teknu tilliti til ríkjandi óvissu um hversu lengi núverandi grundvallarágallar muni há starfsemi fjármálamarkaða, lítur Eftirlitsstofnun EFTA svo á að til þess að almennt stuðningskerfi geti talist samrýmanlegt gildandi reglum verði EFTA-ríkið að endurmeta kerfið eigi sjaldnar en á sex mánaða fresti með tilliti til þess hvort réttlætanlegt sé að reka það áfram og hvort ástæða sé til breytinga til þess að bregðast við nýjum aðstæðum á fjármálamörkuðum. Senda ber Eftirlitsstofnun EFTA niðurstöður þessa endurmats. Ef tryggt er að reglulegt endurmat af þessu tagi fari fram kemur til greina að heimila rekstur kerfisins til lengri tíma en sex mánaða, eða að jafnaði allt að tveimur árum. Þennan gildistíma má lengja frekar, að fengnu samþykki Eftirlitsstofnunar EFTA, meðan aðstæður á fjármálamörkuðum gera það nauðsynlegt. Ef kerfinu er hagað þannig að heimilt sé að láta ábyrgð á viðkomandi skuld gilda fram að gjalddaga sem ber upp eftir að útgáfutímabili samkvæmt kerfinu lýkur, er nauðsynlegt að setja frekari varnagla til þess að koma í veg fyrir óhóflega samkeppnisröskun. Þar getur verið um að ræða styttra ábyrgðartímabil en heimilt er í grundvallaratriðum samkvæmt ákvæðum þessa kafla, verðlagning sem hefur varnaðaráhrif og hæfileg efri mörk á skuldinni sem ábyrgðin getur tekið til.

3.4 *Aðstoð haldið í lágmarki – framlag einkafyrirtækja*

- 25) Með vísan til þeirrar almennu ríkisáðstoðarreglu að áðstoðarfjárhæð og áðstoðarhlutfall verði að takmarkast við algert lágmark verða stjórnvöld í EFTA-ríkjunum að gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að stuðningsþegar og/eða viðkomandi atvinnugrein leggi fram verulegt eigið framlag til að standa undir kostnaði við ábyrgðina svo og, eftir því sem við á, kostnaði hins opinbera ef til þess kemur að ábyrgðin sé nýtt.
- 26) Það fer eftir aðstæðum í hverju tilviki hversu hátt það framlag á að vera nákvæmlega og hvernig því er háttað. Eftirlitsstofnun EFTA lítur svo á að hæfileg blanda af sumum eða öllum eftirtalinna þátta ⁽⁸⁾ myndi fullnægja kröfunni um að halda aðstoð í lágmarki:
- Ábyrgðakerfið verður að byggjast á því að innheimt sé hæfilegt gjald fyrir ábyrgðir frá einstökum fjármálastofnunum sem njóta ábyrgðar eða fjármálageiranum í heild ⁽⁹⁾. Nokkur vandkvæði eru á að ákvarða markaðsverð fyrir ábyrgðir af þessu tagi og af þessari stærð, enda er engri sambærilegri viðmiðun til að dreifa, og jafnframt verður að taka tillit til þess að við núverandi aðstæður getur stuðningsþegum reynst erfitt að standa undir þeim gjöldum sem rétt gæti þótt að innheimta. Með tilliti til þessa ber að stefna að því að gjöld, sem innheimt eru fyrir aðgang að kerfinu, nálgist svo sem unnt það sem talist getur markaðsverð. Viðeigandi verðlagningaráðferðir, sem endurspeglar mismunandi áhættu og mismunandi lánastöðu og lánþarfir stuðningsþeganna, hafa mikið að segja um hvort viðkomandi ráðstöfun telst í samræmi við meðalhóf.
 - Ef nauðsynlegt reynist að virkja ábyrgðina gæti frekara umtalsvert framlag frá einkafyrirtækjum verið fölgandi því að þau stæðu undir að minnsta kosti verulegum hluta útistandandi skuldbindinga stuðningsþegans (ef hann hefur heldur áfram starfsemi) eða greinarinnar, og væru afskipti EFTA-ríkisins þá takmörkuð við greiðslur umfram það framlag.
 - Eftirlitsstofnun EFTA er ljóst að svo kann að standa á að stuðningsþegar geti ekki greitt hæfilegt gjald að fullu tafarlaust. Stjórnvöld í EFTA-ríkjunum ættu því að huga að því, sem viðbót við ofangreind atriði eða í stað þeirra, að setja ákvæði um endurgreiðslu sem virkjað yrði við bætt skilyrði og gerði stuðningsþegum að greiða annaðhvort viðbótargjald fyrir það að njóta ábyrgðarinnar sem slíkrar (í þeim tilvikum að ekki reynist nauðsynlegt að virkja hana) eða endurgreiða að minnsta kosti hluta af þeim kostnaði sem fallið hefur á EFTA-ríkið vegna ábyrgðarinnar (í þeim tilvikum að ganga þarf á ábyrgðina) um leið og þeir hafa tök á.

3.5 *Komið í veg fyrir óeðlilega samkeppnisröskun*

- 27) Með vísan til þeirrar innbyggðu áhættu að ábyrgðakerfi geti haft óæskileg áhrif á banka sem njóta ekki ábyrgðar, meðal annars banka í öðrum EES-ríkjum, verður meðal annars að gera ráð fyrir viðeigandi áðferðum í kerfinu til að draga sem mest úr slíkri röskun og hugsanlegri misnotkun stuðningsþega á þeirri ívilnun sem þeir njóta í krafti ríkisábyrgðar. Varnir af því tagi, sem hafa einnig mikið að segja við að forðast freistnivanda, þurfa að vera hæfileg blanda af sumum eða öllum eftirtalinna þátta ⁽¹⁰⁾:
- Hömlur lagðar á athafnir fyrirtækja sem tryggja að fjármálastofnanir, sem njóta ábyrgðar, nýti ekki þá stöðu til að efla starfsemi sína með yfirgangssömum/óvægnum aðferðum á kostnað keppinauta sem hafa enga slíka vernd. Þetta má til að mynda gera með því að:
 - i. leggja höft á viðskiptastarfsemi fyrirtækjanna, til dæmis auglýsingar sem vísa til ábyrgðarinnar sem bankinn nýtur, verðlagningu eða útvíkkun starfsemi, til að mynda með því að setja hámark á leyfilega markaðshlutdeild ⁽¹¹⁾,

⁽⁸⁾ Þetta er ekki tæmandi upptalning á þeim atriðum sem stuðla að því markmiði að halda aðstoðinni í lágmarki.

⁽⁹⁾ Til að mynda fyrir tilstuðlan samtaka einkarekinna banka.

⁽¹⁰⁾ Þetta er ekki tæmandi upptalning á þeim atriðum sem stuðla að því markmiði að forðast óþarfa samkeppnisröskun.

⁽¹¹⁾ Í þessu tilliti mætti einnig huga að þeim kosti að halda eftir hagnaði í því skyni að tryggja fullnægjandi endurfjármögnun.

- ii. mæla fyrir um hversu stór efnahagsreikningur stofnananna, sem njóta ábyrgðar, má vera með vísan til viðeigandi viðmiðunar (t.d. vergrar landsframleiðslu eða vaxtar peningamarkaðarins ⁽¹²⁾),
 - iii. banna athafnir sem ógerlegt væri að koma heim og saman við tilgang ábyrgðarinnar sem slíkrar, til að mynda endurkaup viðkomandi fjármálastofnana á hlutabréfum eða gerð nýrra kaupréttarsamninga við stjórnendur.
- Viðeigandi ákvæði til þess að gera hlutaðeigandi EFTA-ríki kleift að framfylgja ofangreindum hömlum, þar á meðal þau viðurlög að fjármálastofnun, sem virðir ekki hömlurnar, verði meinað að njóta ábyrgðarinnar.

3.6 Eftirfylgni með aðlögunarráðstöfunum

- 28) Eftirlitsstofnun EFTA lítur svo á að til þess að forðast samkeppnisröskun sem mest verði að fara með sérhvert almennt ábyrgðakerfi sem tímabundna neyðarráðstöfun sem gripið er til í því skyni að bregðast við aðkallandi einkennum núverandi kreppu á fjármálamörkuðum. Ráðstafanir af því tagi geta edlis síns vegna ekki komið í stað heildstæðra aðgerða til að takast á við grundvallarorsakir þessarar kreppu, sem tengjast kerfislægum skipulagsgöllum á fjármálamörkuðum, eða sértæk vandamál einstakra fjármálastofnana eða hvorutveggja saman.
- 29) Hverju ábyrgðakerfi verður því, þegar fram í sækir, að fylgja eftir með nauðsynlegum aðlögunarráðstöfunum fyrir atvinnugreinina í heild og/eða með endurskipulagningu eða slitum einstakra félaga sem njóta ábyrgðarinnar, einkum í þeim tilvikum að ganga hefur þurft á ábyrgðina.

3.7 Beiting kerfisins í einstökum tilvikum

- 30) Þegar nauðsynlegt reynist að nota ábyrgðakerfið í þágu einstakra fjármálastofnana verður ekki hjá því komist að fylgja slíkrri björgunarráðstöfun, sem hefur þann tilgang að halda ógjaldfæru félagi í rekstri og veldur aukinni samkeppnisröskun, þ.e. umfram þá röskun sem er fólgin í því að koma kerfinu á fót, eftir með fullnægjandi aðgerðum til endurskipulagningar eða slita félagsins sem notið hefur ábyrgðar, um leið og aðstæður á fjármálamörkuðum leyfa. Þetta hefur aftur í för með sér að tilkynna verður Eftirlitsstofnun EFTA áætlun um endurskipulagningu eða slit þeirra félaga sem hafa fengið greiðslur á grundvelli ábyrgðarinnar, og metur stofnunin sérstaklega hvort sú áætlun samræmist ríkisaðstoðarreglunum ⁽¹³⁾.
- 31) Í mati Eftirlitsstofnunar EFTA á áætlun um endurskipulagningu verður tekið mið af þeirri nauðsyn að tryggja:
- að viðkomandi fjármálastofnun sé gerð rekstrarhæf aftur til frambúðar,
 - að ekki sé veitt meiri aðstoð en nauðsynlegt er og að endurskipulagningin sé kostuð að verulegu leyti af einkaaðilum,
 - að komið sé í veg fyrir óeðlilega samkeppnisröskun og að enginn hafi af því ávinning, sem ekki er unnt að réttlæta, að ábyrgðin sé virkjuð.
- 32) Eftirlitsstofnun EFTA getur byggt mat sitt á reynslunni af beitingu ríkisaðstoðarreglnanna á liðnum árum, að teknu tilliti til sérstakra einkenna núverandi kreppu, en hún er nú orðin svo umfangsmikil að telja má alvarlega röskun á efnahagslífi EES-ríkjanna.
- 33) Eftirlitsstofnun EFTA mun einnig gera greinarmun á aðstoð, sem nauðsynlegt hefur reynst að veita fjármálastofnun eingöngu vegna yfirstandandi erfiðleika við að afla lausafjár, þó að sú stofnun standi búi að öðru leyti við traustan rekstur í meginatriðum, og aðstoð sem rennur til stuðningsþega sem glíma að auki við skerta greiðslufærni sem rekja má til skipulagslegra þátta, svo sem tiltekins rekstrarlíkans eða fjárfestingarstefnu. Telja má líklegt að í flestum tilvikum sé það meira athugunarefni ef aðstoð er veitt félögum í síðarnefndum hópi stuðningsþega.
- ## 4 Endurfjármögnun fjármálastofnana
- 34) Önnur tegund aðgerða til að bregðast við kerfislægum vanda í tengslum við yfirstandandi fjármálakreppu væri að koma upp endurfjármögnunarkerfi sem notað yrði til að styðja við fjármálastofnanir sem búa í meginatriðum við traustan rekstur en eiga undir högg að sækja vegna ófgakenndra aðstæðna á fjármálamörkuðum. Markmiðið væri að nota almannafé til þess að styrkja eiginfjárgrunn viðkomandi fjármálastofnana beint eða greiða fyrir eiginfjárframlögum einkaaðila þannig að koma megi í veg fyrir óæskileg kerfislæg smitáhrif.
- 35) Sjónarmið að því er varðar almenn ábyrgðakerfi, sem sett hafa verið fram hér á undan, gilda í aðalatriðum einnig um endurfjármögnunarkerfi, að breyttu breytanda. Þannig gildir:
- að viðmið, sem ráða styrkhæfi, eiga að vera hlutlæg og laus við mismunun,
 - að kerfið á að hafa afmarkaðan gildistíma.

⁽¹²⁾ Jafnframt því að tryggja að efnahagslífið hafi fullnægjandi aðgang að lánsfé, einkum þegar samdráttur ríkir.

⁽¹³⁾ Eftirlitsstofnun EFTA lítur á það sem grundvallarreglu að reynist nauðsynlegt að greiða út fé til fjármálastofnunar verði að fylgja greiðslunni eftir innan sex mánaða með áætlun um endurskipulagningu eða slit viðkomandi félags, eftir því sem við á. Til hæggðarauka fyrir EFTA-ríkin og Eftirlitsstofnun EFTA kemur til greina að taka tilkynningar um svipuð mál, er varða endurskipulagningu eða upplausn, til meðferðar í einu lagi. Þá kann stofnunin að taka þá afstöðu að ekki þurfi að leggja fram áætlun þegar um ræðir hreina upplausn félags eða þegar félagið er svo lítið að það skiptir litlu máli.

- að aðstoð ber að takmarka við það sem er nauðsynlegt í ströngum skilningi,
 - að sjá þarf fyrir vörnum gegn hugsanlegri misnotkun og óeðlilegri samkeppnisröskun með hliðsjón af því að eiginfjárframlög verða ekki afturkölluð, og því er nauðsynlegt að kerfið feli í sér ákvæði sem heimila EFTA-ríkinu að fylgjast með og framfylgja því að þessum vörnum sé sinnt og sjá til þess síðar í ferlinu að samkeppnisröskun verði ekki óeðlilega mikil, eftir því sem það á við ⁽¹⁴⁾, og
 - Beita þarf endurfjármögnun sem neyðarráðstöfun til þess að gera fjármálastofnuninni kleift að standa af sér kreppuna og þessu þarf að fylgja eftir með áætlun um endurskipulagningu viðkomandi stuðningsþega, sem Eftirlitsstofnun EFTA metur sérstaklega að teknu tilliti bæði til greinarmunarins á fjármálastofnuninum, sem búa í meginatriðum við traustan rekstur og glíma eingöngu við erfiðleika vegna núverandi hindrana fyrir því að afla lausafjár, og stuðningsþega sem glíma að auki við skerta greiðslufærni sem rekja má vanda sem er fremur að skipulagslegu tagi, svo sem tiltekins rekstrarlíkans eða fjárfestingarstefnu, og þess hvaða áhrif sá greinarmunur hefur á það hversu mikil þörf er á endurskipulagningu.
- 36) Sjónarmiðin, sem fjallað er um hér á eftir, taka mið af hinu sérstaka eðli endurfjármögnunaraðgerða.
- 37) Ákvarðanir um styrkhæfi skulu byggjast á hlutlægum viðmiðum sem leiða ekki til óeðlilegrar mismununar, svo sem þörfinni á að tryggja nægilega hátt eiginfjárlutfall með vísan til ákvæða um lágmarksgjaldþol. Í þessu samhengi er æskilegt að fram fari mat á því hvort þörf er á stuðningi af hálfu stjórnvalda sem sinna fjármálaeftirliti.
- 38) Eiginfjárframlagið verður að takmarkast við það sem er nauðsynlegt og má ekki gera stuðningsþega kleift að beita óvægnum aðferðum í viðskiptum eða til að færa út starfsemi sína eða vinna að öðrum markmiðum sem gætu valdið óeðlilegri samkeppnisröskun. Í því tilliti verður það talið til jákvæðra þátta í matinu ef beitt er strangari lágmarksákvæðum um gjaldþol og/eða takmörkun á heildarstarð efnahagsreiknings fjármálastofnunarinnar. Stuðningsþegar þurfa að leggja jafnmikið af mörkum sjálfir og nokkur kostur er með tilliti til yfirstandandi kreppu, meðal annars með framlögum einkaaðila ⁽¹⁵⁾.
- 39) Aðgerðir til að auka eiginfé fjármálastofnana verða að vera bundnar skilmálum sem halda aðstoðarfjárhæðinni í lágmarki. Hvaða eiginfjárgerningur sem notaður er (t.d. hlutafjárframlag, kaupheimildir, vöskandi eiginfé ...) skal fylgt þeirri grundvallarreglu að réttindin, sem hlutaðeigandi EFTA-ríki öðlast, séu að verðgildi samsvarandi framlagi þess til endurfjármögnunarinnar. Útgáfuverð nýrra hluta verður að ákveða með vísan til mats á ætluðu markaðsvirði. Litið verður á eiginfjárgerninga á borð við forgangshluti með nægilega háum arðgreiðslum sem jákvæða þætti sem tryggi að stuðningur hins opinbera sé aðeins veittur gegn hæfilegu gjaldi. Ef slíku er ekki til að dreifa verður að huga að því að setja ákvæði um endurgreiðslu, sem geta eftir atvikum verið háð því að fjárhagur viðtakanda hafi batnað.
- 40) Svipuð sjónarmið gilda um aðrar ráðstafanir og kerfi sem miðast við að leysa vandann með aðgerðum á eignahlíð fjármálastofnananna og myndu stuðla að því að styrkja eiginfjárgrunn stofnananna. Hér er þess einkum að gæta að eignakaup eða eignaskipti af hálfu EFTA-ríkis verða að fara fram á grundvelli mats sem endurspeglar undirliggjandi áhættu, án þess þó að seljendur njóti óeðlilegrar ívildunar.
- 41) Þó að aðstoðarkerfi sé samþykkt leysir það EFTA-ríkin ekki undan þeirri skyldu að senda Eftirlitsstofnun EFTA skýrslu um beitingu kerfisins á sex mánaða fresti og einstakar áætlanir fyrir fyrirtækin, sem njóta styrkjanna, áður en sex mánuðir eru liðnir frá því að þeir voru veittir ⁽¹⁶⁾.
- 42) Rétt eins og þegar um ábyrgðakerfi er að ræða, en þó að teknu tilliti til þess eðlis eiginfjárframlaga að ekki er unnt að afturkalla þau, mun Eftirlitsstofnun EFTA haga mati sínu á slíkum áætlunum þannig að tryggt sé að samræmi sé milli heildarniðurstöðu endurfjármögnunar samkvæmt viðkomandi kerfi og heildarniðurstöðu ráðstöfunar sem framkvæmd er utan slíks kerfis í samræmi við megin sjónarmið leiðbeinandi reglna um björgun og endurskipulagningu, að teknu tilliti til þeirra sérstöku aðstæðna sem uppi eru vegna kerfislægrar kreppu á fjármálamörkuðum.
- 5 Skipuleg slit fjármálastofnana**
- 43) Stjórnvöld í EFTA-ríki kunna einnig að vilja bregðast við yfirstandandi fjármálakreppu með því að slíta á skipulegan hátt tilteknum fjármálastofnunum sem lúta lögsögu þeirra. Skipuleg félagsslit af þessu tagi, samhliða framlagi af almannafé eftir því sem við á, geta átt sér stað í einstökum tilvikum annaðhvort sem næsta skref á eftir björgunaraðstoð við einstaka fjármálastofnun, ef í ljós kemur að endurskipulagning muni ekki skila viðunandi árangri, eða sem ein samfelld aðgerð. Ákvæði um skipuleg félagsslit geta einnig verið þáttur í almennu ábyrgðakerfi, til að mynda þannig að EFTA-ríki skuldbindi sig til að slíta starfsemi þeirra fjármálastofnana sem þurfa að láta virkja ábyrgðina.

⁽¹⁴⁾ Í samræmi við megin sjónarmið leiðbeinandi reglna um björgun og endurskipulagningu.

⁽¹⁵⁾ Auk framlags, sem krafist er í upphafi, getur þurft að setja ákvæði sem heimila að frekari framlög verði ákveðin síðar.

⁽¹⁶⁾ Til hægðarauka fyrir EFTA-ríkin og Eftirlitsstofnun EFTA kemur til greina að taka tilkynningar um svipuð mál, er varða endurskipulagningu, til meðferðar í einu lagi. Þá kann stofnunin að taka þá afstöðu að ekki þurfi að leggja fram áætlun þegar um ræðir hreina upplausn félags eða þegar umfang þeirrar starfsemi, sem eftir stendur, er óverulegt.

- 44) Hér á það aftur við að um mat á kerfi af þessu tagi og á einstökum ákvörðunum um félagsslit, sem teknar eru samkvæmt slíku kerfi, fer eftir sömu reglum og lýst var hér á undan í tengslum við ábyrgðakerfi, að breyttu breytanda.
- 45) Sjónarmiðin, sem fjallað er um hér á eftir, taka mið af hinu sérstaka eðli endurfjármögnunaraðgerða.
- 46) Þegar félagi er slitið þarf að huga sérstaklega að því að draga úr freistnivanda, einkum með því að koma í veg fyrir að hluthafar, og hugsanlega tilteknir hópar kröfuhafa, hafi ávinning af aðstoð sem er veitt í tengslum við hina skipulegu slitameðferð.
- 47) Til þess að forðast óeðlilega samkeppnisröskun skal slitameðferð ekki standa lengur en nauðsynlegt er til að ljúka skipulegum félagsslitum. Meðan fjármálastofnunin, sem nýtur aðstoðar, er enn starfandi má hún ekki hefja nýjan rekstur heldur aðeins halda áfram eldri starfsemi. Leyfi til bankarekstrar skal afturkallað svo skjótt sem unnt er.
- 48) Í tengslum við þá viðleitni að hafa aðstoðarfjárhæðir eigi hærri en nauðsynlegt er, að teknu tilliti til settra markmiða, er nauðsynlegt að hafa í huga að til þess að viðhalda fjárhagslegum stöðugleika í núverandi óróa á fjármálamörkuðum getur reynst nauðsynlegt að beita aðstoðarráðstöfunum til að endurgreiða tilteknum kröfuhöfum bankans sem slitið er. Þegar ákveðið er hvaða viðmið skuli ráða því hvers konar skuldbindingar verði gerðar upp á þennan hátt, skal fara eftir sömu reglum og í tengslum við skuldbindingar sem falla undir ábyrgðakerfi.
- 49) Til þess að tryggj sé að engin aðstoð renni til þeirra sem kaupa fjármálastofnunina eða hluta hennar, eða til rekstrareininganna sem eru seldar, er mikilvægt að tiltekin skilyrði um slíka sölu séu virt. Eftirlitsstofnun EFTA hefur eftirtalin viðmið til hliðsjónar við ákvörðun á því hvort um ríkisaðstoð sé að ræða:
- Sölumeðferðin sé opin og laus við mismunun.
 - Salan fari fram á markaðskjörum.
 - Fjármálastofnunin, eða hið opinbera eftir því hvaða tilhögun hefur verið valin, sjái til þess að sem hæst verð fáiast fyrir viðkomandi eignir og skuldbindingar.
 - Hafi reynst nauðsynlegt að veita aðstoð til atvinnustarfseminnar sem er seld, verður sú aðstoð rannsökuð sérstaklega í samræmi við meginsjónarmið leiðbeinandi reglna um björgun og endurskipulagningu.
- 50) Ef niðurstaða athugunar samkvæmt þessum viðmiðum er sú að kaupendur eða seldar rekstrareiningar hafi notið aðstoðar verður að meta sérstaklega hvort sú aðstoð er í samræmi við gildandi reglur.

6 Aðrar tegundir aðstoðar til að leysa úr lausafjávanda

- 51) Jafnframt ábyrgða- eða endurfjármögnunarkerfum, sem sett eru á fót til þess að takast á við aðkallandi lausafjávanda sumra fjármálastofnana, kunna stjórnvöld í EFTA-ríkjunum að vilja styrkja lausafjárstöðu slíkra stofnana á annan hátt með framlögum af almannafé (meðal annars fjármunum í vörslu seðlabanka). Stjórnvöld eða seðlabanki í EFTA-ríki geta brugðist við bankakreppu á þann hátt að beita ekki sértækum aðgerðum í þágu einstakra banka heldur almennum aðgerðum sem geta nýst öllum sambærilegum markaðsaðilum (t.d. með lánveitingum til allra markaðsaðila á jafnræðisgrundvelli) en almennar ráðstafanir af því tagi falla iðulega utan gildissviðs reglna um ríkisaðstoð og þarf því ekki að tilkynna þær Eftirlitsstofnun EFTA. Til að mynda lítur stofnunin svo á að sú starfsemi seðlabanka sem tengist framkvæmd peningastefnu, til að mynda viðskipti á opnum markaði og fastar lánalínur, falli ekki undir ríkisaðstoðarreglurnar. Einnig er hugsanlegt að við tilteknar aðstæður verði sértækur stuðningur við einstaka fjármálastofnun ekki talinn fela í sér aðstoð. Í samræmi við ákvarðanaframkvæmd framkvæmdastjórnar EB ⁽¹⁷⁾, lítur Eftirlitsstofnun EFTA svo á að þótt fé sé látið renna frá seðlabanka til fjármálastofnunar í slíkum tilvikum komi til greina að telja slíkt ekki aðstoð, enda sé ýmsum skilyrðum fullnægt, svo sem:
- að fjármálastofnunin sé gjaldfær um það leyti sem lausafjáraðstoðin er veitt og að aðstoðin sé ekki hluti af umfangsmeiri aðstoðarráðstöfunum,
 - að aðstoðin sé að fullu tryggð með veðum sem eru metin með afslætti, að teknu tilliti til þess hversu örugg þau teljast og hvert markaðsvirði þeirra er,
 - að seðlabankinn innheimti refsivexti af stuðningsþeganum,
 - að ráðstöfunin sé gerð að frumkvæði seðlabankans sjálfs, og fyrst og fremst njóti hún engrar mótábyrgðar ríkisins.
- 52) Eftirlitsstofnun EFTA lítur svo á að við þær óvenjulegu aðstæður, sem nú eru uppi, sé hugsanlegt að kerfi, sem sett er á fót til þess að veita lausafjáraðstoð úr opinberum sjóðum (og þá einnig úr sjóðum seðlabanka) og felur í sér ríkisaðstoð, geti talist samrýmanlegt reglum um ríkisaðstoð með vísan til meginreglna leiðbeinandi reglna um björgun og endurskipulagningu. Ef tryggt er að reglulegt endurmat á slíku lausafjárkerfi fari fram á sex mánaða fresti ⁽¹⁸⁾, kemur til greina að heimila kerfið til lengri tíma en sex mánaða, eða að jafnaði allt að tveimur árum. Þennan gildistíma má lengja frekar, að fengnu samþykki Eftirlitsstofnunar EFTA, ef þess er þörf vegna kreppunnar á fjármálamörkuðum.

⁽¹⁷⁾ Sjá til að mynda mál Northern Rock (Stjtið. ESB C 43, 16.2.2008, bls. 1).

⁽¹⁸⁾ Slíkt endurmat yrði að fara fram í samræmi við meginreglurnar sem lýst er í 24. mgr. hér á undan.

7 Flýtimeðferð við rannsókn á ríkisaðstoð

- 53) Þegar reglum um ríkisaðstoð er beitt gagnvart ráðstöfunum, sem fjallað er um í þessum kafla, og að teknu tilliti til núverandi aðstæðna á fjármálamörkuðum, ber Eftirlitsstofnun EFTA að tryggja, í samstarfi við stjórnvöld í EFTA-ríkjunum, bæði að sett markmið með þeim ráðstöfunum náist og að samkeppnisröskun af þeirra völdum verði sem minnst, bæði innan einstakra EES-ríkja og milli þeirra. Til þess að auðvelda þetta samstarf og tryggja bæði stjórnvöldum í EFTA-ríkjunum og utanaðkomandi aðilum nauðsynlegt réttaröryggi að því er varðar það hvort ráðstafanir, sem gerðar hafa verið, samræmist ákvæðum EES-samningsins (en það skiptir verulegu máli um endurreisn trausts á mörkuðum) er það höfuðatriði að stjórnvöld í EFTA-ríkjunum upplýsi Eftirlitsstofnun EFTA um áform sín og tilkynni henni áætlanir um slíkar ráðstafanir svo snemma og á svo tæmandi hátt sem unnt er, og í öllum tilvikum áður en þær koma til framkvæmda. Stofnunin mun leitast af fremsta megni við að samþykkja aðstoðarráðstafanir sem fyrst eftir að tilkynningar með öllum tilskildum upplýsingum hafa borist.

II. VIÐAUKI

Endurfjármögnun fjármálastofnana ⁽¹⁾ í yfirstandandi fjármálakreppu: aðstoð takmörkuð við það sem er nauðsynlegt; varnir gegn óeðlilegri samkeppnisröskun ⁽²⁾**1 Inngangur**

- 1) Í leiðbeinandi reglum Eftirlitsstofnunar EFTA frá 29. janúar 2009, sem bera heitið *Beiting ríkisaðstoðarreglna gagnvart ráðstöfunum vegna fjármálastofnana sem gerðar eru í tengslum við yfirstandandi fjármálakreppu í heiminum* ⁽³⁾ („leiðbeinandi reglur um fjármálastofnanir“⁴) er viðurkennt að endurfjármögnunarkerfi eru meðal mikilvægustu ráðstafana sem stjórnvöld í EFTA-ríkjunum ⁽⁴⁾ geta gripið til í því skyni að viðhalda stöðugleika og eðlilegri starfsemi á fjármálamörkuðum.
- 2) Á fundi Efnahags- og fjármálaráðsins 7. október 2008 og fundi fjármálaráðherra ríkjanna á evrusvæðinu 12. október 2008 var fjallað um endurfjármögnun í svipuðum anda og dregnar eftirfarandi niðurstöður: „Stjórnvöld skuldbinda sig til að leggja fram eiginfæ þegar þess er þörf, innan eðlilegra marka, en stuðlað verður að því með öllum tiltækum ráðum að fjárframlög komi einnig frá einkaaðilum. Skylda ber fjármálastofnanir til að gangast undir frekari hömlur, einkum í því skyni að koma í veg fyrir hugsanlega misnotkun þeirra á tilhögun af þessu tagi á kostnað þeirra sem ekki njóta slíks stuðnings.“ og „Skylt er að verja lögmæta hagsmuni keppinauta, einkum með beitingu ríkisaðstoðarreglna.“
- 3) Í lok desembermánaðar 2008 hafði framkvæmdastjórn EB samþykkt endurfjármögnunarkerfi í þremur aðildarríkjum, auk endurfjármögnunar einstakra fyrirtækja, í samræmi við reglurnar sem mælt er fyrir um í hinni svonefndu bankaorðsendingu ⁽⁵⁾. Endurfjármögnun, fyrst og fremst með útgáfu almennra hluta og forgangshluta, hefur verið heimiluð með fyrirvörum, einkum þeim að arðsemiskrafa sé markaðsmiðuð, að settar séu hömlur á athafnir viðkomandi fyrirtækja og að ráðstafanir séu endurmetnar reglulega. Mikill munur er þó á eðli, umfangi og skilmálum þeirra endurfjármögnunarkerfa sem nú eru í undirbúningi, og hafa því bæði stjórnvöld í aðildarríkjunum og félög, sem hugsanlega gætu nýtt sér kerfin, óskað eftir itarlegri leiðsögn um það hvaða tegundir endurfjármögnunar geti talist viðunandi samkvæmt ríkisaðstoðarreglum. Einkum stendur þannig á í sumum ríkjum að fyrirhuguð endurfjármögnun banka hefur ekki fyrst og fremst þann tilgang að bjarga þeim heldur að tryggja eðlilegar lánveitingar til raunhagkerfisins. Þær leiðbeinandi reglur, sem hér birtast, hafa að geyma leiðsögn um ný endurfjármögnunarkerfi og hugsanlegar breytingar á gildandi endurfjármögnunarkerfum.

Sameiginleg markmið: að koma aftur á stöðugleika í fjármálakerfinu, tryggja eðlilegar lánveitingar til raunhagkerfisins og bregðast við þeirri kerfisáhættu sem fylgir hugsanlegum gjaldþrotum

- 4) Með vísan til núverandi aðstæðna á fjármálamörkuðum getur endurfjármögnun banka þjónað ýmsum tilgangi. Í fyrsta lagi stuðlar endurfjármögnun að því að koma aftur á stöðugleika í fjármálakerfinu og byggja aftur upp það traust sem er nauðsynlegt til þess að millibankalánveitingar komist aftur í eðlilegt horf. Þá veitir aukio eiginfæ svigrúm til að mæta tapi á samdráttartímum og minnkar þannig hættuna á gjaldþroti banka. Við núverandi aðstæður, sem eiga einkum rætur sínar að rekja til falls Lehman Brothers, geta bandar, sem búa í meginatriðum við traustan rekstur, þurft á nýju eiginfæ að halda til þess að bregðast við því útbreidda álitu að hækka verði eiginfjárlutföll með hliðsjón af vanmati á áhættu í fortíðinni og auknum fjármagnsgagnkostnaði.
- 5) Í öðru lagi getur endurfjármögnun haft þann tilgang að tryggja eðlilegar lánveitingar til raunhagkerfisins. Bandar, sem búa í meginatriðum við traustan rekstur, kunna að taka þann kost að takmarka útlán með það fyrir augum að forðast áhættu og viðhalda herra eiginfjárlutfalli. Eiginfjárlög hins opinbera geta komið í veg fyrir skort á lánsfæ og dregið úr því að erfðleikar á fjármálamörkuðum komi niður á öðrum fyrirtækjum.
- 6) Í þriðja lagi getur endurfjármögnun fyrir tilstuðlan hins opinbera einnig verið eðlileg viðbrögð við vanda fjármálastofnana sem standa frammi fyrir gjaldþroti af ástæðum sem rekja má til tiltekins rekstrarlíkans eða fjárfestingarstefnu. Eiginfjárlag úr opinberum sjóðum, sem notað er sem neyðaraðstoð við einstaka bankastofnun, getur einnig komið í veg fyrir kerfisáhrif af hugsanlegu gjaldþroti hennar, til skamms tíma. Til lengri tíma litid gæti endurfjármögnun nýst sem liður í því starfi að gera hlutadeigandi banka rekstrarhæfan aftur til frambúðar eða taka hann til skipulegrar slitameðferðar.

⁽¹⁾ Lesendum skal bent á að í þessu skjali eru fjármálastofnanir einfaldlega nefndar „bankar“.

⁽²⁾ Þær leiðbeinandi reglur, sem hér birtast, svara til orðsendingar framkvæmdastjórnarinnar með heitinu „Endurfjármögnun fjármálastofnana í yfirstandandi fjármálakreppu: aðstoð takmörkuð við það sem er nauðsynlegt; varnir gegn óeðlilegri samkeppnisröskun“, sem var gefin út 5. desember 2008 (C(2008) 8259 lokaútg.) og nefnist „orðsendingin um endurfjármögnun“ í því sem hér fer á eftir.

⁽³⁾ Þær leiðbeinandi reglur svara til orðsendingar framkvæmdastjórnarinnar með heitinu „Beiting ríkisaðstoðarreglna gagnvart ráðstöfunum vegna fjármálastofnana sem gerðar eru í tengslum við yfirstandandi fjármálakreppu í heiminum“ sem birtist í Stjtið. ESB C 270 hinn 25.10.2008, bls. 8.

⁽⁴⁾ Í þessum leiðbeinandi reglum nær hugtakið EFTA-ríkin yfir Noreg, Ísland og Liechtenstein.

⁽⁵⁾ Sjá ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 13. október 2008 í máli N 507/2008 *Fjárhagsráðstafanir til stuðnings bankakerfinu í Bretlandi* (Stjtið. ESB C 290, 13.11.2008, bls. 4), ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 27. október 2008 í máli N 512/2008 *Ráðstafanir til að styrkja fjármálastofnanir í Þýskalandi* (Stjtið. ESB C 293, 15.11.2008, bls. 2) og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 19. nóvember 2008 í máli N 560/2008 *Aðstoðarráðstafanir í þágu lánstofnana á Grikklandi*, ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 12. nóvember 2008 í máli N 528/2008 *Holland, Aðstoð við ING Groep N.V.*, ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 12. nóvember 2008 í máli NN 68/2008 *Stuðningur lettneska ríkisins við JSC Parex Banka*.

Hugsanleg álitamál á sviði samkeppni

- 7) Með þessi sameiginlegu markmið í huga verður við mat á endurfjármögnunarkerfi eða endurfjármögnunaraðgerð að taka tillit til hugsanlegrar samkeppnisröskunar af þrennu mismunandi tagi.
- 8) Í fyrsta lagi má endurfjármögnun stjórnvalda í EFTA-ríki á bönkum eigin lands ekki færa þeim óeðlilegt samkeppnisforskot á banka í öðrum EES-ríkjum. Ef banki getur aflað sér fjár á mun betri kjörum en keppinautar hans í öðrum EES-ríkjum, og ekki er unnt að réttlæta það með vísan til viðeigandi áhættuþátta, getur það haft veruleg áhrif á samkeppnisstöðu hans á hinum sameiginlega Evrópumarkaði í heild. Þá getur óhóflega mikil aðstoð í einu EFTA-ríki ýtt undir styrkjakeppni milli aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins og valdið erfiðleikum í efnahagslífi þeirra EES-ríkja sem hafa ekki komið upp endurfjármögnunarkerfum. Til þess að fjármálastofnanir geti áfram starfað á jafnræðisgrundvelli er nauðsynlegt að beita heilsteypum og samhæfðum aðferðum við ákvörðun á endurgjaldi sem innheimt er vegna eiginfjárframlags af almannafé, sem og öðrum skilmálum sem tengjast endurfjármögnun. Ef gripið er til einhliða og ósamhæfðra aðgerða á þessu sviði getur það einnig grafið undan tilraunum til að koma aftur á stöðugleika í fjármálakerfinu. („Sanngjörn samkeppnisskilyrði tryggð á Evrópska efnahagssvæðinu“)
- 9) Í öðru lagi geta endurfjármögnunarkerfi, sem öllum bönkum í EFTA-ríki er heimilt að nýta sér án þess að gerður sé fullnægjandi greinarmunur á þeim eftir áhættustöðu fært bönkum, sem standa höllum fæti eða skila lítilli arðsemi, óeðlilegt hagræði í samanburði við banka sem búa í meginatriðum við traustan rekstur og skila mikilli arðsemi. Þetta raskar samkeppni á markaði, gerir hvata misvísandi, eykur á freistnivanda og dregur í heild úr samkeppnishæfni banka í Evrópu. („Sanngjörn samkeppnisskilyrði tryggð milli banka“)
- 10) Í þriðja lagi má endurfjármögnun af almannafé, og þá einkum gjaldið sem tekið er fyrir hana, ekki hafa þau áhrif að spilla verulega samkeppnisstöðu þeirra banka sem ekki leita eftir fjárstuðningi hins opinbera, heldur leita aukinnar fjármögnunar á almennum markaði. Ef opinbert styrkjakerfi veldur ruðningsáhrifum gagnvart viðskiptum á almennum markaði tefur það fyrir því að eðlileg markaðsstarfsemi komist aftur á. („Tryggt að eðlileg markaðsstarfsemi komist aftur á“)
- 11) Sérhver fyrirhuguð endurfjármögnun hefur uppsöfnunaráhrif á samkeppni í öllum þessum þremur atriðum. Engu að síður er nauðsynlegt að finna jafnvægi milli þessara samkeppnisatriða og þeirra markmiða að koma aftur á stöðugleika í fjármálakerfinu, tryggja eðlilegar lánveitingar til raunhagkerfisins og bregðast við hættunni á gjaldþrotum. Annars vegar verða bankar að geta aflað sér fjármagns á nægilega góðum kjörum til þess að endurfjármögnun nái tilætluðum árangri. Á hinn bóginn eiga skilyrðin, sem sett eru fyrir endurfjármögnun í hverju tilvik, að tryggja að bankar geti starfað á jafnræðisgrundvelli, svo og að eðlileg markaðsskilyrði komist aftur á þegar til lengri tíma er litið. Afskipti hins opinbera þurfa því bæði að vera hæfilega umfangsmikil og tímabundin og þeim verður að haga þannig að bankar búi við hvata til að endurgreiða hinu opinbera um leið og markaðsaðstæður leyfa, til þess að bankastarfsemi í Evrópu verði samkeppnishæf og arðbær þegar kreppunni linnir. Heppilegasta vörmin gegn því að óeðlilegur munur skapist á eiginfjárlutfallum, og að nýtt eiginfé sé notað á óeðlilegan hátt, er að verðleggja slík eiginfjárframlög á grundvelli markaðsverðs. Þegar banki er endurfjármagnaður þurfa stjórnvöld í EFTA-ríkjunum að fullvissa sig um það í hverju tilvik, að slíkrar aðgerðar sé raunverulega þörf.
- 12) Til þess að þetta jafnvægi milli stöðugleika í fjármálakerfinu og samkeppnismarkmiða náist er afar mikilvægt að greina milli banka sem búa í meginatriðum við traustan rekstur og skila mikilli arðsemi, annars vegar, og banka sem standa höllum fæti og skila lítilli arðsemi, hins vegar.
- 13) Í mati Eftirlitsstofnunar EFTA á endurfjármögnunaraðgerðum, hvort sem um ræðir stuðningskerfi eða stuðning við einstaka banka, verður því hugað sérstaklega að áhættustöðu stuðningsþega⁽⁶⁾. Meginreglan er að bankar, sem bera meiri áhættu, skulu greiða meira. Þegar stjórnvöld í EFTA-ríkjunum koma upp endurfjármögnunarkerfum sem ýmsir mismunandi bankar geta nýtt sér er rétt að þau hugi vandlega að skilyrðum fyrir aðgangi að endurfjármögnun og hvernig farið skuli með banka eftir áhættustöðu, og láti meðferð hvers banka ráðast af því (sjá 1. viðauka). Taka þarf tillit til stöðu banka sem glíma við erfiðleika vegna þeirra óvenjulegu aðstæðna, sem nú eru uppi, en hefðu verið taldir búa við traustan rekstur í meginatriðum áður en kreppan skall á.
- 14) Auk vísa á borð við að reglur um lágmarksgjaldþol hafi verið virtar, og að væntanlegt eiginfjárlutfall verði fullnægjandi samkvæmt vottun eftirlitsfirvalda í landinu, má til að mynda ætla að þættir á borð við skuldatryggingaálag og lánshæfiseinkunn, eins og þeir voru áður en kreppan skall á, geti verið góður grundvöllur fyrir ákvörðun á gjaldinu sem innheimt er af hverjum banka. Núverandi skuldatryggingaálag getur einnig endurspeglad innbyggða áhættu sem gera má ráð fyrir að leiði til veikari samkeppnisstöðu sumra banka þegar kreppuástandinu linnir. Hvað sem því líður ætti skuldatryggingaálag, bæði eins og það var fyrir kreppuna og eins og það mælist núna, að endurspegla þá byrði sem leiðir af verðlitolum eða verðlausum eignum og/eða veikleika í rekstrarlíkani bankans vegna þátta á borð við of hátt hlutfall skammtímafjármögnunar eða óeðlilega mikla skuldsetningu.
- 15) Nauðsynlegt getur verið að fallast á, þegar fullnægjandi réttlætning er fyrir slíku, að lægri gjöld séu innheimt af bönkum sem standa höllum fæti, á þeirri forsendu, og með því skilyrði, að til langs tíma litið nýtist útgjöld hins opinbera vegna aðgerða í þágu bankanna til þeirrar endurskipulagningar sem er nauðsynleg

⁽⁶⁾ Um nánari upplýsingar sjá 1. viðauka.

til að gera þá rekstrarhæfa á ný og til að veita upp samkeppnisáhrif, sem stuðningur við þá hefur haft, með mótvægisáðgerðum. Þegar um ræðir banka, sem standa í meginatriðum vel, getur verið réttlætjanlegt að innheimta tiltölulega lág gjöld fyrir aðgang að endurfjármögnunarkerfi, og setja á samsvarandi hátt tiltölulega væg skilyrði fyrir stuðningi hins opinbera til langs tíma, enda gangist þeir undir þá skilmála að fjárframlöggin verði endurgreidd, eða þeim breytt í hlutafé, svo að tryggt sé að afskipti hins opinbera verði tímabundin og það markmið náist að byggja aftur upp stöðugleika í fjármálakerfinu og auka útlán til fyrirtækja, sem og að bankarnir misnoti ekki fjármunina til að styrkja stöðu sína almennt.

Tilmæli bankaráðs Seðlabanka Evrópu

- 16) Í tilmælum bankaráðs Seðlabanka Evrópu frá 20. nóvember 2008 var lögð til aðferð til þess að reikna út viðmiðun fyrir verð sem innheimta skyldi fyrir aðgerðir hins opinbera til endurfjármögnunar stofnana á evrusvæðinu sem búa í meginatriðum við traustan rekstur. Helstu sjónarmið, sem höfð voru til hliðsjónar við gerð þessara tilmæla, samsvara fyllilega meginreglunum sem lýst hefur verið í þessum inngangi. Í samræmi við hið sérstaka starfs- og ábyrgðarsvið sitt lagði Seðlabanki Evrópu einkum áherslu á að aðgerðir til endurfjármögnunar skildu viðhlitandi árangri með tilliti til þess að styrkja stöðugleika í fjármálakerfinu og stuðla að óheftu flæði lánsfjár til raunhagkerfisins. Jafnframt þessu var sérstaklega tekið fram að verðákvörðun yrði að byggjast á markaðssjónarmiðum og miðast við áhættustöðu bankanna sem njóta stuðnings, og að nauðsynlegt væri að bankar gætu starfað á jafnræðisgrundvelli.
- 17) EFTA-ríkin eiga að vísu ekki aðild að Seðlabanka Evrópu, en Eftirlitsstofnun EFTA telur að tilmæli hans nýtist vel sem tillaga að kerfi til að verðleggja eiginfjárframlög þannig að miðað sé við arðsemiskröfu á tilteknu bili hjá þeim bönkum í hópi stuðningsþega sem búa í meginatriðum við traustan rekstur, enda þótt áhættustaða þeirra sé með ýmsu móti. Skjalinu, sem hér birtist, er jafnframt ætlað að veita leiðsögn um önnur skilyrði en arðsemiskröfu og um skilmála sem setja þarf fyrir framlögum af almannafé til banka sem búa ekki við traustan rekstur í meginatriðum.
- 18) Við þetta bætist að þótt óraunhæft væri að miða við hina óvenjulegu markaðsvexti, sem nú eru í boði, þegar hæfilegt endurgjald fyrir eiginfjárframlag er ákveðið, lítur Eftirlitsstofnun EFTA svo á að í tengslum við endurfjármögnunaraðgerðir stjórnvalda í EFTA-ríkjunum verði að taka tillit til þess að áhætta var vanmetin á árunum áður en kreppan skall á. Að öðrum kosti gæti endurgjald vegna eiginfjárframlags hins opinbera fært stuðningsþegum óeðlilegt samkeppnisforskot og rutt á endanum til hliðar endurfjármögnun fyrir tilstuðlan einkaaðila.

2 Reglur um mismunandi tegundir endurfjármögnunar

- 19) Besta leiðin til þess að halda samkeppnisröskun í lágmarki er að miða verðákvörðun við markaðsverð (⁷). Af þessu leiðir að endurfjármögnun þarf að haga með tilliti til markaðsstöðu hverrar stofnunar um sig, meðal annars núverandi áhættustöðu og gjaldfærni, og tryggja að bankar starfi á jafnræðisgrundvelli með því að veita ekki styrki sem eru of háir með hliðsjón af þeim fjármögnunarkostum sem eru á markaði. Þá þykir rétt að láta verðlagningu skapa bankanum hvata til að endurgreiða ríkinu um leið og kreppunni lýkur.
- 20) Þessar meginreglur leiða til þess að taka verður til mats eftirtalda þætti í heildartilhögun endurfjármögnunaraðgerða: markmiðið um endurfjármögnun, hvort stuðningsþegi býr við traustan rekstur, hvaða gjald er innheimt, og loks hvaða útgönguhvatar eru fyrir hendi, einkum með það í huga að fjármögnun einkaaðila geti komið í stað fjármuna frá hinu opinbera (⁸), að tryggt sé að hið opinbera haldi hlut sínum í eiginfé banka aðeins tímabundið, að varnað sé gegn misnotkun aðstoðar og samkeppnisröskun og að endurmat eigi sér stað á áhrifum endurfjármögnunarkerfisins og stöðu stuðningsþega með reglulegum skýrslum eða áætlunum um endurskipulagningu þar sem það á við.

2.1 Endurfjármögnun á ríkjandi markaðskjörum

- 21) Ef hið opinbera leggur fram eiginfé með sambærilegum skilmálum og einkafjárfestar, enda sé framlag hinna síðarnefndu verulegt (30% eða meira), mun Eftirlitsstofnun EFTA samþykkja endurgjaldið sem kveðið er á um í samningnum (⁹). Með hliðsjón af því að ekki er að búast við mikilli samkeppnisröskun vegna viðskipta af þessu tagi, nema því aðeins að samningsskilmálarnir breyti verulega hvata einkafjárfesta til að leggja fram fé, virðist í aðalatriðum engin þörf á að setja fyrirvara um samkeppnisatriði eða mæla fyrir um útgönguhvata.

2.2 Tímabundin endurfjármögnun banka sem búa í meginatriðum við traustan rekstur, í því skyni að stuðla að stöðugleika í fjármálakerfinu og eðlilegum lánveitingum til raunhagkerfisins

- 22) Við mat á því hvaða meðferðar bankar í þessum flokki njóta mun Eftirlitsstofnun EFTA leggja mikla áherslu á muninn á bönkum sem búa í meginatriðum við traustan rekstur og öðrum bönkum, sbr. 12.–15. mgr.

(⁷) Sbr. 39. mgr. leiðbeinandi reglna um fjármálastofnanir.

(⁸) Allar tilvísanir í þessu skjali til útgönguhvata eða hvata til að endurgreiða ríkinu veitta aðstoð, ber að túlka með vísan til þess markmiðs að láta einkafjármögnun taka við af ríkisfjármögnun að því leyti sem það er nauðsynlegt og viðeigandi í tengslum við enduruppbyggingu eðlilegra markaðsskilyrða.

(⁹) Sjá til að mynda ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 27. október 2008 í máli N 512/2008 *Aðstoðarráðstafanir í þágu fjármála-stofnana í Þýskalandi*, 54. lið.

- 23) Þegar heildarfjárhæð endurgjaldsins er ákveðin verður að taka fullnægjandi mið af eftirtöldum þáttum:
- Núverandi áhættustöðu hvers stuðningsþega ⁽¹⁰⁾;
 - Séreinkennum eiginfjárgerningsins sem notast er við, meðal annars veðrétti, áhættu og allri tilhögun greiðslna ⁽¹¹⁾;
 - Innbyggðum útgönguhvötum (svo sem hækkun endurgjalds í áföngum og ákvæðum um endurgreiðslu)
 - Áhættulausum vöxtum sem telja má viðeigandi viðmiðun
- 24) *Endurgjald* vegna endurfjármögnunar á vegum hins opinbera getur ekki orðið jafnhátt og núverandi markaðsvextir (um 15%) ⁽¹²⁾ sökum þess að þeir vextir endurspeglar trúlega ekki það sem kalla mætti eðlileg markaðskjör ⁽¹³⁾. Eftirlitsstofnun EFTA er því reiðubúin að samþykkja að verð fyrir endurfjármögnun banka sem búa í meginatriðum við traustan rekstur sé lægra en sem nemur ríkjandi markaðsvöxtum til þess að greiða fyrir því að bankar nýti sér slíka eiginfjárgerninga og mynda þannig á ný forsendur fyrir stöðugleika í fjármálakerfinu og tryggja eðlilegar lánveitingar til raunhagkerfisins.
- 25) Engu að síður er æskilegt að vænt heildararðsemi hins opinbera af endurfjármögnuninni sé ekki mjög fjarri núverandi markaðsverði af eftirtöldum ástæðum: i) Forðast ber að verðleggja áhættu of lágt eins og gert var fyrir yfirstandandi kreppu. ii) Arðsemiskrafan verður að endurspeglar óvissuna um hvenær nýtt verðjafnvægi kemst á og hvert það jafnvægi verður. iii) Arðsemiskrafan verður að fela í sér útgönguhvata. iv) Draga ber, eftir því sem við verður komið, úr hættunni á samkeppnisröskun milli EES-ríkja og milli þeirra banka sem sækja sér fjármögnun á markað um þessar mundir án ríkisaðstoðar. Endurgjald, sem er þannig ekki mjög fjarri núverandi markaðsverði, er afar mikilvægt ef takast á að forðast ruðningsáhrif gagnvart endurfjármögnun á vegum einkaaðila og greiða fyrir því að eðlilegar markaðsaðstæður komist aftur á.

Viðmiðunarverð fyrir endurfjármögnun

- 26) Í „Orðsendingu um endurfjármögnun“ ⁽¹⁴⁾ lýsti framkvæmdastjórnin aðferðum sem nota mætti til að ákvarða viðmiðunarverð fyrir endurfjármögnun. Eftirlitsstofnun EFTA hyggst nota aðferðirnar, sem lýst er hér á eftir, á svipaðan hátt, að teknu tilliti til þess að EFTA-ríkin standa utan svonefnds Evrukerfis. Framkvæmdastjórnin lítur svo á að fullnægjandi aðferð til að ákvarða verð fyrir endurfjármögnun sé að finna í tilmælum Evrukerfisins frá 20. nóvember 2008. Endurgjald, sem reiknað er samkvæmt þeirri aðferð, er að áliti Evrukerfisins viðeigandi viðmiðunargrundvöllur fyrir nauðsynlega nafnarðsemiskröfu vegna endurfjármögnunar banka sem búa í meginatriðum við traustan rekstur. Hugsanlegt er að hækka það verð með hliðsjón af þörfinni á að hvetja til endurgreiðslu fjárfrelaga frá hinu opinbera ⁽¹⁵⁾. Framkvæmdastjórnin lítur svo á að hækkun af því tagi myndi einnig þjóna þeim tilgangi að verjast samkeppnisröskun.
- 27) Í samræmi við tilmæli Evrukerfisins mætti ákvarða arðsemina, sem hið opinbera þarf að gera kröfu um í tengslum við fjármögnun banka sem búa í meginatriðum við traustan rekstur – forgangshluti og aðrar blandaðar fjármögnunarleiðir – á grundvelli „verðbils“ sem afmarkast af: i) arðsemiskröfu af vijkjandi láni sem *neðri mörkum* og ii) arðsemiskröfu af almennum hlutum sem *efri mörkum*. Með þessari aðferð er verðbilibið reiknað á grundvelli mismunandi þátta sem eiga jafnframt að endurspeglar sérstakar aðstæður einstakra stofnana (eða hópa sambærilegra stofnana) og EFTA-ríkja. Framkvæmdastjórnin hefur komist að þeirri niðurstöðu að með því að beita aðferðinni á grundvelli meðaltals (beins meðaltals eða miðgildis) viðeigandi breytna (ávöxtunarkröfu af ríkisskuldabréfum, skuldatryggingaálag, áhættuálag vegna hlutafjár) fáiast verðbil sem nær frá meðalarðsemiskröfunni 7% fyrir forgangshluti, sem eru gefnir út með sambærilegum skilmálum og vijkjandi lán, til meðalarðsemiskröfunnar 9,3% fyrir almenna hluti í bönkum á evrusvæðinu. Þannig ber að líta á þessi meðaltöl sem leiðbeinandi verðbil.
- 28) Eftirlitsstofnun EFTA mun samþykkja lágmarksendurgjald sem reiknað er samkvæmt ofangreindri aðferð þegar um ræðir banka sem búa í meginatriðum við traustan rekstur. Endurgjaldið, sem innheimta ber af einstökum bönkum, ræðst af eftirtöldum breytum:
- Hværrar tegundar eiginfjárfrelagið er ⁽¹⁶⁾: því ofar sem það er í forgangsröð krafna, þeim mun neðar í verðbilinu getur lágmarksendurgjaldið verið.
 - Áhættulausum vöxtum sem telja má viðeigandi viðmiðun

⁽¹⁰⁾ Um nánari upplýsingar sjá 1. viðauka.

⁽¹¹⁾ Sem dæmi má taka að ýmsar breytur geta aukid eða minnkað virði forgangshluta og fer það eftir því hvernig þau eru skilgreind nákvæmlega; hér má nefna: hvort heimilt er að breyta hlutum í venjulega hluti eða annars konar verðbréf, hvort ákvæði eru um lágmarksarð, hvort arðgreiðsluhlutfall er fast eða breytilegt, hvort hlutirnir hafa forgang við innlausn umfram venjulega hluti, hvort hlutirnir mynda rétt til arðgreiðslna umfram arð sem er greiddur vegna venjulegra hluta, hvort ákvæði eru um söluarétt eða innlausn, hvort hlutum fylgir atkvæðisréttur. Eftirlitsstofnun EFTA hyggst nota til viðmiðunar almenna flokkun á eiginfjárgerningum í mismunandi lögákvæðnar tegundir (t.d. grunnfé/ekki grunnfé, eiginfjárféttur A eða B).

⁽¹²⁾ Hér vísast til orðsendingar framkvæmdastjórnarinnar um endurfjármögnun fjármálastofnana í yfirstandandi fjármálakreppu, 10. nmgr.

⁽¹³⁾ Þetta háa vaxtastig kann einnig að stafa af því að bankar leitist nú við að styrkja eiginfjárféttur A hlutfallslega mest og fjarlægjast þannig það rekstrarlíkan fyrir ára sem nú er talið að hafi einkennst af ófullnægjandi eiginfjárféttur A, auk þess sem framboð er hlutfallslega lítið og markaðsflókt með mesta móti.

⁽¹⁴⁾ Sjá 2. neðanmálsgrein, 26. mgr. og áfram.

⁽¹⁵⁾ Sjá 5.–7. lið tilmæla bankaráðs Seðlabanka Evrópu um endurgjald vegna endurfjármögnunar frá 20. nóvember 2008.

⁽¹⁶⁾ Til að mynda almennir hlutir, fé til að efla eiginfjárféttur A, annað en grunnfé, eða fé til að efla eiginfjárféttur B.

- c) Áhættustöðu vegna innlendra skuldbindinga allra einstakra styrkhæfra fjármálastofnana (þ.e. bæði þeirra sem búa við traustan rekstur og þeirra sem standa höllum fæti).
- 29) Stjórnvöld í EFTA-ríkjunum geta notast við verðútreikning sem byggist á viðbótarákvæðum um hækkun endurgjalds í áföngum eða endurgreiðslur. Huga ber að heppilegri útfærslu slíkra ákvæða þannig að þau geti orðið til þess að stuðningi ríkisins við eiginfjárstöðu banka ljúki sem fyrst, en leiði þó ekki til óhóflęgrar aukningar á fjármagnskostnaði.
- 30) Eftirlitsstofnun EFTA mun einnig samþykkja aðrar aðferðir við ákvörðun endurgjaldsins, að því tilskildu að þær leiði til endurgjalds sem er hærra en samkvæmt ofangreindri aðferð.

Hvatar til að endurgreiða eiginfjárframlag ríkisins

- 31) Ráðstafanir á sviði endurfjármögnunar verða að fela í sér viðeigandi hvata til að endurgreiða eiginfjárframlag ríkisins um leið og markaðsaðstæður gera það kleift ⁽¹⁷⁾. Einfaldasta aðferðin til að hvetja banka til að leita annarra fjármögnunarleiða er að stjórnvöld í EFTA-ríkjunum krefjist nægilega háa endurgjalds fyrir endurfjármögnun með almannaþé. Þess vegna telur Eftirlitsstofnun EFTA gagnlegt að álag komi að jafnaði ofan á viðmiðunarverðið sem ákveðið hefur verið ⁽¹⁸⁾ í því skyni að hvetja til útgöngu úr kerfinu. Ef verðið er byggt upp á þann hátt að það hækki með tímanum og í tilteknum áföngum styrkir það hvers kyns tilhögun sem miðast við að hvetja til útgöngu úr kerfinu.
- 32) Ef stjórnvöld í EFTA-riki kjósa að hækka ekki nafnfjárhæð endurgjaldsins geta þau þess í stað hækkað heildarfjárhæð þess með kaupréttarákvæðum eða öðrum endurgreiðsluákvæðum, ellegar með aðferðum sem stuðla að því að leitað sé til einkaaðila um fjármögnun.
- 33) Stjórnvöld í EFTA-ríkjunum geta einnig beitt takmörkunum á útgreiðslu arðs til þess að tryggja að afskipti ríkisins verði tímabundin. Takmarkanir á útgreiðslu arðs væru í samræmi við það markmið að standa vörð um lánveitingar til raunhagkerfisins og styrkja eiginfjárgrunn þeirra banka sem njóta stuðnings. Jafnframt er mikilvægt að heimila arðgreiðslur ef þannig stendur á að þær geti hvatt einkafjárfesta til að leggja bönkum, sem búa í meginatriðum við traustan rekstur, til nýtt fé ⁽¹⁹⁾.
- 34) Eftirlitsstofnun EFTA mun taka áformuð útgönguákvæði til athugunar í hverju tilviki sérstaklega. Almennt á við að því umfangsmeiri sem endurfjármögnunin er og því meiri áhættu sem viðkomandi banki ber þeim mun meira aðkallandi er að útgönguákvæðin séu skýr. Áhrif þess hvað endurgjaldið er hátt og hverrar gerðar það er, og áhrif takmarkana á útgreiðslu arðs, eftir því sem við á, verða samanlagt að fela í sér nægilega öfluga útgönguhvata fyrir bankana sem njóta fjármögnunar. Áréttað skal sérstaklega það álit Eftirlitsstofnunar EFTA að takmarkanir á útgreiðslu arðs séu óþarfar ef verðið er ákveðið nógu hátt til að það endurspegli nægilega vel áhættustöðu bankanna, ef hækkun endurgjaldsins í áföngum og önnur sambærileg ákvæði fela í sér fullnægjandi útgönguhvata og ef hámark er sett á endurfjármögnunina.

Komið í veg fyrir óeðlilega samkeppnisröskun

- 35) Í 35. gr. leiðbeinandi reglna um fjármálastofnanir er tekið sérstaklega fram að í endurfjármögnunarkerfum þurfi að huga að vörnum gegn hugsanlegri misnotkun og óeðlilegri samkeppnisröskun. Í 38. mgr. leiðbeinandi reglna um fjármálastofnanir er kveðið á um að eiginfjárframlög verði að takmarkast við það sem er nauðsynlegt og megi ekki gera stuðningsþega kleift að beita óvægnum aðferðum í viðskiptum, enda væri slíkt ósamrýmanlegt helstu markmiðum að baki endurfjármögnuninni ⁽²⁰⁾.
- 36) Í meginatriðum gildir að því hærra sem endurgjaldið er þeim mun minni þörf er á hömlum, þar eð verðið nægir þá eitt og sér til að takmarka samkeppnisröskun. Bönkum, sem njóta endurfjármögnunar af almannaþé, ber einnig að halda sig frá því að auglýsa þá staðreynd í ábataskyni.
- 37) Nauðsynlegt getur verið að koma upp vörnum gegn því að bankar nýti sér ríkisaðstoðina til óvæginnar útvíkkunar á starfsemi. Samruni og yfirtaka fyrirtækja er að öðru jöfnu mikilvægur þáttur í því að efla bankageirann með það fyrir augum að koma aftur á stöðugleika á fjármálamörkuðum og tryggja óheft flæði lánsfjár til raunhagkerfisins. Til þess að stofnunum, sem njóta stuðnings af almannaþé, sé ekki ívilnað á kostnað keppinauta sem fá ekki slíkan stuðning skal samruni og yfirtaka fyrirtækja að jafnaði fara fram að loknu samkeppnisútbóði.

⁽¹⁷⁾ Að teknu tilliti til þess hværrar tegundar endurfjármögnunargeringurinn er og hvernig eftirlitsyrivöld flokka hann.

⁽¹⁸⁾ Þetta er einkar mikilvægt vegna þess að niðurstaða aðferðarinnar, sem hér hefur verið lýst, getur ráðist að hluta af því að áhætta var verðlögð of lágt fyrir kreppuna.

⁽¹⁹⁾ Með vísan til þessara sjónarmiða er til að mynda hugsanlegt að takmarka útgreiðslu arðs við tiltekin tímabil eða við tiltekinn hundradshluta bókfærðs hagnaðar, eða tengja hana við nýtt eiginfjárframlag (t.d. þannig að arðgreiðslan fari fram sem útgáfa nýrra hluta). Ef líkur standa til þess að endurgreiðslur á fjárframlögum ríkisins muni eiga sér stað í nokkrum áföngum mætti einnig fara þá leið að aflétta takmörkunum á arðgreiðslum smám saman eftir því sem endurgreiðslurnar berast.

⁽²⁰⁾ Með vísan til þess markmiðs að tryggja eðlilegar lánveitingar til raunhagkerfisins er ekki nauðsynlegt að setja vexti efnahagsreiknings neinar hömlur þegar um ræðir endurfjármögnunarkerfi í þágu banka sem búa í meginatriðum við traustan rekstur. Hið sama ætti í aðalatriðum einnig að gilda um ábyrgðakerfi, nema því aðeins að veruleg hætta sé á röskun fjármagnsflæðis milli aðildarríkja EES-samningsins.

- 38) Hversu miklar hömlur verða settar á athafnir hvers félags ræðst af meðalhófsmati þar sem tekið verður tillit til allra þeirra þátta sem máli skipta, og þó einkum áhættustöðu bankans sem nýtur aðstoðarinnar. Ef bankar bera mjög litla áhættu getur verið nægilegt að setja litlar hömlur á athafnir þeirra, en þörfin á slíkum hömlum eykst með áhættunni. Þá ræðst meðalhófsmatið einnig af hlutfallslegri stærð eiginfjárframlags ríkisins og eiginfjárlutfallinu sem næst með því.
- 39) Þegar stjórnvöld í EFTA-ríkjunum nota endurfjármögnun í þeim tilgangi að útvega raunhagkerfinu fjármagn verða þau að sjá til þess að aðstoðin stuðli í reynd að þessu markmiði. Í því tilliti er rétt að þau bindi endurfjármögnunina virkum og framfylgjanlegum skilyrðum á landsvísi, í samræmi við löggjöf landsins, þannig að tryggt sé að eiginfjárframlagið nýtist til að halda uppi lánveitingum til raunhagkerfisins.

Endurmat

- 40) Auk þess, sem hér hefur verið talið, ber samkvæmt leiðbeinandi reglum um fjármálastofnanir ⁽²¹⁾ að taka ráðstafanir á sviði endurfjármögnunar til reglulegs endurmats. Sex mánuðum eftir að slíkar ráðstafanir komast til framkvæmda eiga EFTA-ríkin að senda Eftirlitsstofnun EFTA skýrslu um hvernig til hefur tekist. Í skýrslunni þurfa að koma fram ítarlegar upplýsingar um:
- bankana sem hafa verið endurfjármagnaðir, meðal annars þau atriði sem fjallað er um í 12.–15. mgr. og 1. viðauka, ásamt mati á rekstrarlíkani bankanna með það fyrir augum að áætla áhættustöðu þeirra og rekstrarhæfi í framtíðinni,
 - hversu miklar fjárhæðir hafa runnið til bankanna og með hvaða skilmálum endurfjármögnunin átti sér stað,
 - hvernig fjármunirnir hafa verið notaðir, meðal annars með hliðsjón af i) viðvarandi útlánnum til raunhagkerfisins, ii) ytri vexti og iii) arðgreiðslustefnu bankanna sem þegið hafa aðstoð,
 - hvort skuldbindingar EFTA-ríkjana hafa verið virtar að því er varðar útgönguhvata og önnur skilyrði og fyrirvara, svo og
 - hvaða leiðir fyrirhugað er að fara til að losa bankana undan því að treysta á opinber fjárframlög ⁽²²⁾.
- 41) Endurmat Eftirlitsstofnunar EFTA verður meðal annars fólgið í því að athuga hvort nauðsynlegt sé að viðhalda hömlum á athöfnum viðkomandi banka. Með hliðsjón af þróun markaðsskilyrða kann stofnunin einnig að óska eftir endurskoðun á vörnum sem komið hefur verið upp í tengslum við ráðstafanirnar, til þess að tryggja að aðstoð takmarkist við lægstu fjárhæð og stysta gildistíma sem unnt er að komast af með til þess að standast kreppuna sem nú stendur yfir.
- 42) Eftirlitsstofnun EFTA minnir á að ef banki, sem í fyrstu var talinn búa við traustan rekstur í meginatriðum, lendir í vanda eftir að endurfjármögnun hefur farið fram verður að tilkynna áætlun um endurskipulagningu þess banka.

2.3 Endurfjármögnun annarra banka í björgunarskygni

- 43) Um endurfjármögnun banka, sem búa ekki við traustan rekstur í meginatriðum, skal fara samkvæmt strangari kröfum.
- 44) Að því er varðar endurgjaldið, sbr. ofangreint, á það fyrst og fremst að endurspegla áhættustöðu stuðningsþegans og vera herra en það sem innheimt er af bönkum sem búa í meginatriðum við traustan rekstur ⁽²³⁾. Gerður er fyrirvari um flýtiaðgerðir eftirlitsyfirvalda ef slíkt reynist nauðsynlegt í tengslum við endurskipulagningu. Nú er ekki unnt að innheimta verð sem svarar til áhættustöðu bankans og verður það þá engu að síður að vera nálægt því verði sem sambærilegur banki væri krafinn um við eðlilegar aðstæður á markaði. Þrátt fyrir þá nauðsyn að viðhalda stöðugleika í fjármálakerfinu er því aðeins unnt að fallast á notkun opinbers fjár til stuðnings slíkum banka að hann sé annaðhvort tekinn til slitameðferðar eða endurskipulagður í mjög veigamiklum atriðum, meðal annars með því að skipta um stjórn og stjórnendur þegar það á við. Af þessum sökum ber að leggja fram annaðhvort ítarlega áætlun um endurskipulagningu eða áætlun um slit banka af þessu tagi áður en sex mánuðir eru liðnir frá endurfjármögnuninni. Eins og tekið er fram í leiðbeinandi reglum um fjármálastofnanir verða þessar áætlanir metnar í samræmi við meginsjónarmið leiðbeinandi reglna um björgun og endurskipulagningu í illa stöddum fyrirtækjum, og hver áætlun verður að fela í sér ákvæði um mótvægisáðgerðir.
- 45) Allt þar til fjárframlög hins opinbera hafa verið endurgreidd skulu eftirtalin skilyrði gilda um hegðun banka sem standa höllum fæti og hafa gengist undir björgunar- og endurskipulagningaraðgerðir: takmarkanir á útgreiðslu arðs (meðal annars bann við arðgreiðslum að minnsta kosti meðan endurskipulagning stendur yfir), hömlur á launagreiðslum til stjórnenda svo og kaupaukagreiðslum, skyldu til að hækka eiginfjárlutfall upp að tilteknu marki, sem er samrýmanlegt því markmiði að koma aftur á stöðugleika í fjármálakerfinu, og halda því þar og áætlun um hvenær eiginfjárframlag hins opinbera verði endurgreitt.

⁽²¹⁾ Sbr. 34.–42. mgr. leiðbeinandi reglna um fjármálastofnanir. Samkvæmt ákvæðum leiðbeinandi reglna um fjármálastofnanir er ekki nauðsynlegt að tilkynna einstakar ákvarðanir um endurfjármögnun sem teknar eru í samræmi við endurfjármögnunarkerfi heldur verða slíkar ráðstafanir teknar til mats hjá Eftirlitsstofnun EFTA í tengslum við endurmat á kerfinu og skil á áætlun um hvernig viðkomandi stofnun skuli gerð rekstrarhæf á ný.

⁽²²⁾ Með vísan til séreinkenna endurfjármögnunargermingsins.

⁽²³⁾ Sjá ákvæði 28. mgr. um vikkað verðbil, en af þeim leiðir að bankar, sem standa höllum fæti, eiga að greiða herra endurgjald.

2.4 Lokaákvæði

- 46) Loks tekur Eftirlitsstofnun EFTA tillit til þeirrar hugsanlegu leiðar að heimila öllum bönkum í tilteknu EFTA-ríki, eða mjög mörgum þeirra, þátttöku í aðgerðum á sviði endurfjármögnunar, og þá einnig án þess að mikill greinarmunur sé gerður á þeim eftir áhættustöðu, þegar markmiðið er að ná hæfilegri heildararðsemi til lengri tíma lítið. Í sumum EFTA-ríkjanna kann að þykja heppilegra að nota einfaldari aðferðir en hér hefur verið lýst, til að mynda af ástæðum sem varða hagræði í stjórnsýslu. Þó að stjórnvöld í EFTA-ríkjunum geti ávallt byggt ákvarðanir um verð á þeim aðferðum sem hér hefur verið lýst mun stofnunin einnig samþykkja verðlagningar aðferðir sem leiða til nægilega hárrar væntrar heildararðsemi á ársgrundvelli, af öllum bönkum sem taka þátt í viðkomandi kerfi, þegar lítið er til fjölbreytileika bankanna og þeirrar nauðsynjar að skapa þeim útgönguhvata. Sú arðsemi þarf að jafnaði að vera hærri en efri mörkin sem um getur í 27. mgr. að því er varðar eiginfjárgerninga sem falla undir eiginfjárþátt A⁽²⁴⁾. Slíkar breytingar geta falist í lægra viðmiðunarverði og hæfilegum þrepahækkunum svo og öðrum aðgreinandi þáttum og hömlum í samræmi við það sem lýst hefur verið hér á undan⁽²⁵⁾.

⁽²⁴⁾ Framkvæmdastjórnin hefur enn sem komið er samþykkt endurfjármögnunaraðgerðir sem miðast við að minnsta kosti 10% vænta heildararðsemi á ársgrundvelli af eiginfjárgerningum sem falla undir eiginfjárþátt A hjá öllum bönkum sem eiga aðild að viðkomandi kerfi. Að því er varðar EES-ríki, þar sem áhættulausir vextir víkja mjög frá meðaltali slíkra vaxta á evrusvæðinu, er hugsanlegt að breyta þurfi þessu hlutfalli til samræmis við þá vexti. Einnig verður nauðsynlegt að gera breytingar í samræmi við þróun áhættulausra vaxta.

⁽²⁵⁾ Sem dæmi um að lágt viðmiðunarverð sé notað samhliða slíkum aðgreinandi þáttum sjá ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 12. nóvember 2008 í máli N 528/2008 Holland, *Aðstoð við ING Groep N.V.*, en þar er endurgjald vegna eiginfjárgernings sérstakrar tegundar, sem er talinn til grunnfjár í eiginfjárþætti A, ákveðið með því að tengja saman fasta vaxtagreiðslu (8,5%) og hlutfallslega mjög háar og vaxandi vaxtagreiðslur ásamt hugsanlegri aukagreiðslu, þannig að vænt arðsemi á ársgrundvelli verður meiri en 10%.

1. VIÐAUKI

Verðlagning eiginfjárframlaga

Hlutfé (almennir hlutir) er algengasta form grunnfjár í eiginfjárþætti A. Endurgjald af almennum hlutum er fólgið í óvissum arðgreiðslum í framtíð og hækkun á verði hlutanna (hagnaður eða tap af fjármagni), en hvortveggja er á endanum háð væntingum um sjóðstreymi og hagnað í framtíð. Eins og staða mála er nú er enn erfiðara að segja fyrir um sjóðstreymi í framtíð en við venjulegar aðstæður. Beinast liggur því við að miða við skráð markaðsverð almennra hluta. Þegar um ræðir banka, sem eru ekki skráðir í kauphöll, er ekkert markaðsverð skráð og er þá nauðsynlegt að stjórnvöld í EFTA-ríkjunum noti viðeigandi markaðsnálgun, til að mynda heildarverðmat á viðkomandi banka.

Ef veittur er stuðningur til útgáfu almennra hluta (sölutrygging) leysir EFTA-rikið, sem veitir sölutrygginguna, til sín alla þá hluti, sem eigendur eldri hluta eða nýir fjárfestar hafa ekki keypt, á lægsta hugsanlega verði þegar borið er saman við verð hlutanna næst áður en tilkynnt var um opið kauptilboð. Viðkomandi stofnun skal einnig gert að greiða hæfilega háa þóknun fyrir sölutrygginguna⁽²⁶⁾. Eftirlitsstofnun EFTA mun taka tillit til þess hvaða áhrif ríkisaðstoð, sem stuðningsþeginn hefur áður notið, kann að hafa á verð hlutabréfa hans.

Vísar sem notaðir verða við mat á áhættustöðu banka

Þegar áhættustaða banka er metin í þeim tilgangi að ganga úr skugga um að tiltekin endurfjármögnunaraðgerð samrýmist ríkisaðstoðarreglum mun Eftirlitsstofnun EFTA taka tillit til stöðu bankans, einkum með hliðsjón af eftirtöldum vísam:

- a) Lágmarksgjaldþol: Eftirlitsstofnun EFTA mun telja til jákvæðra þátta upplýsingar um gjaldþol bankans og væntanlega eiginfjárstöðu hans samkvæmt endurskoðun eftirlitsyfirvalda í viðkomandi landi. Endurskoðun af því tagi þarf að taka til hvers kyns áhættu bankans (svo sem útlánaáhættu, lausafjáraáhættu, markaðsáhættu, vaxtaáhættu og gengisáhættu), gæða eignasafns bankans (á innanlandsmarkaði og í samanburði við tiltæka alþjóðastaðla), þess hversu vænlegt rekstrarlíkan hans er til langs tíma lítið og annarra atriða sem máli geta skipt.
- b) Umfang endurfjármögnunarinnar: Frá sjónarhóli Eftirlitsstofnunar EFTA er æskilegt að umfang endurfjármögnunarinnar sé takmarkað, til að mynda þannig að hún nemi ekki hærra hlutfalli af áhættuvegnum eignum bankans en 2%.
- c) Núverandi skuldatryggingaálag: Ef álag er jafnhátt meðaltalinu eða lægra, mun Eftirlitsstofnun EFTA líta á það sem vísi um hagstæða áhættustöðu.
- d) Núverandi lánshæfiseinkunn og horfur fyrir hana: Ef lánshæfiseinkunn er A eða hærrí og einkennist af stöðugum eða jákvæðum horfum mun Eftirlitsstofnun EFTA líta það sem vísi um hagstæða áhættustöðu.

Við mat á þessum vísam þarf að taka tillit til stöðu banka sem glíma við erfiðleika vegna þeirra óvenjulegu aðstæðna sem nú eru uppi, en hefðu verið taldir búa í meginatriðum við traustan rekstur áður en kreppan skall á, til að mynda með vísan til þróunar markaðsvísa á borð við skuldatryggingaálag og hlutabréfaverð.

⁽²⁶⁾ Dæmi um þetta eru ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 13. október 2008 í máli N 507/2008 Ráðstafanir til að styrkja fjárhag bankastofnana í Bretlandi, sjá 11. mgr., ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 27. október 2008 í máli N 512/2008 Ráðstafanir til að styrkja fjármálastofnanir í Þýskalandi, sjá 12. mgr.,

1. tafla: Flokkar eiginfjár

Skuldir	Eiginfjárbáttur B
	Skuldagerningar með föstum gjalddaga
	Víkjandi skuldagerningar án fasts gjalddaga
Meiri arðsemi krafist	Forgangshlutir með uppsafnanlegum rétti og aðrir sambærilegir eiginfjárgerningar
↓	Eiginfjárbáttur A
Meiri hætta á tapi	Forgangshlutir sem njóta ekki uppsafnanlegs réttar og aðrir sambærilegir eiginfjárgerningar
	Aðrir áhættulitlir blandgerningar
Hlutfé	Varasjóðir/óráðstafaður hagnaður
	Almennir hlutir

III. VIÐAUKI

Tímabundnar reglur um ráðstafanir á sviði ríkisaðstoðar sem miðast að því að auðvelda fjármögnun í yfirstandandi fjármála- og efnahagskreppu**1 Fjármálakreppan, áhrif hennar á raunhagkerfið og þörfin á tímabundnum ráðstöfunum****1.1 Fjármálakreppan og áhrif hennar á raunhagkerfið**

- 1) Hinn 26. nóvember 2008 gaf framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna („framkvæmdastjórnin“ í því sem hér fer á eftir) út orðsendingu með yfirskriftinni „Efnahagsleg endurreisnaráætlun fyrir Evrópuríki“ („endurreisnaráætlunina“) með það fyrir augum að stuðla að endurreisn efnahagslífsins í Evrópu eftir yfirstandandi fjármálakreppu ⁽¹⁾. Endurreisnaráætlunin hvílir á tveimur stoðum sem styrkja hvor aðra. Önnur er fölginn í skammtímaráðstöfunum til að auka eftirspurn, viðhalda atvinnu og efla traust á ný, og hin er kennd við „snjallrar fjárfestingar“ og miðast að því að auka hagvöxt og stuðla að sjálfbærri velferð til lengri tíma lítið. Endurreisnaráætlunin mun ýta undir og flýta endurbótum sem þegar er unnið að samkvæmt Lissabonáætluninni.
- 2) Í þessu tilliti er mikilvægasta úrlausnarefnið að sneiða hjá opinberum afskiptum sem gætu grafið undan markmiðinu um minni og markvissari ríkisaðstoð. Við tilteknar aðstæður er engu að síður þörf á að veita nýja ríkisaðstoð tímabundið.
- 3) Eftirlitsstofnun EFTA telur að koma þurfi upp nýjum stjórnþækjum til þess að ríkisaðstoðarreglurnar nýtist til að ná fram hámarkssveigjanleika í baráttunni við kreppuna jafnframt því að tryggja að fjármálastofnanir starfi á jafnræðisgrundvelli og forðast óeðlilega samkeppnisröskun. Í þeim leiðbeinandi reglum, sem hér birtast, er gerð grein fyrir nokkrum nýjum leiðum sem stjórnvöldum í EFTA-rikkjunum er heimilt að fara tímabundið þegar ríkisaðstoð er veitt.
- 4) Í fyrsta lagi hefur fjármálakreppan þrengt mjög að bankastarfsemi á Evrópska efnahagssvæðinu og á Íslandi hafa áhrif hennar orðið meiri en dæmi voru um áður. Ráð Evrópubandalaganna hefur lagt áherslu á að þótt láta verði stjórnvöldum í hverju landi eftir ákvarðanir um opinber afskipti sé nauðsynlegt að um slík afskipti fari eftir samhæfðum reglum og á grundvelli sameiginlegra sjónarmiða sem EB-ríkin hafa komið sér saman um ⁽²⁾. Framkvæmdastjórnin brást tafarlaust við þessu með ýmsum ráðstöfunum, meðal annars útgáfu orðsendingarinnar um beitingu ríkisaðstoðarreglna gagnvart ráðstöfunum vegna fjármálastofnana sem gerðar eru í tengslum við yfirstandandi fjármálakreppu í heiminum ⁽³⁾ og nokkrum ákvörðunum um heimild til að veita fjármálastofnunum björgunaraðstoð. Eftirlitsstofnun EFTA hefur samþykkt samsvarandi ráðstafanir ⁽⁴⁾.
- 5) Fullnægjandi aðgangur að lánsfé á viðunandi kjörum er nauðsynleg forsenda fjárfestinga, vaxtar og atvinnusköpunar í einkafyrirtækjum. Stjórnvöld í EFTA-rikkjunum verða að nota þann áhrifamátt, sem þau hafa öðlast með því að veita bankastofnunum verulegan fjárhagsstuðning, til þess að tryggja að sá stuðningur verði ekki aðeins til þess að bæta fjárhag banka heldur gagnist hann efnahagslífinu í heild. Stuðningur við fjármálafyrirtæki verður því að vera nægilega markviss til þess að öruggt sé að útlánastarfsemi banka komist aftur í eðlilegt horf. Eftirlitsstofnun EFTA mun taka mið af þessu við endurmat á ríkisaðstoð sem runnið hefur til banka.
- 6) Þó að ástandið á fjármálamörkuðum virðist fara batnandi eru áhrif fjármálakreppunnar að koma fram að fullu um þessar mundir. Samdrátturinn, sem er mjög tilfinnanlegur, nær til efnahagslífsins í heild og bitnar á heimilum, fyrirtækjum og atvinnutækifærum. Kreppan á fjármálamörkuðum hefur einkum haft þau áhrif að bankar hafa dregið úr skuldsetningu sinni og gerst miklu áhættufælnari en á undanförmum árum, með þeim afleiðingum að lánsfé er nú af skornum skammti. Þessi fjármálakreppa gæti leitt til lánsfjárskömmunar, minnkandi eftirspurnar og efnahagssamdráttar.
- 7) Erfiðleikar af því tagi gætu sagt til sín ekki aðeins hjá fyrirtækjum sem eru veik fyrir og hafa ekkert greiðsluþolssvigrúm, heldur einnig hjá öflugum fyrirtækjum sem standa skyndilega frammi fyrir því að lánsfé er af skornum skammti eða ófáanlegt. Þetta yrði þá einkum raunin hjá litlum og meðalstórum fyrirtækjum, enda eiga þau í öllum tilvikum erfðara með að afla sér lánsfjár en stórfyrirtæki. Ekki einungis gæti þessi staða haft alvarleg áhrif á efnahag margra öflugra fyrirtækja og starfsmanna þeirra til skamms og meðallangs tíma lítið, heldur einnig haft óæskileg áhrif af varanlegri tagi með því að tefja eða jafnvel koma í veg fyrir hvers kyns fjárfestingar á Evrópska efnahagssvæðinu í framtíðinni – og er þá sérstaklega að nefna þær sem stuðla að sjálfbærum vexti og öðrum markmiðum Lissabonáætlunarinnar.

⁽¹⁾ Orðsending framkvæmdastjórnarinnar til ráðs Evrópubandalaganna, COM(2008) 800.

⁽²⁾ Niðurstöður fundar Efnahags- og fjármálaráðsins frá 7. október 2008.

⁽³⁾ Stjtið. ESB C 270, 25.10.2008, bls. 8.

⁽⁴⁾ Sjá leiðbeinandi reglur um ríkisaðstoð, kaflana um beitingu ríkisaðstoðarreglna gagnvart ráðstöfunum vegna fjármálastofnana sem gerðar eru í tengslum við yfirstandandi fjármálakreppu í heiminum og um endurfjármögnun fjármálastofnana í yfirstandandi fjármálakreppu: aðstoð takmörkuð við það sem er nauðsynlegt; varnir gegn óeðlilegri samkeppnisröskun, sem samþykktir voru 29. janúar 2009.

1.2 Þörfin á náinni samhæfingu aðstoðar milli EES-rikkanna

- 8) Núverandi staða fjármála gæti freistað stjórnvalda í EFTA-rikkjunum til einhliða aðgerða, og þá einkum styrkjakeppni til stuðnings eigin fyrirtækjum. Reynsla liðinna ára sýnir að aðgerðir einstakra ríkja af því tagi skila ekki árangri og hætta er á að þær skaði innra markaðinn. Þegar aðstoð er veitt, að teknu fullu tilliti til þeirra sérstöku aðstæðna sem ríkja í efnahagslífinu, skiptir öllu máli að tryggja að fyrirtæki í EES-rikkjunum geti starfað á jafnræðisgrundvelli og forðast að EFTA-rikin hefji styrkjakeppni sem ógerlegt væri að halda til streitu og yrði skaðleg fyrir Evrópska efnahagssvæðið í heild. Samkeppnisstefna hefur einmitt þetta hlutverk.

1.3 Þörfin á tímabundnum ráðstöfunum á sviði ríkisaðstoðar

- 9) Markmiðin með þeim tímabundnu viðbótarráðstöfunum, sem mælt er fyrir um í þessum leiðbeinandi reglum, eru tvö: Hið fyrra er, með vísan til þess óvenjulega og skammvarandi fjármögnunarvanda sem tengist bankakreppunni, að koma aftur af stað lánveitingum banka til fyrirtækja og tryggja þannig að þau geti áfram aflað sér fjármögnunar. Í þessu tilliti er þess að geta að lítil og meðalstór fyrirtæki eru einkar mikilvæg efnahagslífi EES-rikkanna í heild og ef fjárhagsstaða þeirra batnar hefur það einnig æskileg áhrif á stórfyrirtæki og stuðlar á þann hátt að almennum hagvexti og breytingum til nútímahorfs til langs tíma lítið.
- 10) Síðara markmiðið er að hvetja fyrirtæki til áframhaldandi fjárfestinga í framtíðinni, einkum í þeim þáttum efnahagslífsins sem stuðla að sjálfbærum vexti. Raunar er það svo að verði yfirstandandi kreppa til þess að stöðva þær framfarir sem orðið hafa á sviði umhverfismála og eru umtalsverðar, eða jafnvel snúa þeim við, eru hugsanlegar afleiðingar þess mjög alvarlegar. Af þessum sökum er nauðsynlegt að veita tímabundinn stuðning fyrirtækjum sem fjárfesta í verkefnum er lúta að umhverfisvernd (og gætu, meðal annars, fært fyrirtækjum í EES-rikkjunum tæknilegt forskot), og sameina þannig brýnan og óhjákvæmilegan fjárstuðning langtímaávinningi fyrir Evrópska efnahagssvæðið.
- 11) Í þessum leiðbeinandi reglum er fyrst rífað upp hversu margvíslegar leiðir EFTA-rikin geta þegar farið samkvæmt gildandi ríkisaðstoðarreglum til að veita stuðning af almannaþé, og síðan er gerð grein fyrir viðbótarráðstöfunum á sviði ríkisaðstoðar sem stjórnvöld í EFTA-rikkjunum geta notað tímabundið til að ráða bót á þeim erfiðleikum við fjármögnun sem sum fyrirtæki glíma nú við og til að ýta undir fjárfestingar sem hafa umhverfisvernd að markmiði.
- 12) Eftirlitsstofnun EFTA lítur svo á að þær aðferðir til að veita ríkisaðstoð, sem hér eru lagðar til, séu þær sem vænlegast eru til að vinna að þessum markmiðum.

2 Almennar hagstjórnaraðgerðir

- 13) Endurreisnaráætlunin var tekin upp í því skyni að bregðast við núverandi efnahagsaðstæðum. Sökum þess hversu djúp kreppan er verða EB-rikin að bregðast við henni með samhæfðum aðgerðum sem ganga nógu langt og einkennast af nægilegri dirfsku til að vinna aftur traust neytenda og fyrirtækja. Hið sama á við um endurreisn í EFTA-rikkjunum.
- 14) Stefnumið endurreisnaráætlunarinnar eru þessi:
- Að ná fram skjótri aukningu eftirspurnar og byggja upp traust neytenda.
 - Að draga úr afleiðingum efnahagsamdráttarins fyrir starfandi fólk og áhrifum hans á þá sem eiga undir högg að sækja. Margir launþegar og aðstandendur þeirra hafa fundið eða munu finna fyrir kreppunni. Ýmislegt má gera til þess að vinna gegn fækkun starfa og hjálpa launafólki síðan sem fyrst aftur út á vinnumarkaðinn til þess að komast hjá langtímaatvinnuleysi.
 - Að auðvelda Evrópuríkkjunum undirbúning að því að nýta færi sem myndast þegar hagkerfið fer að vaxa á ný, þannig að evrópskt efnahagslíf geti brugðist við kröfum um samkeppnishæfni og sjálfbærni og þörfum framtíðarinnar, eins og útlistað er í Lissabonáætluninni. Þetta merkir að styðja þarf við nýsköpunarstarf, byggja upp þekkingarsamfélag og hraða umskiptum yfir í efnahagslíf með litilli kolefnislosun og skilvirkri auðlindanýtingu.
- 15) Til þess að vinna að þessum markmiðum geta stjórnvöld í EFTA-rikkjunum nýtt sér ýmis stjórnartæki sem ekki er lítið á sem ríkisaðstoð. Sum fyrirtæki kunna til dæmis að glíma við enn meiri erfiðleika við að afla lánsfjár en önnur, og getur það valdið töfum á eða stefnt jafnvel í hættu þeirri fjármögnun sem er nauðsynleg til að þau geti vaxið og ráðist í áformaðar fjárfestingar. Í þessu tilliti gætu EFTA-rikin ákveðið ýmsar almennar stefnumarkandi aðgerðir sem næðu þá til allra fyrirtækja á yfirráðasvæði þeirra, og féllu því ekki undir ákvæði ríkisaðstoðarreglna, með það fyrir augum að draga úr fjármögnunarvandanam tímabundið, þ.e. til skamms og meðallangs tíma. Til að mynda mætti lengja greiðslufrest almannatryggingagjalda og annarra áþekkra gjalda, eða jafnvel skatta, eða huga að aðgerðum í þágu launþega. Ef öll fyrirtæki geta nýtt sér aðgerðir af þessu tagi teljast þær í meginatriðum ekki ríkisaðstoð.
- 16) Stjórnvöld í EFTA-rikkjunum geta einnig veitt neytendum beinan fjárstuðning, til dæmis sem endurgjald fyrir að farga gömlum nytjahlutum og/eða kaupa vistvænar vörur. Ef aðstoð af því tagi er veitt án mismununar að því er varðar uppruna vörunnar telst hún ekki ríkisaðstoð.

- 17) Þá geta almennar áætlanir Evrópubandalaganna, svo sem rammaáætlun um samkeppnishæfni og nýsköpun (2007–2013), sem komið var á fót samkvæmt ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1639/2006/EB frá 24. október 2006 ⁽⁵⁾, og sjöunda rammaáætlun um aðgerðir Evrópubandalagsins á sviði rannsókna, tæknipróunar og tilraunaverkefna (2007–2013), sem komið var á fót samkvæmt ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1982/2006/EB frá 18. desember 2006 ⁽⁶⁾ nýst afar vel til þess að styðja lítil og meðalstór fyrirtæki, en þó einnig stórfyrirtæki.

3 Ríkisaðstoð sem unnt er að veita samkvæmt ákvæðum sem þegar eru í gildi

- 18) Eftirlitsstofnun EFTA hefur undanfarin ár gert verulegar breytingar á gildandi ríkisaðstoðarreglum í því skyni að færa þær til nútímahorfs og til þess að hvetja EFTA-ríkin til að miða opinberan stuðning meira við sjálfbærar fjárfestingar og stuðla þannig að markmiðum Lissabonáætlunarinnar. Í þessu tilliti hefur einkum verið horft til lítilla og meðalstórra fyrirtækja og sett ákvæði sem heimila meiri ríkisaðstoð. Þar að auki eru ríkisaðstoðarreglurnar orðnar miklu einfaldari og þjálfi eftir þær breytingar sem urðu nýlega með samþykkt hinna almennu reglugerðar um hópundanþágu ⁽⁷⁾, en með henni hafa stjórnvöld í EFTA-ríkjunum nú úr að velja margvíslegum aðstoðarráðstöfunum sem hafa í för með sér lítið stjórnsýsluálag. Við núverandi efnahagsaðstæður skipta eftirtalin ákvæði um ríkisaðstoð, sem þegar eru í gildi, sérstaklega miklu máli:
- 19) Í **reglugerð um minniháttaraðstoð** ⁽⁸⁾, að teknu tilliti til ákvæða til aðlögunar við EES-samninginn, er tekið fram að aðgerðir, sem fela í sér stuðning við einstök fyrirtæki sem nemur allt að 200 000 evrum á þriggja ára tímabili, teljist ekki ríkisaðstoð í skilningi EES-samningsins. Í sömu reglugerð er einnig kveðið á um að ábyrgðir á fjárhæðum allt að 1,5 milljónum evra séu innan marka minniháttaraðstoðar og teljist því ekki ríkisaðstoð. Þannig geta stjórnvöld í EFTA-ríkjunum veitt slíkar ábyrgðir án þess að reikna út tilsvarendi styrkigildi og losna þannig undan stjórnsýsluálagi sem því myndi fylgja.
- 20) **Almenna hópundanþágureglugerðin**, sem nefnd er hér á undan, er grundvallarþáttur í ríkisaðstoðarreglunum í þeim skilningi að með henni er framkvæmd ýmissa mikilvægra tegunda ríkisaðstoðar einfölduð og stuðlað að því að ríkisaðstoð sé nýtt til að vinna að forgangsmarkmiðum EES-ríkjana. Allar hópundanþágur, sem áður voru í gildi, og þar að auki ýmis ný svið (nýsköpun, umhverfismál, rannsóknir og þróun í stórfyrirtækjum og ráðstafanir að því er varðar áhættufjármögnun lítilla og meðalstórra fyrirtækja) falla nú undir eitt og sama stjórnætti. Í öllum málum, sem falla undir almennu hópundanþágureglugerðina, geta stjórnvöld í EFTA-ríkjunum veitt aðstoð án þess að tilkynna hana fyrst til Eftirlitsstofnunar EFTA. Það er því að öllu leyti í höndum stjórnvalda í EFTA-ríkjunum hversu fljótt slík mál eru afgreidd. Almenna hópundanþágureglugerðin skiptir lítil og meðalstór fyrirtæki einkar miklu máli, enda hefur hún að geyma sérreglur fyrir slík fyrirtæki um aðstoð til fjárfestinga og til atvinnuefingar. Þá geta lítil og meðalstór fyrirtæki nýtt sér allar þær 26 tegundir ráðstafana, sem fjallað er um, og stjórnvöld í EFTA-ríkjunum geta þannig fylgt uppbyggingu slíkra fyrirtækja eftir á öllum stigum og veitt þeim aðstoð við allt frá öflun lánsfjár til rannsókna og þróunar, nýsköpunar, þjálfunar starfsfólks, ráðninga, ráðstafana í þágu umhverfisins o.s.frv.
- 21) Í nýjum leiðbeinandi reglum um **ríkisaðstoð til umhverfisverndar** ⁽⁹⁾ er kveðið á um að stjórnvöldum í EFTA-ríkjunum sé meðal annars heimilt að veita ríkisaðstoð sem hér segir:
- Aðstoð við fyrirtæki sem ganga lengra í umhverfisvernd en krafist er í reglum Evrópubandalaganna, eða þegar engum slíkum reglum er til að dreifa, sem nemur allt að 70% viðbótarkostnaðar við fjárfestingar (en allt að 80% ef um ræðir vistvæna nýsköpun) hjá smáfyrirtækjum og allt að 100% viðbótarkostnaðar við fjárfestingar ef aðstoðin er veitt í kjölfar eiginlegs samkeppnisútbóðs, jafnvel þótt um stórfyrirtæki sé að ræða; einnig er heimilt að veita aðstoð til að taka snemma upp væntanlegar EB-reglur og aðstoð til rannsókna á sviði umhverfismála.
 - Á sviði endurnýjanlegrar orku og samvinnslu varma og raforku er stjórnvöldum í EFTA-ríkjunum heimilt að veita rekstraraðstoð í því skyni að standa undir öllum viðbótarkostnaði við orkuvinnsluna.
 - Í því skyni að vinna að umhverfismarkmiðum sem snúa að orkusparnaði og samdrætti í losun gróðurhúsagasa er stjórnvöldum í EFTA-ríkjunum heimilt að veita fyrirtækjum aðstoð til að ná fram orkusparnaði og aðstoð til nýtingar endurnýjanlegra orkugjafa og samvinnslu varma og raforku sem nemur allt að 80% viðbótarkostnaðar við fjárfestingar hjá smáfyrirtækjum og allt að 100% viðbótarkostnaðar við fjárfestingar ef aðstoðin er veitt í kjölfar eiginlegs samkeppnisútbóðs.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 310, 9.11.2006, bls. 15.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 412, 30.12.2006, bls. 1.

⁽⁷⁾ Reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 800/2008 frá 6. ágúst 2008 þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast sameiginlega markaðnum til beitingar 87. og 88. gr. sáttmálans (reglugerð um almenna hópundanþágu, Stjtið. ESB L 214, 9.8.2008, bls. 3), sem var felld inn í EES-samninginn sem liður 1j í XV. viðauka samkvæmt ákvörðun nr. 120/2008 frá 7. nóvember 2008 (Stjtið. ESB L 339, 18.12.2008, bls. 111, og EES-viðbætur nr. 79, 18.12.2008), gildistökudagur 8.11.2008.

⁽⁸⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1998/2006 frá 15. desember 2006 um beitingu 87. og 88. gr. sáttmálans varðandi minniháttaraðstoð (Stjtið. ESB L 379, 28.12.2006, bls. 5) sem var felld inn í EES-samninginn sem liður 1ea í XV. viðauka samkvæmt ákvörðun nr. 29/2007 (Stjtið. ESB L 209, 9.8.2007, bls. 52, og EES-viðbætur nr. 38, 9.8.2007, bls. 34), gildistökudagur 28.4.2007.

⁽⁹⁾ Dagrétt gerð leiðbeinandi reglna um ríkisaðstoð er birt (á ensku) á vefsetri Eftirlitsstofnunar EFTA: http://www.eftasurv.int/fieldsofwork/fieldstateaid/state_aid_guidelines

- 22) Hinn 7. febrúar 2007 samþykkti Eftirlitsstofnun EFTA hinar nýju leiðbeinandi reglur um **aðstoð til rannsóknna, þróunarstarfs og nýsköpunar**. Í þeim er að finna ný ákvæði um nýsköpun sem eru einkum sniðin að þörfum lítilla og meðalstórra fyrirtækja og miðast einnig við markvissari beitingu aðstoðar sem er veitt til að auka atvinnu og hagvöxt í samræmi við það stefnumörkun Lissabonáætlunarinnar. Nánar tiltekið er stjórnvöldum í EFTA-ríkjunum meðal annars heimilt að veita ríkisaðstoð sem hér segir:
- Aðstoð til rannsóknna- og þróunarverkefna, einkum aðstoð til grunnrannsókna, sem nemur allt að 100% af styrkhæfum kostnaði og aðstoð til iðnaðarrannsókna sem nemur allt að 80% þegar um ræðir smáfyrirtæki.
 - Aðstoð við nýsköpunarfyrirtæki sem starfað hafa um skamma hríð, allt að 1 milljón evra og jafnvel meira á svæðum sem njóta byggðaaðstoðar, aðstoð vegna nýsköpunarklasa, aðstoð til kaupa á ráðgjafarþjónustu á sviði nýsköpunar og aðstoð til kaupa á stöðþjónustu á sviði nýsköpunar.
 - Aðstoð til að gera kleift að fá sérfræðimenntað fólk að láni, aðstoð vegna tæknilegra hagkvæmniathugana, aðstoð til verkferils- og skipulagstengdrar nýsköpunar á sviði þjónustustarfsemi og aðstoð við lítil og meðalstór fyrirtæki vegna kostnaðar sem tengist hugverkarétti á sviði iðnaðar.
- 23) Þjálfun starfsfólks er annað lykiltríði þegar kemur að því að viðhalda samkeppnishæfni. Ekki verður hjá því komist að leggja áfram fé í slíka þjálfun, jafnvel þótt svo standi á að atvinnuleysi fari vaxandi, til þess að starfsmenn geti öðlast nýja starfskunnáttu. Samkvæmt nýju almennu hópundanþágureglugerðinni er stjórnvöldum í EFTA-ríkjunum heimilt að veita fyrirtækjum aðstoð til bæði almennrar og sértækrar þjálfunar sem nemur allt að 80% af styrkhæfum kostnaði.
- 24) Árið 2008 gaf Eftirlitsstofnun EFTA út nýjar leiðbeinandi reglur með fyrirsögninni **Ríkisaðstoð sem er veitt sem ábyrgðir**, en þar er fjallað um skilyrði sem fullnægja þarf til þess að ábyrgðir hins opinbera á lánnum teljist ekki ríkisaðstoð. Samkvæmt þeim reglum er það einkum þegar markaðsverð er greitt fyrir ábyrgðir að ekki er lítið á þær sem ríkisaðstoð. Auk þess að skýra hvaða skilyrði ráða því hvort ábyrgðir teljast hafa í för með sér aðstoð er í nýju leiðbeinandi reglunum einnig tekið upp, í fyrsta skipti, sérstakt „öryggisálag“ sem beita má þegar lítil og meðalstór fyrirtæki eiga í hlut og hefur þann tilgang að örva fjármögnun slíkra fyrirtækja með því að gera ábyrgðarveitingar auðveldari en jafnframt öruggar.
- 25) Eftirlitsstofnun EFTA gaf út nýjar leiðbeinandi reglur með fyrirsögninni **Ríkisaðstoð sem veitt er til að ýta undir áhættufjárfestingar í litlum og meðalstórum fyrirtækjum** hinn 25. október 2006. Þær eru miðaðar við lítil og meðalstór fyrirtæki sem stunda nýsköpun og eru í hröðum vexti – en slík fyrirtæki eru eitt helsta áherslusvið Lissabonáætlunarinnar. Stofnunin hækkaði gildandi öryggishámark í 1,5 milljónir evra fyrir hvert lítið eða meðalstór fyrirtæki sem þiggur aðstoð, en það er hækkan um 50%. Ef ekki er farið yfir það hámark beittir stofnunin þeirri reglu að almennt muni ekki vera kostur á annarri fjármögnun á fjármálamörkuðum (með öðrum orðum er fyrir hendi markaðsbrestur). Við þetta bætist að almenna hópundanþágureglugerðin tekur nú til aðstoðar vegna áhættufjárfestinga.
- 26) Þegar um ræðir afskipt svæði er stjórnvöldum í EFTA-ríkjunum heimilt að veita aðstoð til fjárfestinga í því skyni að koma upp nýjum starfstöðvum, stækka starfstöðvar sem þegar eru í rekstri eða hefja framleiðslu á nýjum vörum í samræmi við leiðbeinandi reglur um **byggðaaðstoð innanlands 2007–2013**, en þær hafa verið í gildi frá því í janúar 2007.
- 27) Í leiðbeinandi reglum um byggðaaðstoð innanlands 2007–2013 er kveðið á um nýja tegund aðstoðar í því skyni að ýta undir styrki til stofnunar nýrra fyrirtækja og fyrstu uppbyggingar smáfyrirtækja á svæðum sem njóta byggðaaðstoðar.
- 28) Samkvæmt gildandi leiðbeinandi reglum um **ríkisaðstoð til björgunar og endurskipulagningar í illa stöðdum fyrirtækjum** er stjórnvöldum í EFTA-ríkjunum einnig heimilt að veita aðstoð fyrirtækjum sem ekki komast af án stuðnings hins opinbera. Í þessu skyni er þeim heimilt að tilkynna kerfi sem eru ætluð til að tryggja litlum og meðalstórum fyrirtækjum aðstoð til björgunar og/eða endurskipulagningar.

4 Er unnt að beita stafl. b) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins?

4.1 Meginsjónarmið

- 29) Samkvæmt ákvæðum stafl. b) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins getur Eftirlitsstofnun EFTA lýst aðstoð samrýmanlega framkvæmd samningsins ef henni er ætlað að „ráða bót á alvarlegri röskun á efnahagslífi aðildarríkis EB eða EFTA-ríkis“. Sams konar ákvæði er að finna í stafl. b) í 3. mgr. 87. gr. EB-sáttmálans, en með vísan til þess hefur undirréttur EB fellt þann dóm að röskunin verði að taka til efnahagslífs hlutaðeigandi aðildarríkis í heild, en ekki aðeins efnahagslífs eins héraðs eða hluta yfirráðasvæðis ríkisins. Þetta er einnig í samræmi við þá nauðsyn að túlka þröngt hvers kyns undanþágúakvæði á borð við stafl. b) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins ⁽¹⁰⁾.

⁽¹⁰⁾ Sameinuð mál T-132/96 og T-143/96 *Freistaat Sachsen og Volkswagen AG gegn framkvæmdastjórn* [1999] ECR II-3663, 167. mgr.

- 30) Framkvæmdastjórnin hefur jafnan byggt ákvarðanir sínar á þessari þröngu túlkun ⁽¹¹⁾. Eftirlitsstofnun EFTA hefur einnig stuðst við þrönga túlkun á ákvæðum stafl. b) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins ⁽¹²⁾.
- 31) Í þessu tilliti lítur stofnunin svo á að auk neyðarstuðnings við fjármálakerfið sé yfirstandandi heimskreppa þess eðlis að nauðsynlegt sé að gera undantekningar að því er varðar stjórn tækin sem beitt er.
- 32) EFTA-ríkin munu öll finna fyrir kreppunni, þó að það verði með mismunandi hætti og að mismiklu leyti, og má telja líklegt að atvinnuleysi aukist, eftirspurn minnki og skatttekjur dragist saman.
- 33) Með hliðsjón af því hvað núverandi fjármálakreppa er djúp og áhrif hennar mikil á efnahag EFTA-ríkjanna í heild lítur Eftirlitsstofnun EFTA svo á að réttlæta megi tilteknar tegundir ríkisaðstoðar, í skamman tíma, til þess að vinna gegn þessum erfiðleikum og að unnt sé að lýsa þær samrýmanlegar framkvæmd EES-samningsins með vísan til stafl. b) í 3. mgr. 61. gr. samningsins.

4.2 Aðstoð sem er samrýmanleg samningnum, litlar fjárhæðir

4.2.1 Gildandi reglur

- 34) Í 2. gr. reglugerðar um minniháttarástoð ⁽¹³⁾, með áorðnum breytingum samkvæmt ákvæðum til aðlögunar við EES-samninginn, stendur þetta:

„Líta skal svo á að aðstoðarráðstafanir, sem uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í 2.–5. mgr. þessarar greinar, samrýmist ekki öllum viðmiðununum í 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins og skulu þær því undanskildar tilkynningarkvöðinni sem um getur í 2. gr. II. hluta bókarinnar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól.

Heildarfjárhæð minniháttarástoðar, sem er veitt einu fyrirtæki, skal ekki fara yfir 200 000 evrur á þriggja reikningsára tímabili. Heildarfjárhæð minniháttarástoðar, sem er veitt einu fyrirtæki, sem stundar flutninga á vegum, skal ekki fara yfir 100 000 evrur á þriggja reikningsára tímabili. Þessi efri mörk skulu gilda óháð því í hvaða formi minniháttarástoðin er eða hvaða markmið eru sett og án tillits til þess hvort aðstoðin, sem EFTA-ríkið veitir, er fjármögnuð eingöngu eða að hluta til af fjármunum Bandalagsins. Tímabilið skal ákvarðað með tilliti til reikningsáranna sem fyrirtækið notar í EFTA-ríkinu sem um er að ræða.“

4.2.2 Ný ráðstöfun

- 35) Fjármálakreppan segir nú til sín ekki aðeins hjá fyrirtækjum sem eru veik fyrir, heldur einnig hjá fyrirtækjum sem standa skyndilega frammi fyrir því að lánsfé er af skornum skammti eða jafnvel ófáanlegt. Með því að bæta fjárhagsstöðu þessara fyrirtækja má ná fram æskilegum áhrifum á efnahagslíf EES-ríkjanna í heild.
- 36) Með vísan til núverandi efnahagsástands er því talið nauðsynlegt að leyfa um skeið að veitt verði aðstoð sem nemur litlum fjárhæðum en fellur engu að síður undir ákvæði 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins, þar eð hún rýfur það hámark sem sett er í reglugerð um minniháttarástoð.
- 37) Eftirlitsstofnun EFTA mun fara með slíka aðstoð sem samrýmanlega við framkvæmd EES-samningsins, með vísan til stafl. b) í 3. mgr. 61. gr., að því tilskildu að öllum eftirtöldum skilyrðum sé fullnægt:
- Ekki er veitt meiri aðstoð en sem nemur 500 000 evra fjárstyrk til hvers fyrirtækis. Allar tölur, sem notaðar eru, verða að miðast við verga stöðu, þ.e. fyrir frádrátt vegna skatta eða annarra gjalda. Ef aðstoð er veitt á annan hátt en sem styrkur reiknast aðstoðarfjárhæðin sem vergt styrkigildi aðstoðarinnar.
 - Aðstoðin er útfærð sem kerfi.
 - Aðstoðin er veitt fyrirtækjum sem voru ekki illa stödd ⁽¹⁴⁾ 1. júlí 2008; heimilt er að veita hana fyrirtækjum sem voru ekki illa stödd þann dag en mættu erfiðleikum síðar sökum afleiðinga fjármála- og efnahagskreppunnar í heiminum.
 - Aðstoðin er ekki útflutningsaðstoð eða aðstoð sem ívilnar innlendra framleiðslu umfram innflutta.
 - Aðstoðin er veitt eigi síðar en 31. desember 2010.
 - Áður en aðstoðin er veitt afla stjórnvöld í hlutaðeigandi EFTA-ríki skriflegrar eða rafrænnar yfirlýsingar frá viðkomandi fyrirtæki um hvers kyns aðra minniháttarástoð og aðstoð samkvæmt þessum reglum sem það hefur fengið á yfirstandandi reikningsári og gengur úr skugga um að aðstoðin verði ekki til þess að lyfta heildarfjárhæð aðstoðar, sem fyrirtækið fær á tímabilinu frá 1. janúar 2008 til 31. desember 2010, yfir 500 000 evra hámarkið.

⁽¹¹⁾ Sbr. ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/490/EB í máli C 47/96 *Crédit Lyonnais* (Stjtið. ESB L 221, 8.8.1998, bls. 28), lið 10.1, ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/345/EB í máli C 28/02 *Bankgesellschaft Berlin* (Stjtið. ESB L 116, 4.5.2005, bls. 1), 153. liður og áfram, og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/263/EB í máli C 50/06 *BAWAG* (Stjtið. ESB L 83, 26.3.2008, bls. 7), 166. liður. Sjá einnig ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar í máli NN 70/07 *Northern Rock* (Stjtið. ESB C 43, 16.2.2008, bls. 1) og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 4. júní 2008 í máli C 9/08 *SachsenLB* (Stjtið. ESB L 104, 24.4.2009, bls. 34).

⁽¹²⁾ Eftirlitsstofnun EFTA hefur aldrei samþykkt aðstoðarráðstöfun með vísan til stafl. b) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

⁽¹³⁾ Sjá 8. nmgr. hér á undan.

⁽¹⁴⁾ Að því er varðar stórfyrirtæki sjá undirkafla 2.1 í leiðbeinandi reglum um aðstoð til björgunar og endurskipulagningar í illa stöddum fyrirtækjum. Að því er varðar litil og meðalstór fyrirtæki sjá skilgreiningu í 7. mgr. 1. gr. almennu hópundanþágureglugerðarinnar.

- g) Aðstoðarkerfið tekur ekki til fyrirtækja sem sinna frumframleiðslu landbúnaðarafurða; það má taka til fyrirtækja sem sinna vinnslu og sölu landbúnaðarafurða⁽¹⁵⁾ nema ef aðstoðarfjárhæðin er reiknuð á grundvelli verðs eða magns slíkra afurða sem viðkomandi fyrirtæki kaupa af frumframleiðendum eða markaðssetja, eða ef aðstoðin er bundin því skilyrði að hún renni áfram til frumframleiðenda að hluta eða að fullu⁽¹⁶⁾.

4.3 Aðstoð sem er veitt sem ábyrgðir

4.3.1 Gildandi reglur

- 38) Markmiðið með leiðbeinandi reglum um ríkisaðstoð sem er veitt sem ábyrgðir er að veita stjórnvöldum í EFTA-ríkjunum nákvæma leiðsögn um þær reglur sem Eftirlitsstofnun EFTA hyggst styðjast við í túlkun sinni á 61. og 62. gr. EES-samningsins og þegar þeim ákvæðum er beitt gagnvart ríkisaðstoðum. Sérstaklega ber að nefna að í reglunum er tilgreint við hvaða skilyrði unnt er að líta svo á að ríkisaðstoð hafi ekki verið veitt. Þar er ekki að finna samrýmanleikaviðmiði sem nota mætti við mat á ábyrgðum.

4.3.2 Ný ráðstöfun

- 39) Til þess að líða megi enn frekar fyrir fjármögnun og draga úr núverandi áhættufælni banka geta niðurgreiddar lánsábyrgðir talist um tíma viðeigandi og markviss aðferð til þess að auðvelda fyrirtækjum að afla sér lánsfjár.
- 40) Eftirlitsstofnun EFTA mun fara með slíka aðstoð sem samrýmanlega framkvæmd EES-samningsins með vísan til stafl. b) í 3. mgr. 61. gr., að því tilskildu að öllum eftirtöldum skilyrðum sé fullnægt:
- Þegar um ræðir lítil og meðalstór fyrirtæki veita stjórnvöld í EFTA-ríkjunum afslátt sem nemur allt að 25% af því árlega álagi sem greiða ber vegna nýrra ábyrgða í samræmi við ákvæði um öryggisálag í leiðbeinandi reglum um ríkisaðstoð sem er veitt sem ábyrgðir⁽¹⁷⁾;
 - Þegar um ræðir stórfyrirtæki veita stjórnvöld í EFTA-ríkjunum einnig afslátt sem nemur allt að 15% af árlegu álagi vegna nýrra ábyrgða, eins og það er reiknað á grundvelli sömu ákvæða um öryggisálag.
 - Ef aðstoðarþáttur ábyrgðakerfa er reiknaður með aðferðum sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur þegar samþykkt eftir að tilkynning um þær hefur borist í samræmi við reglugerð á sviði ríkisaðstoðar sem felld hefur verið inn í EES-samninginn⁽¹⁸⁾, er stjórnvöldum í EFTA-ríkjunum einnig heimilt að veita sambærilegan afslátt sem nemur allt að 25% af árlegu álagi sem greiða ber vegna nýrra ábyrgða á lánunum lítilla og meðalstórra fyrirtækja, og allt að 15% þegar um ræðir stórfyrirtæki.
 - Ekki er veitt ábyrgð á láni fyrir hærri fjárhæð en sem nemur árlegum launakostnaði stuðningsþegans (að meðtöldum almannatryggingagjöldum og kostnaði vegna starfsmanna sem vinna á starfstöð fyrirtækisins en eru formlega á launaskrá hjá undirverktökum) á árinu 2008. Þegar um ræðir fyrirtæki, sem stofnuð voru 1. janúar 2008 eða síðar, má lánið ekki vera hærra en sem nemur áætluðum árlegum launakostnaði fyrstu tvö rekstrarárin.
 - Ábyrgðir renna út eigi síðar en 31. desember 2010.
 - Hver ábyrgð tekur ekki til herra hlutfalls af láninu en 90%.
 - Ábyrgðir mega taka til bæði fjárfestingar- og rekstrarlána.
 - Afsláttur af álagi er ekki veittur lengur en í tvö ár eftir að ábyrgðin er veitt.
 - Aðstoðin er veitt fyrirtækjum sem voru ekki illa stödd⁽¹⁹⁾ 1. júlí 2008; heimilt er að veita hana fyrirtækjum sem voru ekki illa stödd þann dag en mættu erfiðleikum síðar sökum afleiðinga fjármála- og efnahagskreppunnar í heiminum.

⁽¹⁵⁾ Eins og sú starfsemi er skilgreind í 3. og 4. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 1857/2006 frá 15. desember 2006 um beitingu 87. og 88. gr. sáttmálans gagnvart ríkisaðstoð við lítil og meðalstór fyrirtæki sem sinna framleiðslu landbúnaðarafurða og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 70/2001 (Stjtið. ESB L 358, 16.12.2006, bls. 3).

⁽¹⁶⁾ Til þess að ákvæði 61.–63. gr. EES-samningsins um ríkisaðstoð geti átt við verður ríkisaðstoðin að renna til fyrirtækja sem sinna framleiðslu á vörum sem falla undir ákvæði samningsins. Í 3. mgr. 8. gr. EES-samningsins er að finna eftirfarandi ákvæði: „Ef annað er ekki tekið fram taka ákvæði samningsins einungis til: a) framleiðsluvara sem falla undir 25.–97. kafla í samræmdu vörulýsingar- og vörunúmeraskránni, að frátöldum þeim framleiðsluvörum sem skráðar eru í bókun 2; b) framleiðsluvara sem tilgreindar eru í bókun 3 í samræmi við það sérstaka fyrirkomulag sem þar er greint frá.“ Landbúnaðarafurðir falla utan gildissviðs EES-samningsins nema að því leyti sem þær falla undir 25.–97. kafla í samræmdu vörulýsingar- og vörunúmeraskránni eða eru tilgreindar í bókun 3 við samninginn.

⁽¹⁷⁾ Hér kemur meðal annars til greina, þegar um ræðir lítil og meðalstór fyrirtæki sem hafa hvorki greiðslusögu né fengið hafa lánsþæfiseinkunn sem er byggð á niðurstöðum efnahagsreiknings, svo sem tiltekin fyrirtæki sem eru stofnuð í sérstökum tilgangi eða sprotafyrirtæki, að stjórnvöld í EFTA-ríkjunum veiti afslátt sem nemi allt að 25% af gildandi öryggisálagi, sem er ákvæðið 3,8% í reglunum.

⁽¹⁸⁾ Til dæmis almennu hópundanþágureglugerðina eða reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1628/2006 frá 24. október 2006 um beitingu 87. og 88. gr. sáttmálans gagnvart innlendri, svæðisbundinni fjárfestingaraðstoð (Stjtið. ESB L 302, 1.11.2006, bls. 29), sem var felld inn í EES-samninginn sem liður I í XV. viðauka samkvæmt ákvörðun nr. 157/2006 (Stjtið. ESB L 89, 29.3.2007, bls. 33, og EES-viðbætur nr. 15, 29.3.2007, bls. 26), að því tilskildu að með aðferðinni, sem hlotið hefur slíkt samþykki, sé beinlínis tekið á þeirri tegund ábyrgða sem um ræðir og þeirri tegund viðskipta sem að baki er.

⁽¹⁹⁾ Sjá 14. nmgr. hér á undan.

4.4 Aðstoð í mynd niðurgreiddra vaxta

4.4.1 Gildandi reglur

- 41) Í leiðbeinandi reglum um viðmiðunar- og afreiknivexti er mælt fyrir um aðferð við útreikning viðmiðunarvaxta sem byggist á millibankavöxtum (IBOR) til eins árs að viðbættu álagi sem getur numið 60 til 1000 grunnpunktum eftir lánshæfi fyrirtækisins og veðum sem það getur lagt fram. Ef stjórnvöld í EFTA-ríkjunum nota þá aðferð teljast vextirnir ekki hafa í för með sér ríkisaðstoð.

4.4.2 Ný ráðstöfun

- 42) Fyrirtæki geta átt erfitt með að afla sér lánsfjár við núverandi aðstæður á markaði. Eftirlitsstofnun EFTA mun því fallast á að hið opinbera eða einkaaðilar veiti lán á vöxtum sem eru að minnsta kosti jafnháir dagvöxtum seðlabanka að viðbættu álagi sem er jafnhátt muninum á meðaltali millibankavaxta til eins árs og meðaltali dagvaxta seðlabanka á tímanum frá 1. janúar 2007 til 30. júní 2008, og að viðbættu áhættuálagi sem svarar til áhættustöðu lántaka, eins og mælt er fyrir um í leiðbeinandi reglum stofnunarinnar um viðmiðunar- og afreiknivexti.
- 43) Litið verður svo á, tímabundið, að aðstoðarþátturinn, sem er fölginn í muninum á þessum vöxtum og viðmiðunarvöxtum samkvæmt leiðbeinandi reglum um viðmiðunar- og afreiknivexti, sé samrýmanlegur framkvæmd EES-samningsins með vísan til stafl. b) í 3. mgr. 61. gr. samningsins, að því tilskildu að öllum eftirtöldum skilyrðum sé fullnægt:
- a) Aðferðin er notuð í tengslum við alla samninga sem gerðir eru 31. desember 2010 eða fyrr. Engin takmörk eru sett á lánstíma, en afsláttur af vöxtum má taka til vaxtagreiðslna sem gjaldfalla fyrir 31. desember 2012 ⁽²⁰⁾; eftir þann dag verður að reikna vexti sem eru að minnsta kosti jafnháir vöxtunum sem tilgreindir eru í leiðbeinandi reglum um viðmiðunar- og afreiknivexti.
 - b) Aðstoðin er veitt fyrirtækjum sem voru ekki illa stödd 1. júlí 2008 ⁽²¹⁾; heimilt er að veita hana fyrirtækjum sem voru ekki illa stödd þann dag en mættu erfiðleikum síðar sökum afleiðinga fjármála- og efnahagskreppunnar í heiminum.

4.5 Aðstoð til framleiðslu á „grænum vörum“

4.5.1 Gildandi reglur

- 44) Í leiðbeinandi reglum um viðmiðunar- og afreiknivexti er mælt fyrir um aðferð við útreikning viðmiðunarvaxta sem byggist á millibankavöxtum (IBOR) til eins árs að viðbættu álagi sem getur numið 60 til 1000 grunnpunktum eftir lánshæfi fyrirtækisins og veðum sem það getur lagt fram. Ef stjórnvöld í EFTA-ríkjunum nota þá aðferð teljast vextirnir ekki hafa í för með sér ríkisaðstoð.

4.5.2 Ný ráðstöfun

- 45) Yfirstandandi fjármálakreppa veldur því einnig að fyrirtækjum reynist erfiðara að afla sér lánsfjár til framleiðslu á umhverfshæfari vörum. Hugsanlegt er að aðstoð, sem er veitt sem ábyrgðir, nægi ekki til að fjármagna kostnaðarsöm verkefni, sem miðast að því að auka umhverfisvernd með aðlögun að reglum sem hafa ekki enn öðlast gildi, eða með því að ganga lengra en kveðið er á um í slíkum reglum.
- 46) Eftirlitsstofnun EFTA lítur svo á að rétt sé að láta markmið á sviði umhverfisverndar njóta forgangs þrátt fyrir fjármálakreppuna. Framleiðsla á umhverfshæfari vörum, meðal annars orkunýtnum vörum, þjónar sameiginlegum hagsmunum EES-ríkjanna og mikilvægt er að láta fjármálakreppuna ekki spilla fyrir slíkri starfsemi.
- 47) Þess vegna mætti nota viðbótarráðstafanir í mynd niðurgreiddra lána til þess að ýta undir framleiðslu á „grænum vörum“. Niðurgreidd lán geta þó valdið verulegri samkeppnisröskun og ber því að veita þau eingöngu við sérstakar aðstæður og í tengslum við sérstaklega valdar fjárfestingar.
- 48) Eftirlitsstofnun EFTA lítur svo á að rétt sé að heimila stjórnvöldum í EFTA-ríkjunum að veita aðstoð í mynd niðurgreiddra vaxta í takmarkaðan tíma.
- 49) Með vísan til stafl. b) í 3. mgr. 61. gr. mun stofnunin líta svo á að niðurgreiðsla vaxta á fjárfestingarlánun sé samrýmanleg framkvæmd EES-samningsins ef öllum eftirtöldum skilyrðum er fullnægt:
- a) Aðstoðin er veitt vegna fjárfestingarlána til þess að standa undir kostnaði við verkefni á sviði framleiðslu á nýjum vörum sem stuðla að verulega bættri umhverfisvernd.
 - b) Aðstoðin er nauðsynleg til þess að unnt sé að koma nýju verkefni af stað; heimilt er að veita aðstoð vegna eldri verkefna ef slíkt reynist nauðsynlegt til þess unnt sé að vinna áfram að slíku verkefni með hlíðsjón af breyttum efnahagsaðstæðum.

⁽²⁰⁾ Ef stjórnvöld í EFTA-ríki kjósa að fara þessa leið verða þau að birta dagvexti hvers dags á netinu og senda Eftirlitsstofnun EFTA upplýsingar um þá.

⁽²¹⁾ Sjá 14. nmgr. hér á undan.

- c) Aðstoðin er aðeins veitt vegna verkefna á sviði framleiðslu á vörum sem byggjast á því að taka snemma upp væntanlegar EB-reglur á sviði vöruframleiðslu eða ganga lengra en þar er krafist ⁽²²⁾ í þeim tilvikum að slíkar reglur stuðla að bættri umhverfisvernd og hafa ekki enn öðlast gildi.
- d) Þegar um ræðir vöruframleiðslu, sem felur í sér að teknar eru snemma upp væntanlegar EB-reglur á sviði umhverfisverndar, eða gengið lengra en þar er krafist, skal fjárfestingin hefjast eigi síðar en 31. desember 2010 með það að markmiði að koma vörunni á markað að minnsta kosti tveimur árum áður en viðkomandi reglur öðlast gildi.
- e) Lánin mega standa undir kostnaði við fjárfestingu í bæði efnislegum og óefnislegum eignum ⁽²³⁾ nema þegar um ræðir lán til fjárfestinga sem tengjast herra hlutfalli framleiðslugetu á vörumörkuðum en 3% ⁽²⁴⁾ þar sem árlegur meðalvöxtur áætlaðrar heimaneyslu á EES-markaði, samkvæmt gögnum um verðmæti, síðustu fimm ár áður en ráðist var í fjárfestinguna, var minni en árlegur meðalvöxtur vergrar landsframleiðslu EES-ríkjanna á sama fimm ára viðmiðunartímabili.
- f) Lánin eru veitt eigi síðar en 31. desember 2010.
- g) Við útreikning á veittri aðstoð skal notast við vexti sem ákveðnir hafa verið fyrir stuðningsþegann sérstaklega samkvæmt aðferðinni sem lýst er í undirkafla 4.4.2 í þessum leiðbeinandi reglum. Samkvæmt þeirri aðferð er heimilt að láta fyrirtækið njóta afsláttar af vöxtum sem nemur:
 - 25% þegar um ræðir stórfyrirtæki,
 - 50% þegar um ræðir lítil og meðalstór fyrirtæki.
- h) Vextir eru niðurgreiddir eigi lengur en fyrstu tvö árin eftir að lánið er veitt.
- i) Heimilt er að niðurgreiða vexti af lánum frá ríkinu og fjármálastofnunum í eigu hins opinbera, svo og af lánum frá fjármálastofnunum í einkaeigu. Skyld er að tryggja jafnræði milli rekstrareininga í opinberri eigu og einkaeigu.
- j) Aðstoðin er veitt fyrirtækjum sem voru ekki illa stödd ⁽²⁵⁾ 1. júlí 2008; heimilt er að veita hana fyrirtækjum sem voru ekki illa stödd þann dag en mættu erfiðleikum síðar sökum afleiðinga fjármála- og efnahagskreppunnar í heiminum.
- k) Stjórnvöld í EFTA-ríkjunum tryggja að aðstoðin renni ekki áfram til fjármálastofnana, beint eða óbeint.

4.6 Ráðstafanir til stuðnings áhættufjárfestingum

4.6.1 Gildandi reglur

- 50) Í leiðbeinandi reglum um ríkisaðstoð sem veitt er til að ýta undir áhættufjárfestingar í litlum og meðalstórum fyrirtækjum er fjallað um við hvaða skilyrði ríkisaðstoð, sem veitt er til stuðnings áhættufjárfestingum, getur talist samrýmanleg framkvæmd EES-samningsins með vísan til 3. mgr. 61. gr. samningsins.
- 51) Með hliðsjón af reynslunni af því að beita leiðbeinandi reglum um ríkisaðstoð sem veitt er til að ýta undir áhættufjárfestingar í litlum og meðalstórum fyrirtækjum er það álit Eftirlitsstofnunar EFTA að enginn almennur markaðsbrestur sé á Evrópska efnahagssvæðinu að því er varðar framboð á áhættufé. Stofnunin fellst þó á að gloppur sé á markaðnum að því er varðar sumar tegundir fjárfestinga á vissum stigum fyrirtækjauppbyggingar. Slíkar gloppur geta stafað af misræmi milli framboðs og eftirspurnar á áhættufé og mætti almennt nefna þetta fjármögnunargloppur.
- 52) Í undirkafla 4.3 í ofangreindum leiðbeinandi reglum kemur fram að þegar fjármögnunaráfangar takmarkist við 1,5 milljónir evra á hverju tólf mánaða tímabili sé við vissar aðstæður gengið út frá því sem vísu að markaðsbrestur sé fyrir hendi og þurfa stjórnvöld í EFTA-ríkjunum þá ekki að færa sönnur á það.
- 53) Í staflið a) í undirkafla 5.1 í sömu leiðbeinandi reglum kemur þetta fram: „Eftirlitsstofnun EFTA er kunnugt um þær sveiflur sem einkenna áhættufjármarkaðinn og fjármögnunargloppuna og að markaðsbrestir hafa mismunandi áhrif á fyrirtæki eftir stærð þeirra, hversu langt þau eru komin í uppbyggingu og hvaða starfsgrein þau tilheyra. Þess vegna kemur til greina að lýsa þær áhættufjárráðstafanir samrýmanlegar framkvæmd EES-samningsins, sem gera ráð fyrir fjárfestingaráföngum umfram hámarkið 1,5 milljónir evra á fyrirtæki á ári, að því tilskildu að lögð séu fram nauðsynleg gögn um viðkomandi markaðsbrest.“

4.6.2 Tímabundin frávik frá gildandi reglum

- 54) Umrótið á fjármálamörkuðum hefur haft óæskileg áhrif á áhættufjármarkaði að því er varðar lítil og meðalstór fyrirtæki á fyrsta vaxtarskeiði með því að þröngja kosti þeirra á að afla sér áhættufjár. Áhætta af áhættufjárfestingum er talin hafa farið mjög vaxandi, og jafnframt stafar mikil óvissa af því að væntingar um ávöxtun gætu farið minnkandi. Fjárfestar leita því sem stendur í öruggari eignir sem bera áhættu sem auðveldara er að meta en þegar um ræðir áhættufjárfestingar. Þá hefur það fælt fjárfesta enn frekar frá áhættufjárfestingum að erfitt er að koma þeim í verð. Vísendingar eru um að sá samdráttur í framboði á lausafé við núverandi

⁽²²⁾ Með væntanlegum EB-reglum á sviði vöruframleiðslu er átt við lögbundnar EB-reglur sem hafa verið samþykktar en hafa ekki enn öðlast gildi og láta að tilteknum umhverfisverndarkröfum sem fullnægja ber í tengslum við vörur sem seldar eru í Evrópusambandinu.

⁽²³⁾ Eins og slíkar eignir eru skilgreindar í leiðbeinandi reglum um ríkisaðstoð til umhverfisverndar.

⁽²⁴⁾ Sbr. skilgreiningu í 58. mgr. leiðbeinandi reglum um byggðaaðstoð.

⁽²⁵⁾ Sjá 14. nmgr. hér á undan.

markaðsaðstæður, sem er afleiðing þessa, hafi stækkað fjármögnunargloppuna sem blasir við litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Þess vegna er talið rétt að hækka gildandi öryggishámark fyrir áhættufjárfestingar tímabundið í því skyni að bregðast við afleiðingum stærri fjármögnunargloppu og lækka jafnframt tímabundið í 30% það lágmark, sem sett er á þátttöku einkafjárfesta, þegar um ræðir ráðstafanir í þágu litilla og meðalstórra fyrirtækja á svæðum sem njóta ekki byggðaaðstoðar.

- 55) Í samræmi við þetta, og með vísan til ákvæða stafl. b) í 3. mgr. 61. gr., eru eftirfarandi breytingar gerðar á tilteknum mörkum sem kveðið er á um í leiðbeinandi reglum um ríkisaðstoð sem veitt er til að ýta undir áhættufjárfestingar í litlum og meðalstórum fyrirtækjum, og gilda breytingarnar tímabundið til 31. desember 2010:
- a) Að því er varðar undirlið 4.3.1 er hámark leyfilegra fjármögnunaráfanga hækkað úr 1,5 milljónum evra í 2,5 milljónir evra á ári á hvert lítið eða meðalstórt fyrirtæki sem fjárfest er í.
 - b) Að því er varðar undirlið 4.3.4 er lágmarksþátttaka einkafjárfesta ákveðin 30%, bæði á svæðum sem njóta byggðaaðstoðar og utan þeirra.
 - c) Önnur skilyrði, sem sett eru í reglunum, gilda óbreytt.
 - d) Þessar tímabundnu breytingar á leiðbeinandi reglunum taka ekki til ráðstafana á sviði áhættufjárfestinga sem falla undir ákvæði almennu hópundanþágureglugerðarinnar.
 - e) Stjórnvöldum í EFTA-rikkjunum er heimilt að breyta þegar samþykktum kerfum með tilliti til þessara tímabundnu breytinga á reglunum.

4.7 Uppsöfnunaráhrif

- 56) Aðstoðarhámark samkvæmt þessum leiðbeinandi reglum gilda óháð því hvort stuðningur við aðstoðarverkefnið er fjármagnaður að fullu af ríkisfæ eða að hluta með tilstyrk Evrópubandalagsins.
- 57) Þær tímabundnu aðstoðarráðstafanir, sem mælt er fyrir um í þessum leiðbeinandi reglum, mega ekki hafa uppsöfnunaráhrif á þann hátt að aðstoð sé veitt vegna sama styrkhæfa kostnaðar og aðstoð sem fellur undir reglugerð um minniháttaraðstoð. Hafi fyrirtækið fengið minniháttaraðstoð þegar áður en þessar tímabundnu reglur öðluðust gildi má aðstoð, sem fyrirtækið hefur fengið á grundvelli ráðstafana sem lýst er í undirkafla 4.2 í þessum leiðbeinandi reglum, og minniháttaraðstoð, sem það hefur fengið, ekki nema hærrí fjárhæð samanlagt en 500 000 evrum á tímanum frá 1. janúar 2008 til 31. desember 2010. Draga ber minniháttaraðstoð, sem fyrirtækið hefur fengið eftir 1. janúar 2008, frá aðstoð sem er samrýmanleg gildandi reglum og veitt hefur verið í sama tilgangi í samræmi við undirkafla 4.3, 4.4, 4.5 eða 4.6.
- 58) Veita má aðstoð samkvæmt tímabundnum ráðstöfunum jafnframt annarri aðstoð sem er samrýmanleg gildandi reglum svo og jafnframt öðrum tegundum EB-fjármögnunar, að því tilskildu að virt séu ákvæði um hæstu leyfileg aðstoðarhlutföll í viðkomandi leiðbeinandi reglum eða hópundanþágureglugerðum.

5 Ráðstafanir til einföldunar

5.1 Útflutningsláanætryggingar til skamms tíma

- 59) Í leiðbeinandi reglum um útflutningsláanætryggingar til skamms tíma er kveðið á um að óheimilt sé að láta útflutningsláanætryggingar, sem njóta tilstyrks stjórnvalda í EFTA-rikkjunum, taka til „markaðshæfrar“ áhættu. Markaðshæf áhætta er viðskiptaáhætta og stjórnmálaleg áhætta vegna opinberra og óopinberra lánþega með staðfestu í löndum sem skráð eru í viðauka við ofangreindar leiðbeinandi reglur, og þannig að hámarks-áhættutímabilið sé styttra en tvö ár. Áhætta vegna lánþega með staðfestu í aðildarríkjum Evrópusambandsins og EFTA-rikkjunum, auk sex annarra aðildarríkja OECD, telst markaðshæf.
- 60) Eftirlitsstofnun EFTA lítur svo á að yfirstandandi fjármálakreppa hafi ekki leitt til skerðingar á váttryggingar- eða endurtryggingargetu í öllum EFTA-rikkjunum, en ekki er unnt að útiloka að í vissum löndum geti tryggingar á markaðshæfri áhættu verið ófánlegar tímabundið.
- 61) Ákvæði 9.–13. mgr. undirkafla 4 í ofangreindum leiðbeinandi reglum hljóða svo: „Við slíkar aðstæður getur opinbert eða ríkisstyrkt váttryggingafélag útflutningslána, sem lætur í té tryggingu vegna ómarkaðshæfrar áhættu á vegum ríkisins eða með ábyrgð ríkisins, veitt tryggingu vegna slíkrar tímabundinnar ómarkaðshæfrar áhættu. Váttryggingafélagið skal svo sem kostur er aðlaga iðgjalddataxta sína vegna slíkrar áhættu að töxtum sem tíðkast hjá einkareknum váttryggingafélögum útflutningslána vegna áhættunnar sem um ræðir.

EFTA-riki, sem hefur í hyggju að nota undanþágúákvæðið, skal þegar í stað tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA um drög að ákvörðun sinni. Tilkynningunni skal fylgja markaðsúttekt er sýni að ekki sé hægt að tryggja gegn áhættunni á einkaváttryggingamarkaðinum og það vottað af tveimur þekktum alþjóðlegum einkareknum váttryggingafélögum útflutningslána sem og frá innlendu váttryggingafélagi útflutningslána, þannig að beiting undanþágúákvæðisins sé réttlætt. Að öðrum kosti má hugsanlega sýna fram á að ekki sé unnt að fá tryggingu á einkaváttryggingamarkaðinum með því að leggja fram markaðsskýrslu frá óháðum ráðgjafa sem eftirlitsstofnunin telur áreiðanlegan og óhlutdrægan. Tilkynningin skal einnig hafa að geyma lýsingu á skilyrðum sem opinber eða ríkisstyrkt váttryggingafélög útflutningslána hyggjast setja vegna slíkrar áhættu.

Innan tveggja mánaða frá því að eftirlitsstofnuninni berst slík tilkynning mun hún rannsaka hvort beiting undanþáguákvæðisins samrýmist fyrrnefndum skilyrðum og EES-samningnum.

Komist eftirlitsstofnunin að því að skilyrði fyrir beitingu undanþáguákvæðisins séu uppfyllt takmarkast ákvörðun hennar (um samrýmanleika) við tvö ár frá samþykkt ákvörðunarinnar, að því tilskyldu að markaðsaðstæður sem réttlæta notkun undanþáguákvæðisins breytist ekki á þeim tíma.

Ennfremur er eftirlitsstofnuninni heimilt í samráði við EFTA-rikin að endurskoða skilyrði fyrir notkun undanþáguákvæðisins. Einnig er henni heimilt að ákveða að nema það úr gildi eða taka upp í staðinn annað kerfi sem hentar betur.“

- 62) Þessi ákvæði, sem taka jafnt til stórfyrirtækja sem lítilla og meðalstórra fyrirtækja, geta talist viðeigandi stjórnæki við núverandi efnahagsaðstæður ef stjórnvöld í EFTA-rikinum komast að þeirri niðurstöðu að tryggingar á tiltekinni markaðshæfni útlánaáhættu séu ófánlegar á einkareknum tryggingamarkaði og/eða þegar tilteknir kaupendur áhættutrygginga eiga í hlut.
- 63) Í þessu tilliti lítur Eftirlitsstofnun EFTA svo á, að til þess að flýta málsmeðferð gagnvart stjórnvöldum í EFTA-rikinum, megi veita þeim heimild, sem gildi til 31. desember 2010, til þess að færa sönnur á markaðsbrest með því að leggja fram nægilega ítarlegar sannanir fyrir því að tryggingar á viðkomandi áhættu séu ófánlegar á einkareknum tryggingamarkaði. Hvað sem öðru líður verður litið svo á að beita megi undanþáguákvæðinu ef:
- stórt og velþekkt einkarekið alþjóðlegt útflutningslánatryggingafélag og innlent lánatryggingafélag leggja fram sannanir fyrir því að slíkar tryggingar séu ófánlegar eða
 - að minnsta kosti fjögur rótgróin útflutningsfyrirtæki leggja fram sannanir fyrir því að þeim hafi verið sýnað um tryggingu vegna tiltekinnar rekstraráðgerða.
- 64) Eftirlitsstofnun EFTA mun tryggja skjóta afgreiðslu ákvæðana um beitingu undanþáguákvæðisins, í nánú samstarfi við hlutaðeigandi EFTA-riki.

5.2 Einfeldari málsmeðferð

- 65) Skylt er að tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA ráðstafanir á sviði ríkisaðstoðar af því tagi sem fjallað er um í þessum leiðbeinandi reglum. Að slepptum þeim efnislegu ráðstöfunum, sem mælt er fyrir um í reglunum, mun stofnunin leitast af fremsta megni við að heimila sem fyrst aðstoðarráðstafanir sem ætlað er að bregðast við yfirstandandi kreppu í samræmi við ákvæði reglnanna, að því tilskildu að unnt sé að hafa náið samstarf við stjórnvöld í hlutaðeigandi EFTA-riki og afla frá þeim allra nauðsynlegra upplýsinga.
- 66) Þessi viðleitni bætist við það starf sem nú er unnið hjá framkvæmdastjórninni við að móta tillögur um ýmsar endurbætur á almennu verklagi við meðferð ríkisaðstoðarmála, og hefur einkum að markmiði að gera ákvarðanatöku hraðari og skilvirkari í nánú samstarfi við aðildarríkin. Þessum almennu breytingum til einföldunar er umfram allt ætlað að staðfesta sameiginlega viðleitni framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna til að gera verklag sveigjanlegra og fyrirsjáanlegra á öllum stigum rannsóknar á ríkisaðstoðarmálum og gera kleift að afgreiða með skjótum hætti mál sem eru ekki flókin viðfangs.

6 Eftirlit og skýrslugjöf

- 67) Samkvæmt ákvörðun 195/04/COL frá 14. júlí 2004 um framkvæmdarákvæði sem um getur í 27. gr. í II. hluta bókar 3 við samning milli EFTA-rikkanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, en hún hefur að geyma ítarlegar reglur um beitingu 1. gr. I. hluta bókar 3, ber EFTA-rikinum að afhenda Eftirlitsstofnun EFTA ársskýrslur.
- 68) Stjórnvöld í EFTA-rikinum verða að láta stofnuninni í té eigi síðar en 31. júlí 2009 skrá um kerfi sem komið hefur verið á fót á grundvelli þessara leiðbeinandi reglna.
- 69) EFTA-rikinum ber að sjá til þess að tekin séu saman ítarleg gögn um veitta aðstoð af því tagi sem kveðið er á um í þessum reglum. Gögnin verða að taka til allra upplýsinga sem nauðsynlegar eru til að staðfesta að nauðsynlegum skilyrðum hafi verið fullnægt og skulu þau varðveitt í 10 ár og afhent Eftirlitsstofnun EFTA þegar eftir því er leitað. Umfram allt verða stjórnvöld í EFTA-rikinum að hafa aflað upplýsinga sem sýna að fyrirtæki, sem njóta aðstoðar á grundvelli ráðstafana samkvæmt undirköflum 4.2, 4.3, 4.4 og 4.5, hafi ekki verið illa stödd 1. júlí 2008.
- 70) Auk þessa ber stjórnvöldum í EFTA-rikinum að senda Eftirlitsstofnun EFTA skýrslu um ráðstafanir, sem gerðar hafa verið á grundvelli þessara leiðbeinandi reglna, eigi síðar en 31. október 2009. Í skýrslunni skal einkum tilgreina atriði sem bent geta til þess að ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í reglunum, þurfi að gilda áfram eftir 31. desember 2009, svo og ítarlegar upplýsingar um umhverfisávinning af því að veita lán með niðurgreiddum vöxtum. Þá skulu stjórnvöld í EFTA-rikinum leggja fram upplýsingar um ofangreind atriði fyrir sérhvert ár sem ákvæðum þessara leiðbeinandi reglna er beitt eftir það, eigi síðar en 31. október á hvert.

- 71) Eftirlitsstofnun EFTA getur óskað eftir ítarlegri upplýsingum um veitta aðstoð í því skyni að ganga úr skugga um að skilyrði, sem mælt er fyrir um í ákvörðun stofnunarinnar um að samþykkja aðstoðarráðstöfunina, hafi verið virt.
- 7 Lokaákvæði**
- 72) Eftirlitsstofnun EFTA mun beita ákvæðum þeirra leiðbeinandi reglna, sem hér birtast, frá samþykktardegi þeirra að telja. Reglurnar draga réttmæti sitt af hinum óvenjulega og tímabundna fjármögnunarvanda sem nú er við að glíma vegna bankakreppunnar, og verður þeim ekki beitt eftir 31. desember 2010. Eftirlitsstofnun EFTA áskilur sér rétt til að endurskoða þær fyrir þann tíma, að höfðu samráði við EFTA-rikin, með hliðsjón af mikilvægum stefnumiðum á sviði samkeppni eða efnahagsmála. Ef ástæða þykir til getur stofnunin einnig bætt við ítarlegri skýringum á nálgun að því er varðar einstök atriði.
- 73) Eftirlitsstofnun EFTA mun beita ákvæðum þessara leiðbeinandi reglna gagnvart öllum áhættufjárráðstöfunum sem tilkynntar eru og hún verður að taka ákvörðun um eftir að reglurnar hafa öðlast samþykki, jafnvel þótt ráðstafanirnar hafi verið tilkynntar áður en reglurnar öðluðust samþykki.
- 74) Í samræmi við leiðbeinandi reglur um reglur sem gilda um mat á ólögmætri ríkisaðstoð mun Eftirlitsstofnun EFTA beita eftirfarandi reglum í tengslum við aðstoð sem hefur ekki verið tilkynnt:
- ákvæðum þessara leiðbeinandi reglna, ef aðstoðin var veitt eftir að þær öðluðust samþykki,
 - ákvæðum þeirra leiðbeinandi reglna sem voru í gildi þegar aðstoðin var veitt, í öllum öðrum tilvikum.
- 75) Eftirlitsstofnun EFTA mun tryggja skjóta afgreiðslu ákvarðana, í nánú samstarfi við hlutaðeigandi EFTA-riki, um leið og fyrir liggur tilkynning með öllum upplýsingum um ráðstafanir sem falla undir þessi ákvæði. Stjórnvöldum í EFTA-rikjunum ber að upplýsa Eftirlitsstofnun EFTA um áform sín og tilkynna henni áætlanir um slíkar ráðstafanir svo snemma og á svo tæmandi hátt sem unnt er.
- 76) Eftirlitsstofnun EFTA telur rétt að rifja upp að bætt verklag við málsmeðferð er algerlega háð því að henni berist tilkynningar með skýrum og tæmandi upplýsingum.

ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

2011/EES/3/02

190/09/COL

frá 22. apríl 2009

um sextugustu og níundu breytingu á málsmeðferðar- og efnisreglum á sviði ríkisaðstoðar sem felur í sér breytingar á kaflanum um tímabundnar reglur um ráðstafanir á sviði ríkisaðstoðar sem miðast að því að auðvelda fjármögnun í yfirstandandi fjármála- og efnahagskreppu

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN ⁽¹⁾,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið ⁽²⁾, einkum ákvæða 61., 62. og 63. gr. og bókar 26,

með vísan til samnings milli EFTA-rikkanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls ⁽³⁾, einkum ákvæða 24. gr. og staflidrar b) í 2. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Samkvæmt 24. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól ber Eftirlitsstofnun EFTA að koma ákvæðum EES-samningsins um ríkisaðstoð til framkvæmda.

Samkvæmt staflidrar b) í 2. mgr. 5. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól ber Eftirlitsstofnun EFTA að gefa út auglýsingar eða leiðbeiningar um mál sem EES-samningurinn fjallar um ef sá samningur eða samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól kveða skýrt á um slíkt eða stofnunin álitur það nauðsynlegt.

Minnt er á málsmeðferðar- og efnisreglur á sviði ríkisaðstoðar sem Eftirlitsstofnun EFTA samþykkti 19. janúar 1994 ⁽⁴⁾.

Hinn 25. febrúar 2009 samþykkti framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna („framkvæmdastjórn EB“ í því sem hér fer á eftir) orðsendingu um breytingu á tímabundnum reglum um ráðstafanir á sviði ríkisaðstoðar sem miðast að því að auðvelda fjármögnun í yfirstandandi fjármála- og efnahagskreppu ⁽⁵⁾.

Sú orðsending varðar einnig Evrópska efnahagssvæðið.

Tryggja ber að EES-reglum um ríkisaðstoð sé beitt á sama hátt hvarvetna á Evrópska efnahagssvæðinu.

Samkvæmt ákvæðum II. liðar undir fyrirsögninni „ALMENNT“ í lok XV. viðauka við EES-samninginn ber Eftirlitsstofnun EFTA, að höfðu samráði við framkvæmdastjórn EB, að samþykkja gerðir sem samsvara þeim sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt.

Eftirlitsstofnun EFTA hefur leitað samráðs við framkvæmdastjórn EB.

Minnt er á að Eftirlitsstofnun EFTA leitaði samráðs við EFTA-ríkin með bréfi um þetta efni sem dagsett var 31. mars 2009.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

⁽¹⁾ [Á ekki við í íslenska textanum.]

⁽²⁾ „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir.

⁽³⁾ „Samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól“ í því sem hér fer á eftir.

⁽⁴⁾ Leiðbeinandi reglur um beitingu og túlkun 61. og 62. gr. EES-samningsins og 1. gr. bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól sem Eftirlitsstofnun EFTA samþykkti 19. janúar 1994 og birtar voru í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* (Stjtið. EB eða Stjtið. ESB í því sem hér fer á eftir) L 231, 3.9.1994, bls. 1, og EES-viðbæti nr. 32, 3.9.1994, bls. 1. Breytingar urðu síðast á reglunum 29. janúar 2009. „Leiðbeinandi reglur um ríkisaðstoð“ í því sem hér fer á eftir. Dagrætt gerð leiðbeinandi reglna um ríkisaðstoð (á ensku) er birt á vefsetri Eftirlitsstofnunar EFTA: <http://www.eftasurv.int/fieldsofwork/fieldstateaid/guidelines>.

⁽⁵⁾ Samsteypt útgáfa reglnanna var birt í Stjtið. ESB C 83, 7.4.2009, bls. 1.

1. gr.

Gildistími tímabundinna reglna um ráðstafanir á sviði ríkisaðstoðar sem miðast að því að auðvelda fjármögnun í yfirstandandi fjármála- og efnahagskreppu (sem nefnast „*tímabundnu reglurnar*“ í því sem hér fer á eftir) er frá 29. janúar 2009 til 31. desember 2010.

Samkvæmt lokaákvæðum tímabundnu reglnanna getur Eftirlitsstofnun EFTA, ef ástæða þykir til, bætt við ítarlegri skýringum á nalgun að því er varðar einstök atriði.

Við beitingu tímabundnu reglnanna hefur komið í ljós að nauðsynlegt er að bæta við skýringum á því hvernig beitt verður ákvæðum stafl. b) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins, sem hefur að geyma nógildandi ákvæði um ákvörðun á viðmiðunar- og afreiknivöxtum og veitingu aðstoðar í mynd ábyrgða.

Leiðbeinandi reglur um ríkisaðstoð breytast þannig að gerðar eru breytingar á þeim kafla reglnanna sem ber heitið „Tímabundnar reglur um ráðstafanir á sviði ríkisaðstoðar sem miðast að því að auðvelda fjármögnun í yfirstandandi fjármála- og efnahagskreppu“.

Eftirtalдар breytingar á tímabundnu reglunum öðlast gildi daginn sem þessi ákvörðun öðlast samþykki:

1) Í undirkafla 4.1 bætist við eftirfarandi málsgrein:

„Stjórnvöld í EFTA-rikkjunum verða því að sýna fram á að þær ráðstafanir á sviði ríkisaðstoðar, sem tilkynntar eru til Eftirlitsstofnunar EFTA samkvæmt þessum reglum, séu nauðsynlegar, viðeigandi og hæfilega miklar að umfangi til að ráða bót á verulegri röskun efnahagslífsins í tilteknu EFTA-riki og að settum skilyrðum hafi verið fullnægt í öllum atriðum.“

2) Undirkafla 4.3.2 breytist sem hér segir:

a) Eftirfarandi kemur í stað stafl. a) og b):

„a) Þegar um ræðir lítil og meðalstór fyrirtæki veita stjórnvöld í EFTA-rikkjunum afslátt sem nemur allt að 25% af því árlega álagi sem greiða ber vegna nýrra ábyrgða í samræmi við ákvæði um öryggisálag í viðauka (*).

b) Þegar um ræðir stórfyrirtæki veita stjórnvöld í EFTA-rikkjunum einnig afslátt sem nemur allt að 15% af því árlega álagi sem greiða ber vegna nýrra ábyrgða á grundvelli sömu ákvæða um öryggisálag, sjá viðauka.

(*) Álag samkvæmt því, sem segir í viðaukanum, er nákvæmari útfærsla á ákvæðum leiðbeinandi reglna um ríkisaðstoð sem er veitt sem ábyrgðir á þann hátt að tekið er tillit til mismunandi veðhlutfalls. Það getur einnig þjónað sem viðmiðun við útreikning á því hversu stór hluti ábyrgðarráðstafana, sem falla undir ákvæði undirkafla 4.2 í þessum reglum, telst aðstoðarþáttur sem er samrýmanlegur EES-samningnum.

Öryggisálagið er reiknað út með vísan til álagsins sem tilgreint er í leiðbeinandi reglum um viðmiðunar- og afreiknivexti, að teknu tilliti til frekari 20 grunnpunkta afsláttar (sjá 12. nmgr. ofangreindra leiðbeinandi reglna). Í hverjum lánshæfisflokkum um sig hefur öryggisálagið, sem mælt er fyrir um í leiðbeinandi reglum um ríkisaðstoð sem er veitt sem ábyrgðir, verið notað sem efri mörk álags í viðkomandi lánshæfisflokkum. Að því er varðar skilgreiningu á mismunandi veðhlutföllum sjá 2. nmgr. á bls. 1 í leiðbeinandi reglum um viðmiðunar- og afreiknivexti.“

b) Eftirfarandi kemur í stað stafl. f):

„f) Hver ábyrgð tekur aldrei á lánstímanum til herra hlutfalls af láninu en 90%.“

c) Eftirfarandi kemur í stað stafl. h):

„h) Afsláttur af álagi er ekki veittur lengur en í tvö ár eftir að ábyrgðin er veitt. Ef gildistími viðkomandi láns er lengri en tvö ár geta stjórnvöld í EFTA-rikkjunum látið öryggisálag samkvæmt því, sem mælt er fyrir um í viðaukanum, gilda í allt að átta ár til viðbótar, þó án afsláttar.“

3) Eftirfarandi kemur í stað undirkafla 4.4.1:

„4.4.1 Í leiðbeinandi reglum um viðmiðunar- og afreiknivexti er mælt fyrir um aðferð við útreikning viðmiðunarvaxta sem byggist á millibankavöxtum (IBOR) til eins árs að viðbættu álagi sem getur numið 60 til 1000 grunnpunktum eftir lánshæfi fyrirtækisins og veðum sem það getur lagt fram. Eftirlitsstofnun EFTA getur breytt aðferðinni, sem nota ber til að reikna viðmiðunar- og afreiknivexti, með það fyrir augum að laga hana að markaðsaðstæðum. Ef stjórnvöld í EFTA-rikinum nota þá aðferð til útreiknings á viðmiðunar- og afreiknivöxtum sem mælt er fyrir um í þeim leiðbeinandi reglum sem eru í gildi þegar lánið er veitt, og fullnægja skilyrðunum sem sett eru í þeim reglum, telst vaxtastig að meginstefnu til ekki hafa í för með sér ríkisaðstoð.“

4) Eftirfarandi kemur í stað undirkafla 4.5.1:

„4.5.1 Í leiðbeinandi reglum Eftirlitsstofnunar EFTA um viðmiðunar- og afreiknivexti er mælt fyrir um aðferð við útreikning viðmiðunarvaxta sem byggist á millibankavöxtum (IBOR) til eins árs að viðbættu álagi sem getur numið 60 til 1000 grunnpunktum eftir lánshæfi fyrirtækisins og veðum sem það getur lagt fram. Eftirlitsstofnun EFTA getur breytt aðferðinni, sem nota ber til að reikna viðmiðunar- og afreiknivexti, með það fyrir augum að laga hana að markaðsaðstæðum. Ef stjórnvöld í EFTA-rikinum nota þá aðferð til útreiknings á viðmiðunar- og afreiknivöxtum sem mælt er fyrir um í þeim leiðbeinandi reglum sem eru í gildi þegar lánið er veitt, og fullnægja skilyrðunum sem sett eru í þeim reglum, telst vaxtastig að meginstefnu til ekki hafa í för með sér ríkisaðstoð.“

5) Eftirfarandi viðauki bætist við:

„VIÐAUKI

Öryggisálag sem nota ber í tengslum við tímabundnu reglurnar, í grunnpunktum (*)			
Lánshæfisflokkur (Standard & Poor's)	Veð		
	Mikil	Eins og almennt tíðkast	Lítill
AAA	40	40	40
AA+	40	40	40
AA			
AA-			
A+	40	55	55
A			
A-			
BBB+	55	80	80
BBB			
BBB-			
BB+	80	200	200
BB			
BB-	200	380	380
B+			
B	200	380	630
B-			
CCC og lægra	380	630	980

(*) Þegar um ræðir fyrirtæki, sem hafa hvorki greiðslusögu að baki né lánshæfiseinkunn sem byggist á niðurstöðum efnahagsreiknings (til að mynda sum fjárfestingarfélag svo og sprotafyrirtæki), er stjórnvöldum í EFTA-rikinum heimilt að veita afslátt sem nemur allt að 15% (25% þegar um ræðir lítill og meðalstór fyrirtæki) af því sértæka öryggisálagi sem ákveðið er 3,8% í leiðbeinandi reglum um ríkisaðstoð sem er veitt sem ábyrgðir. Þó skal öryggisgjaldið ákveðið þannig að það verði aldrei lægra en það sem notað hefði verið ef um hlutaðeigandi móðurfélag eða móðurfélag hefði verið að ræða.“

Nýi kafli er birtur í viðauka við ákvörðun þessa.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til stjórnvalda á Íslandi, í Furstadæminu Liechtenstein og í Konungsríkinu Noregi.

3. gr.

Fullgild er aðeins ensk útgáfa þessarar ákvörðunar.

Gjört í Brussel 22. apríl 2009.

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA.

Per Sanderud

Forseti

Kurt Jaeger

Stjórnarmaður

TÍMABUNDNAR REGLUR UM RÁÐSTAFANIR Á SVIÐI RÍKISADSTOÐAR SEM MIÐAST AÐ ÞVÍ AÐ AUÐVELDA FJÁRMÖGNUN Í YFIRSTANDANDI FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSKREPPU

1 Fjármálakreppan, áhrif hennar á raunhagkerfið og þörfin á tímabundnum ráðstöfunum

1.1 Fjármálakreppan og áhrif hennar á raunhagkerfið

- 1) Hinn 26. nóvember 2008 gaf framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna („framkvæmdastjórnin“ í því sem hér fer á eftir) út orðsendingu með yfirskriftinni „Efnahagsleg endurreisnaráætlun fyrir Evrópuríki“ („endurreisnaráætlunina“) með það fyrir augum að stuðla að endurreisn efnahagslífsins í Evrópu eftir yfirstandandi fjármálakreppu ⁽¹⁾. Endurreisnaráætlunin hvílir á tveimur stoðum sem styrkja hvor aðra. Önnur er fölginn í skammtímaráðstöfunum til að auka eftirspurn, viðhalda atvinnu og efla traust á ný, og hin er kennd við „snjallar fjárfestingar“ og miðast að því að auka hagvöxt og stuðla að sjálfbærri velferð til lengri tíma lítið. Endurreisnaráætlunin mun ýta undir og flýta endurbótum sem þegar er unnið að samkvæmt Lissabonáætluninni.
- 2) Í þessu tilliti er mikilvægasta úrlausnarefnið að sneiða hjá opinberum afskiptum sem gætu grafið undan markmiðinu um minni og markvissari ríkisaðstoð. Við tilteknar aðstæður er engu að síður þörf á að veita nýja ríkisaðstoð tímabundið.
- 3) Eftirlitsstofnun EFTA telur að koma þurfi upp nýjum stjórnþækjum til þess að ríkisaðstoðarreglurnar nýtist til að ná fram hámarkssveigjanleika í baráttunni við kreppuna jafnframt því að tryggja að fjármálastofnanir starfi á jafnræðisgrundvelli og forðast óeðlilega samkeppnisröskun. Í þeim leiðbeinandi reglum, sem hér birtast, er gerð grein fyrir nokkrum nýjum leiðum sem stjórnvöldum í EFTA-ríkjunum er heimilt að fara tímabundið þegar ríkisaðstoð er veitt.
- 4) Í fyrsta lagi hefur fjármálakreppan þrengt mjög að bankastarfsemi á Evrópska efnahagssvæðinu og á Íslandi hafa áhrif hennar orðið meiri en dæmi voru um áður. Ráð Evrópubandalaganna hefur lagt áherslu á að þótt láta verði stjórnvöldum í hverju landi eftir ákvarðanir um opinber afskipti sé nauðsynlegt að um slík afskipti fari eftir samhæfðum reglum og á grundvelli sameiginlegra sjónarmiða sem EB-ríkin hafa komið sér saman um ⁽²⁾. Framkvæmdastjórnin brást tafarlaust við þessu með ýmsum ráðstöfunum, meðal annars útgáfu orðsendingarinnar um beitingu ríkisaðstoðarreglna gagnvart ráðstöfunum vegna fjármálastofnana sem gerðar eru í tengslum við yfirstandandi fjármálakreppu í heiminum ⁽³⁾ og nokkrum ákvörðunum um heimild til að veita fjármálastofnunum björgunaraðstoð. Eftirlitsstofnun EFTA hefur samþykkt samsvarandi ráðstafanir ⁽⁴⁾.
- 5) Fullnægjandi aðgangur að lánsfé á viðunandi kjörum er nauðsynleg forsenda fjárfestinga, vaxtar og atvinnusköpunar í einkafyrirtækjum. Stjórnvöld í EFTA-ríkjunum verða að nota þann áhrifamátt, sem þau hafa öðlast með því að veita bankastofnunum verulegan fjárhagsstuðning, til þess að tryggja að sá stuðningur verði ekki aðeins til þess að bæta fjárhag banka heldur gagnist hann efnahagslífinu í heild. Stuðningur við fjármálafyrirtæki verður því að vera nægilega markviss til þess að öruggt sé að útlánastarfsemi banka komist aftur í eðlilegt horf. Eftirlitsstofnun EFTA mun taka mið af þessu við endurmat á ríkisaðstoð sem runnið hefur til banka.
- 6) Þó að ástandið á fjármálamörkuðum virðist fara batnandi eru áhrif fjármálakreppunnar að koma fram að fullu um þessar mundir. Samdrátturinn, sem er mjög tilfinnanlegur, nær til efnahagslífsins í heild og bitnar á heimilum, fyrirtækjum og atvinnutækifærum. Kreppan á fjármálamörkuðum hefur einkum haft þau áhrif að bankar hafa dregið úr skuldsetningu sinni og gerst miklu áhættufælnari en á undanföllum árum, með þeim afleiðingum að lánsfé er nú af skornum skammti. Þessi fjármálakreppa gæti leitt til lánsfjárskömmunar, minnkandi eftirspurnar og efnahagssamdráttar.
- 7) Erfiðleikar af því tagi gætu sagt til sín ekki aðeins hjá fyrirtækjum sem eru veik fyrir og hafa ekkert greiðsluþolssvigrúm, heldur einnig hjá öflugum fyrirtækjum sem standa skyndilega frammi fyrir því að lánsfé er af skornum skammti eða ófáanlegt. Þetta yrði þá einkum raunin hjá litlum og meðalstórum fyrirtækjum, enda eiga þau í öllum tilvikum erfiðara með að afla sér lánsfjár en stórfyrirtæki. Ekki einungis gæti þessi staða haft alvarleg áhrif á efnahag margra öflugra fyrirtækja og starfsmanna þeirra til skamms og meðallangs tíma lítið, heldur einnig haft óæskileg áhrif af varanlegra tagi með því að tefja eða jafnvel koma í veg fyrir hvers kyns fjárfestingar á Evrópska efnahagssvæðinu í framtíðinni – og er þá sérstaklega að nefna þær sem stuðla að sjálfbærum vexti og öðrum markmiðum Lissabonáætlunarinnar.

⁽¹⁾ Orðsending framkvæmdastjórnarinnar til ráðs Evrópubandalaganna, COM(2008) 800.

⁽²⁾ Niðurstöður fundar Efnahags- og fjármálaráðsins frá 7. október 2008.

⁽³⁾ Stjtið. ESB C 270, 25.10.2008, bls. 8.

⁽⁴⁾ Sjá leiðbeinandi reglur um ríkisaðstoð, kaflana um beitingu ríkisaðstoðarreglna gagnvart ráðstöfunum vegna fjármálastofnana sem gerðar eru í tengslum við yfirstandandi fjármálakreppu í heiminum og um endurfjármögnun fjármálastofnana í yfirstandandi fjármálakreppu: aðstoð takmörkuð við það sem er nauðsynlegt; varnir gegn óeðlilegri samkeppnisröskun, sem samþykktir voru 29. janúar 2009.

1.2 Þörfin á náinni samhæfingu aðstoðar milli EES-rikkanna

- 8) Núverandi staða fjármála gæti freistað stjórnvalda í EFTA-rikkjunum til einhliða aðgerða, og þá einkum styrkjakeppni til stuðnings eigin fyrirtækjum. Reynsla liðinna ára sýnir að aðgerðir einstakra ríkja af því tagi skila ekki árangri og hætta er á að þær skaði innra markaðinn. Þegar aðstoð er veitt, að teknu fullu tilliti til þeirra sérstöku aðstæðna sem ríkja í efnahagslífinu, skiptir öllu máli að tryggja að fyrirtæki í EES-rikkjunum geti starfað á jafnræðisgrundvelli og forðast að EFTA-rikin hefji styrkjakeppni sem ógerlegt væri að halda til streitu og yrði skaðleg fyrir Evrópska efnahagssvæðið í heild. Samkeppnisstefna hefur einmitt þetta hlutverk.

1.3 Þörfin á tímabundnum ráðstöfunum á sviði ríkisaðstoðar

- 9) Markmiðin með þeim tímabundnu viðbótarráðstöfunum, sem mælt er fyrir um í þessum leiðbeinandi reglum, eru tvö: Hið fyrra er, með vísan til þess óvenjulega og skammvarandi fjármögnunarvanda sem tengist bankakreppunni, að koma aftur af stað lánveitingum banka til fyrirtækja og tryggja þannig að þau geti áfram aflað sér fjármögnunar. Í þessu tilliti er þess að geta að lítil og meðalstór fyrirtæki eru einkar mikilvæg efnahagslífi EES-rikkanna í heild og ef fjárhagsstaða þeirra batnar hefur það einnig æskileg áhrif á stórfyrirtæki og stuðlar á þann hátt að almennum hagvexti og breytingum til nútímahorfs til langs tíma lítið.
- 10) Síðara markmiðið er að hvetja fyrirtæki til áframhaldandi fjárfestinga í framtíðinni, einkum í þeim þáttum efnahagslífsins sem stuðla að sjálfbærum vexti. Raunar er það svo að verði yfirstandandi kreppa til þess að stöðva þær framfarir sem orðið hafa á sviði umhverfismála og eru umtalsverðar, eða jafnvel snúa þeim við, eru hugsanlegar afleiðingar þess mjög alvarlegar. Af þessum sökum er nauðsynlegt að veita tímabundinn stuðning fyrirtækjum sem fjárfesta í verkefnum er lúta að umhverfisvernd (og gætu, meðal annars, fært fyrirtækjum í EES-rikkjunum tæknilegt forskot), og sameina þannig brýnan og óhjákvæmilegan fjárstuðning langtímaávinningi fyrir Evrópska efnahagssvæðið.
- 11) Í þessum leiðbeinandi reglum er fyrst rífað upp hversu margvíslegar leiðir EFTA-rikin geta þegar farið samkvæmt gildandi ríkisaðstoðarreglum til að veita stuðning af almannaþé, og síðan er gerð grein fyrir viðbótarráðstöfunum á sviði ríkisaðstoðar sem stjórnvöld í EFTA-rikkjunum geta notað tímabundið til að ráða bót á þeim erfiðleikum við fjármögnun sem sum fyrirtæki glíma nú við og til að ýta undir fjárfestingar sem hafa umhverfisvernd að markmiði.
- 12) Eftirlitsstofnun EFTA lítur svo á að þær aðferðir til að veita ríkisaðstoð, sem hér eru lagðar til, séu þær sem vænlegast eru til að vinna að þessum markmiðum.

2 Almennar hagstjórnaraðgerðir

- 13) Endurreisnaráætlunin var tekin upp í því skyni að bregðast við núverandi efnahagsaðstæðum. Sökum þess hversu djúp kreppan er verða EB-rikin að bregðast við henni með samhæfðum aðgerðum sem ganga nógu langt og einkennast af nægilegri dirfsku til að vinna aftur traust neytenda og fyrirtækja. Hið sama á við um endurreisn í EFTA-rikkjunum.
- 14) Stefnumið endurreisnaráætlunarinnar eru þessi:
- Að ná fram skjótri aukningu eftirspurnar og byggja upp traust neytenda.
 - Að draga úr afleiðingum efnahagsamdráttarins fyrir starfandi fólk og áhrifum hans á þá sem eiga undir högg að sækja. Margir launþegar og aðstandendur þeirra hafa fundið eða munu finna fyrir kreppunni. Ýmislegt má gera til þess að vinna gegn fækkun starfa og hjálpa launafólki síðan sem fyrst aftur út á vinnumarkaðinn til þess að komast hjá langtímaatvinnuleysi.
 - Að auðvelda Evrópuríkkjunum undirbúning að því að nýta færi sem myndast þegar hagkerfið fer að vaxa á ný, þannig að evrópskt efnahagslíf geti brugðist við kröfum um samkeppnishæfni og sjálfbærni og þörfum framtíðarinnar, eins og útlistað er í Lissabonáætluninni. Þetta merkir að styðja þarf við nýsköpunarstarf, byggja upp þekkingarsamfélag og hraða umskiptum yfir í efnahagslíf með litilli kolefnislosun og skilvirkri auðlindanýtingu.
- 15) Til þess að vinna að þessum markmiðum geta stjórnvöld í EFTA-rikkjunum nýtt sér ýmis stjórnartæki sem ekki er lítið á sem ríkisaðstoð. Sum fyrirtæki kunna til dæmis að glíma við enn meiri erfiðleika við að afla lánsfjár en önnur, og getur það valdið töfum á eða stefnt jafnvel í hættu þeirri fjármögnun sem er nauðsynleg til að þau geti vaxið og ráðist í áformaðar fjárfestingar. Í þessu tilliti gætu EFTA-rikin ákveðið ýmsar almennar stefnumarkandi aðgerðir sem næðu þá til allra fyrirtækja á yfirráðasvæði þeirra, og féllu því ekki undir ákvæði ríkisaðstoðarreglna, með það fyrir augum að draga úr fjármögnunarvandanam tímabundið, þ.e. til skamms og meðallangs tíma. Til að mynda mætti lengja greiðslufrest almannatryggingagjalda og annarra áþekkra gjalda, eða jafnvel skatta, eða huga að aðgerðum í þágu launþega. Ef öll fyrirtæki geta nýtt sér aðgerðir af þessu tagi teljast þær í meginatriðum ekki ríkisaðstoð.
- 16) Stjórnvöld í EFTA-rikkjunum geta einnig veitt neytendum beinan fjárstuðning, til dæmis sem endurgjald fyrir að farga gömlum nytjahlutum og/eða kaupa vistvænar vörur. Ef aðstoð af því tagi er veitt án mismununar að því er varðar uppruna vörunnar telst hún ekki ríkisaðstoð.

- 17) Þá geta almennar áætlanir Evrópubandalaganna, svo sem rammaáætlun um samkeppnishæfni og nýsköpun (2007–2013), sem komið var á fót samkvæmt ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1639/2006/EB frá 24. október 2006 ⁽⁵⁾, og sjöunda rammaáætlun um aðgerðir Evrópubandalagsins á sviði rannsóknna, tæknipróunar og tilraunaverkefna (2007–2013), sem komið var á fót samkvæmt ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1982/2006/EB frá 18. desember 2006 ⁽⁶⁾ nýst afar vel til þess að styðja lítil og meðalstór fyrirtæki, en þó einnig stórfyrirtæki.

3 Ríkisaðstoð sem unnt er að veita samkvæmt ákvæðum sem þegar eru í gildi

- 18) Eftirlitsstofnun EFTA hefur undanfarin ár gert verulegar breytingar á gildandi ríkisaðstoðarreglum í því skyni að færa þær til nútímahorfs og til þess að hvetja EFTA-ríkin til að miða opinberan stuðning meira við sjálfbærar fjárfestingar og stuðla þannig að markmiðum Lissabonáætlunarinnar. Í þessu tilliti hefur einkum verið horft til lítilla og meðalstórra fyrirtækja og sett ákvæði sem heimila meiri ríkisaðstoð. Þar að auki eru ríkisaðstoðarreglurnar orðnar miklu einfaldari og þjálfi eftir þær breytingar sem urðu nýlega með samþykkt hinna almennu reglugerðar um hópundanþágu ⁽⁷⁾, en með henni hafa stjórnvöld í EFTA-ríkjunum nú úr að velja margvíslegum aðstoðarráðstöfunum sem hafa í för með sér lítið stjórnsýsluálag. Við núverandi efnahagsaðstæður skipta eftirtalin ákvæði um ríkisaðstoð, sem þegar eru í gildi, sérstaklega miklu máli:
- 19) Í **reglugerð um minniháttaraðstoð** ⁽⁸⁾, að teknu tilliti til ákvæða til aðlögunar við EES-samninginn, er tekið fram að aðgerðir, sem fela í sér stuðning við einstök fyrirtæki sem nemur allt að 200 000 evrum á þriggja ára tímabili, teljist ekki ríkisaðstoð í skilningi EES-samningsins. Í sömu reglugerð er einnig kveðið á um að ábyrgðir á fjárhæðum allt að 1,5 milljónum evra séu innan marka minniháttaraðstoðar og teljist því ekki ríkisaðstoð. Þannig geta stjórnvöld í EFTA-ríkjunum veitt slíkar ábyrgðir án þess að reikna út tilsvarendi styrkigildi og losna þannig undan stjórnsýsluálagi sem því myndi fylgja.
- 20) **Almenna hópundanþágureglugerðin**, sem nefnd er hér á undan, er grundvallarþáttur í ríkisaðstoðarreglunum í þeim skilningi að með henni er framkvæmd ýmissa mikilvægra tegunda ríkisaðstoðar einfölduð og stuðlað að því að ríkisaðstoð sé nýtt til að vinna að forgangsmarkmiðum EES-ríkjanna. Allar hópundanþágur, sem áður voru í gildi, og þar að auki ýmis ný svið (nýsköpun, umhverfismál, rannsóknir og þróun í stórfyrirtækjum og ráðstafanir að því er varðar áhættufjármögnun lítilla og meðalstórra fyrirtækja) falla nú undir eitt og sama stjórnætti. Í öllum málum, sem falla undir almennu hópundanþágureglugerðina, geta stjórnvöld í EFTA-ríkjunum veitt aðstoð án þess að tilkynna hana fyrst til Eftirlitsstofnunar EFTA. Það er því að öllu leyti í höndum stjórnvalda í EFTA-ríkjunum hversu fljótt slík mál eru afgreidd. Almenna hópundanþágureglugerðin skiptir lítil og meðalstór fyrirtæki einkar miklu máli, enda hefur hún að geyma sérreglur fyrir slík fyrirtæki um aðstoð til fjárfestinga og til atvinnuefingar. Þá geta lítil og meðalstór fyrirtæki nýtt sér allar þær 26 tegundir ráðstafana, sem fjallað er um, og stjórnvöld í EFTA-ríkjunum geta þannig fylgt uppbyggingu slíkra fyrirtækja eftir á öllum stigum og veitt þeim aðstoð við allt frá öflun lánsfjár til rannsókna og þróunar, nýsköpunar, þjálfunar starfsfólks, ráðninga, ráðstafana í þágu umhverfisins o.s.frv.
- 21) Í nýjum leiðbeinandi reglum um **ríkisaðstoð til umhverfisverndar** ⁽⁹⁾ er kveðið á um að stjórnvöldum í EFTA-ríkjunum sé meðal annars heimilt að veita ríkisaðstoð sem hér segir:
- Aðstoð við fyrirtæki sem ganga lengra í umhverfisvernd en krafist er í reglum Evrópubandalaganna, eða þegar engum slíkum reglum er til að dreifa, sem nemur allt að 70% viðbótarkostnaðar við fjárfestingar (en allt að 80% ef um ræðir vistvæna nýsköpun) hjá smáfyrirtækjum og allt að 100% viðbótarkostnaðar við fjárfestingar ef aðstoðin er veitt í kjölfar eiginlegs samkeppnisútbóðs, jafnvel þótt um stórfyrirtæki sé að ræða; einnig er heimilt að veita aðstoð til að taka snemma upp væntanlegar EB-reglur og aðstoð til rannsókna á sviði umhverfismála.
 - Á sviði endurnýjanlegrar orku og samvinnslu varma og raforku er stjórnvöldum í EFTA-ríkjunum heimilt að veita rekstraraðstoð í því skyni að standa undir öllum viðbótarkostnaði við orkuvinnsluna.
 - Í því skyni að vinna að umhverfismarkmiðum sem snúa að orkusparnaði og samdrætti í losun gróðurhúsagasa er stjórnvöldum í EFTA-ríkjunum heimilt að veita fyrirtækjum aðstoð til að ná fram orkusparnaði og aðstoð til nýtingar endurnýjanlegra orkugjafa og samvinnslu varma og raforku sem nemur allt að 80% viðbótarkostnaðar við fjárfestingar hjá smáfyrirtækjum og allt að 100% viðbótarkostnaðar við fjárfestingar ef aðstoðin er veitt í kjölfar eiginlegs samkeppnisútbóðs.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 310, 9.11.2006, bls. 15.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 412, 30.12.2006, bls. 1.

⁽⁷⁾ Reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 800/2008 frá 6. ágúst 2008 þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast sameiginlega markaðnum til beitingar 87. og 88. gr. sáttmálans (reglugerð um almenna hópundanþágu, Stjtið. ESB L 214, 9.8.2008, bls. 3), sem var felld inn í EES-samninginn sem liður 1j í XV. viðauka samkvæmt ákvörðun nr. 120/2008 frá 7. nóvember 2008 (Stjtið. ESB L 339, 18.12.2008, bls. 111, og EES-viðbætur nr. 79, 18.12.2008), gildistökudagur 8.11.2008.

⁽⁸⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1998/2006 frá 15. desember 2006 um beitingu 87. og 88. gr. sáttmálans varðandi minniháttaraðstoð (Stjtið. ESB L 379, 28.12.2006, bls. 5) sem var felld inn í EES-samninginn sem liður 1ea í XV. viðauka samkvæmt ákvörðun nr. 29/2007 (Stjtið. ESB L 209, 9.8.2007, bls. 52, og EES-viðbætur nr. 38, 9.8.2007, bls. 34), gildistökudagur 28.4.2007.

⁽⁹⁾ Dagrétt gerð leiðbeinandi reglna um ríkisaðstoð er birt (á ensku) á vefsetri Eftirlitsstofnunar EFTA: http://www.eftasurv.int/fieldsofwork/fieldstateaid/state_aid_guidelines

- 22) Hinn 7. febrúar 2007 samþykkti Eftirlitsstofnun EFTA hinar nýju leiðbeinandi reglur um **aðstoð til rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar**. Í þeim er að finna ný ákvæði um nýsköpun sem eru einkum sniðin að þörfum litilla og meðalstórra fyrirtækja og miðast einnig við markvissari beitingu aðstoðar sem er veitt til að auka atvinnu og hagvöxt í samræmi við það stefnumörkun Lissabonáætlunarinnar. Nánar tiltekið er stjórnvöldum í EFTA-ríkjunum meðal annars heimilt að veita ríkisaðstoð sem hér segir:
- Aðstoð til rannsókna- og þróunarverkefna, einkum aðstoð til grunnrannsókna, sem nemur allt að 100% af styrkhæfum kostnaði og aðstoð til iðnaðarrannsókna sem nemur allt að 80% þegar um ræðir smáfyrirtæki.
 - Aðstoð við nýsköpunarfyrirtæki sem starfað hafa um skamma hríð, allt að 1 milljón evra og jafnvel meira á svæðum sem njóta byggðaaðstoðar, aðstoð vegna nýsköpunarklasa, aðstoð til kaupa á ráðgjafarþjónustu á sviði nýsköpunar og aðstoð til kaupa á stöðþjónustu á sviði nýsköpunar.
 - Aðstoð til að gera kleift að fá sérfræðimenntað fólk að láni, aðstoð vegna tæknilegra hagkvæmniathugana, aðstoð til verkferils- og skipulagstengdrar nýsköpunar á sviði þjónustustarfssemi og aðstoð við lítil og meðalstór fyrirtæki vegna kostnaðar sem tengist hugverkarétti á sviði iðnaðar.
- 23) Þjálfun starfsfólks er annað lykilaðili þegar kemur að því að viðhalda samkeppnishæfni. Ekki verður hjá því komist að leggja áfram fé í slíka þjálfun, jafnvel þótt svo standi á að atvinnuleysi fari vaxandi, til þess að starfsmenn geti öðlast nýja starfskunnáttu. Samkvæmt nýju almennu hópundanþágureglugerðinni er stjórnvöldum í EFTA-ríkjunum heimilt að veita fyrirtækjum aðstoð til bæði almennrar og sértækrar þjálfunar sem nemur allt að 80% af styrkhæfum kostnaði.
- 24) Árið 2008 gaf Eftirlitsstofnun EFTA út nýjar leiðbeinandi reglur með fyrirsögninni **Ríkisaðstoð sem er veitt sem ábyrgðir**, en þar er fjallað um skilyrði sem fullnægja þarf til þess að ábyrgðir hins opinbera á lánum teljist ekki ríkisaðstoð. Samkvæmt þeim reglum er það einkum þegar markaðsverð er greitt fyrir ábyrgðir að ekki er lítið á þær sem ríkisaðstoð. Auk þess að skýra hvaða skilyrði ráða því hvort ábyrgðir teljast hafa í för með sér aðstoð er í nýju leiðbeinandi reglunum einnig tekið upp, í fyrsta skipti, sérstakt „öryggisálag“ sem beita má þegar lítil og meðalstór fyrirtæki eiga í hlut og hefur þann tilgang að örva fjármögnun slíkra fyrirtækja með því að gera ábyrgðarveitingar auðveldari en jafnframt öruggar.
- 25) Eftirlitsstofnun EFTA gaf út nýjar leiðbeinandi reglur með fyrirsögninni **Ríkisaðstoð sem veitt er til að ýta undir áhættufjárfestingar í litlum og meðalstórum fyrirtækjum** hinn 25. október 2006. Þær eru miðaðar við lítil og meðalstór fyrirtæki sem stunda nýsköpun og eru í hröðum vexti – en slík fyrirtæki eru eitt helsta áherslusvið Lissabonáætlunarinnar. Stofnunin hækkaði gildandi öryggishámark í 1,5 milljónir evra fyrir hvert lítið eða meðalstór fyrirtæki sem þiggur aðstoð, en það er hækkan um 50%. Ef ekki er farið yfir það hámark beitt stofnunin þeirri reglu að almennt muni ekki vera kostur á annarri fjármögnun á fjármálamörkuðum (með öðrum orðum er fyrir hendi markaðsbrestur). Við þetta bætist að almenna hópundanþágureglugerðin tekur nú til aðstoðar vegna áhættufjárfestinga.
- 26) Þegar um ræðir afskipt svæði er stjórnvöldum í EFTA-ríkjunum heimilt að veita aðstoð til fjárfestinga í því skyni að koma upp nýjum starfstöðvum, stækka starfstöðvar sem þegar eru í rekstri eða hefja framleiðslu á nýjum vörum í samræmi við leiðbeinandi reglur um **byggðaaðstoð innanlands 2007–2013**, en þær hafa verið í gildi frá því í janúar 2007.
- 27) Í leiðbeinandi reglum um byggðaaðstoð innanlands 2007–2013 er kveðið á um nýja tegund aðstoðar í því skyni að ýta undir styrki til stofnunar nýrra fyrirtækja og fyrstu uppbyggingar smáfyrirtækja á svæðum sem njóta byggðaaðstoðar.
- 28) Samkvæmt gildandi leiðbeinandi reglum um **ríkisaðstoð til björgunar og endurskipulagningar í illa stöðdum fyrirtækjum** er stjórnvöldum í EFTA-ríkjunum einnig heimilt að veita aðstoð fyrirtækjum sem ekki komast af án stuðnings hins opinbera. Í þessu skyni er þeim heimilt að tilkynna kerfi sem eru ætluð til að tryggja litlum og meðalstórum fyrirtækjum aðstoð til björgunar og/eða endurskipulagningar.

4 Er unnt að beita stafl. b) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins?

4.1 Meginsjónarmið

- 29) Samkvæmt ákvæðum stafl. b) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins getur Eftirlitsstofnun EFTA lýst aðstoð samrýmanlega framkvæmd samningsins ef henni er ætlað að „ráða bót á alvarlegri röskun á efnahagslífi aðildarríkis EB eða EFTA-ríkis“. Sams konar ákvæði er að finna í stafl. b) í 3. mgr. 87. gr. EB-sáttmálans, en með vísan til þess hefur undirréttur EB fellt þann dóm að röskunin verði að taka til efnahagslífs hlutaðeigandi aðildarríkis í heild, en ekki aðeins efnahagslífs eins héraðs eða hluta yfirráðasvæðis ríkisins. Þetta er einnig í samræmi við þá nauðsyn að túlka þröngt hvers kyns undanþágúakvæði á borð við stafl. b) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins ⁽¹⁰⁾.

⁽¹⁰⁾ Sameinuð mál T-132/96 og T-143/96 *Freistaat Sachsen og Volkswagen AG gegn framkvæmdastjórn* [1999] ECR II-3663, 167. mgr.

- 30) Framkvæmdastjórnin hefur jafnan byggt ákvarðanir sínar á þessari þröngu túlkun ⁽¹¹⁾. Eftirlitsstofnun EFTA hefur einnig stuðst við þrönga túlkun á ákvæðum stafl. b) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins ⁽¹²⁾.
- 31) Í þessu tilliti lítur stofnunin svo á að auk neyðarstuðnings við fjármálakerfið sé yfirstandandi heimskreppa þess eðlis að nauðsynlegt sé að gera undantekningar að því er varðar stjórn tækin sem beitt er.
- 32) EFTA-ríkin munu öll finna fyrir kreppunni, þó að það verði með mismunandi hætti og að mismiklu leyti, og má telja líklegt að atvinnuleysi aukist, eftirspurn minnki og skatttekjur dragist saman.
- 33) Með hliðsjón af því hvað núverandi fjármálakreppa er djúp og áhrif hennar mikil á efnahag EFTA-ríkjanna í heild lítur Eftirlitsstofnun EFTA svo á að réttlæta megi tilteknar tegundir ríkisaðstoðar, í skamman tíma, til þess að vinna gegn þessum erfiðleikum og að unnt sé að lýsa þær samrýmanlegar framkvæmd EES-samningsins með vísan til stafl. b) í 3. mgr. 61. gr. samningsins.
- 34) Stjórnvöld í EFTA-ríkjum verða því að sýna fram á að þær ráðstafanir á sviði ríkisaðstoðar, sem tilkynntar eru til Eftirlitsstofnunar EFTA samkvæmt þessum reglum, séu nauðsynlegar, viðeigandi og hæfilega miklar að umfangi til að ráða bót á verulegri röskun efnahagslífsins í tilteknu EFTA-ríki og að settum skilyrðum hafi verið fullnægt í öllum atriðum.

4.2 Aðstoð sem er samrýmanleg samningnum, litlar fjárhæðir

4.2.1 Gildandi reglur

- 35) Í 2. gr. reglugerðar um minniháttaraðstoð ⁽¹³⁾, með áorðnum breytingum samkvæmt ákvæðum til aðlögunar við EES-samninginn, stendur þetta:

„Líta skal svo á að aðstoðarráðstafanir, sem uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í 2.–5. mgr. þessarar greinar, samrýmist ekki öllum viðmiðununum í 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins og skulu þær því undanskildar tilkynningarkvöðinni sem um getur í 2. gr. II. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól.

Heildarfjárhæð minniháttaraðstoðar, sem er veitt einu fyrirtæki, skal ekki fara yfir 200 000 evrur á þriggja reikningsára tímabili. Heildarfjárhæð minniháttaraðstoðar, sem er veitt einu fyrirtæki, sem stundar flutninga á vegum, skal ekki fara yfir 100 000 evrur á þriggja reikningsára tímabili. Þessi efri mörk skulu gilda óháð því í hvaða formi minniháttaraðstoðin er eða hvaða markmið eru sett og án tillits til þess hvort aðstoðin, sem EFTA-ríkið veitir, er fjármögnuð eingöngu eða að hluta til af fjármunum Bandalagsins. Tímabilið skal ákvarðað með tilliti til reikningsáranna sem fyrirtækið notar í EFTA-ríkinu sem um er að ræða.“

4.2.2 Ný ráðstöfun

- 36) Fjármálakreppan segir nú til sín ekki aðeins hjá fyrirtækjum sem eru veik fyrir, heldur einnig hjá fyrirtækjum sem standa skyndilega frammi fyrir því að lánsfé er af skornum skammti eða jafnvel ófáanlegt. Með því að bæta fjárhagsstöðu þessara fyrirtækja má ná fram æskilegum áhrifum á efnahagslíf EES-ríkjanna í heild.
- 37) Með vísan til núverandi efnahagsástands er því talið nauðsynlegt að leyfa um skeið að veitt verði aðstoð sem nemur litlum fjárhæðum en fellur engu að síður undir ákvæði 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins, þar eð hún rýfur það hámark sem sett er í reglugerð um minniháttaraðstoð.
- 38) Eftirlitsstofnun EFTA mun fara með slíka aðstoð sem samrýmanlega við framkvæmd EES-samningsins, með vísan til stafl. b) í 3. mgr. 61. gr., að því tilskildu að öllum eftirtöldum skilyrðum sé fullnægt:
- Ekki er veitt meiri aðstoð en sem nemur 500 000 evra fjárstyrk til hvers fyrirtækis. Allar tölur, sem notaðar eru, verða að miðast við verga stöðu, þ.e. fyrir frádrátt vegna skatta eða annarra gjalda. Ef aðstoð er veitt á annan hátt en sem styrkur reiknast aðstoðarfjárhæðin sem vergt styrkigildi aðstoðarinnar.
 - Aðstoðin er útfærð sem kerfi.
 - Aðstoðin er veitt fyrirtækjum sem voru ekki illa stödd ⁽¹⁴⁾ 1. júlí 2008; heimilt er að veita hana fyrirtækjum sem voru ekki illa stödd þann dag en mættu erfiðleikum síðar sökum afleiðinga fjármála- og efnahagskreppunnar í heiminum.
 - Aðstoðin er ekki útflutningsaðstoð eða aðstoð sem ívilnar innlendra framleiðslu umfram innflutta.
 - Aðstoðin er veitt eigi síðar en 31. desember 2010.

⁽¹¹⁾ Sbr. ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/490/EB í máli C 47/96 *Crédit Lyonnais* (Stjtið. ESB L 221, 8.8.1998, bls. 28), lið 10.1, ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/345/EB í máli C 28/02 *Bankgesellschaft Berlin* (Stjtið. ESB L 116, 4.5.2005, bls. 1), 153. liður og áfram, og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/263/EB í máli C 50/06 *BAWAG* (Stjtið. ESB L 83, 26.3.2008, bls. 7), 166. liður. Sjá einnig ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar í máli NN 70/07 *Northern Rock* (Stjtið. ESB C 43, 16.2.2008, bls. 1) og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 4. júní 2008 í máli C 9/08 *SachsenLB* (Stjtið. ESB L 104, 24.4.2009, bls. 34).

⁽¹²⁾ Eftirlitsstofnun EFTA hefur aldrei samþykkt aðstoðarráðstöfun með vísan til stafl. b) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

⁽¹³⁾ Sjá 8. nmgr. hér á undan.

⁽¹⁴⁾ Að því er varðar stórfyrirtæki sjá undirkafla 2.1 í leiðbeinandi reglum um aðstoð til björgunar og endurskipulagningar í illa stöddum fyrirtækjum. Að því er varðar lítil og meðalstór fyrirtæki sjá skilgreiningu í 7. mgr. 1. gr. almennu hópundanþágureglugerðarinnar.

- f) Áður en aðstoðin er veitt afla stjórnvöld í hlutaðeigandi EFTA-ríki skriflegar eða rafrænnar yfirlýsingar frá viðkomandi fyrirtæki um hvers kyns aðra minniháttarástoð og aðstoð samkvæmt þessum reglum sem það hefur fengið á yfirstandandi reikningsári og gengur úr skugga um að aðstoðin verði ekki til þess að lyfta heildarfjárhæð aðstoðar, sem fyrirtækið fær á tímabilinu frá 1. janúar 2008 til 31. desember 2010, yfir 500 000 evra hámarkið.
- g) Aðstoðarkerfið tekur ekki til fyrirtækja sem sinna frumframleiðslu landbúnaðarafurða; það má taka til fyrirtækja sem sinna vinnslu og sölu landbúnaðarafurða ⁽¹⁵⁾ nema ef aðstoðarfjárhæðin er reiknuð á grundvelli verðs eða magns slíkra afurða sem viðkomandi fyrirtæki kaupa af frumframleiðendum eða markaðssetja, eða ef aðstoðin er bundin því skilyrði að hún renni áfram til frumframleiðenda að hluta eða að fullu ⁽¹⁶⁾.

4.3 Aðstoð sem er veitt sem ábyrgðir

4.3.1 Gildandi reglur

- 39) Markmiðið með leiðbeinandi reglum um ríkisaðstoð sem er veitt sem ábyrgðir er að veita stjórnvöldum í EFTA-ríkjunum nákvæma leiðsögn um þær reglur sem Eftirlitsstofnun EFTA hyggst styðjast við í túlkun sinni á 61. og 62. gr. EES-samningsins og þegar þeim ákvæðum er beitt gagnvart ríkisaðbyrgðum. Sérstaklega ber að nefna að í reglunum er tilgreint við hvaða skilyrði unnt er að líta svo á að ríkisaðstoð hafi ekki verið veitt. Þar er ekki að finna samrýmanleikaviðmiði sem nota mætti við mat á ábyrgðum.

4.3.2 Ný ráðstöfun

- 40) Til þess að liðka megi enn frekar fyrir fjármögnun og draga úr núverandi áhættufælni banka geta niðurgreiddar lánsábyrgðir talist um tíma viðeigandi og markviss aðferð til þess að auðvelda fyrirtækjum að afla sér lánsfjár.
- 41) Eftirlitsstofnun EFTA mun fara með slíka aðstoð sem samrýmanlega framkvæmd EES-samningsins með vísan til stafl. b) í 3. mgr. 61. gr., að því tilskildu að öllum eftirtöldum skilyrðum sé fullnægt:
- a) Þegar um ræðir lítil og meðalstór fyrirtæki veita stjórnvöld í EFTA-ríkjunum afslátt sem nemur allt að 25% af því árlega álagi sem greiða ber vegna nýrra ábyrgða í samræmi við ákvæði um öryggisálag í viðauka ⁽¹⁷⁾;
- b) Þegar um ræðir stórfyrirtæki veita stjórnvöld í EFTA-ríkjunum einnig afslátt sem nemur allt að 15% af því árlega álagi sem greiða ber vegna nýrra ábyrgða á grundvelli sömu ákvæða um öryggisálag, sjá viðauka.
- c) Ef aðstoðarþáttur ábyrgðakerfa er reiknaður með aðferðum sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur þegar samþykkt eftir að tilkynning um þær hefur borist í samræmi við reglugerð á sviði ríkisaðstoðar sem felld hefur verið inn í EES-samninginn ⁽¹⁸⁾, er stjórnvöldum í EFTA-ríkjunum einnig heimilt að veita sambærilegan afslátt sem nemur allt að 25% af árlegu álagi sem greiða ber vegna nýrra ábyrgða á lánunum lítilla og meðalstórra fyrirtækja, og allt að 15% þegar um ræðir stórfyrirtæki.
- d) Ekki er veitt ábyrgð á láni fyrir hærri fjárhæð en sem nemur árlegum launakostnaði stuðningsþegans (að meðtöldum almannatryggingagjöldum og kostnaði vegna starfsmanna sem vinna á starfstöð fyrirtækisins en eru formlega á launaskrá hjá undirverktökum) á árinu 2008. Þegar um ræðir fyrirtæki, sem stofnuð voru 1. janúar 2008 eða síðar, má lánið ekki vera hærra en sem nemur áætluðum árlegum launakostnaði fyrstu tvö rekstrarárin.
- e) Ábyrgðir renna út eigi síðar en 31. desember 2010.

⁽¹⁵⁾ Eins og sú starfsemi er skilgreind í 3. og 4. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 1857/2006 frá 15. desember 2006 um beitingu 87. og 88. gr. sáttmálans gagnvart ríkisaðstoð við lítil og meðalstór fyrirtæki sem sinna framleiðslu landbúnaðarafurða og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 70/2001 (Stjtið. ESB L 358, 16.12.2006, bls. 3).

⁽¹⁶⁾ Til þess að ákvæði 61.–63. gr. EES-samningsins um ríkisaðstoð geti átt við verður ríkisaðstoðin að renna til fyrirtækja sem sinna framleiðslu á vörum sem falla undir ákvæði samningsins. Í 3. mgr. 8. gr. EES-samningsins er að finna eftirfarandi ákvæði: „Ef annað er ekki tekið fram taka ákvæði samningsins einungis til: a) framleiðsluvarna sem falla undir 25.–97. kafla í samræmdu vörulýsingar- og vörumeraskránni, að frátöldum þeim framleiðsluvörum sem skráðar eru í bókun 2; b) framleiðsluvarna sem tilgreindar eru í bókun 3 í samræmi við það sérstaka fyrirkomulag sem þar er greint frá.“ Landbúnaðarafurðir falla utan gildissviðs EES-samningsins nema að því leyti sem þær falla undir 25.–97. kafla í samræmdu vörulýsingar- og vörumeraskránni eða eru tilgreindar í bókun 3 við samninginn.

⁽¹⁷⁾ Álag samkvæmt því, sem segir í viðaukanum, er nákvæmari útfærsla á ákvæðum leiðbeinandi reglna um ríkisaðstoð sem er veitt sem ábyrgðir á þann hátt að tekið er tillit til mismunandi veðhlutfalls. Það getur einnig þjónað sem viðmiðun við útreikning á því hversu stór hluti ábyrgðarráðstafana, sem falla undir ákvæði undirkafla 4.2 í þessum reglum, telst aðstoðarþáttur sem er samrýmanlegur EES-samningnum.

Öryggisálagið er reiknað út með vísan til álagsins sem tilgreint er í leiðbeinandi reglum um viðmiðunar- og afreiknivexti, að teknu tilliti til frekari 20 grunnpunkta afsláttar (sjá 12. nmgr. ofangreindra leiðbeinandi reglna). Í hverjum lánsþæfisflokki um sig hefur öryggisálagið, sem mælt er fyrir um í leiðbeinandi reglum um ríkisaðstoð sem er veitt sem ábyrgðir, verið notað sem efri mörk álags í viðkomandi lánsþæfisflokki. Að því er varðar skilgreiningu á mismunandi veðhlutföllum sjá 2. nmgr. á bls. 1 í leiðbeinandi reglum um viðmiðunar- og afreiknivexti.

⁽¹⁸⁾ Til dæmis almennu hópundanþágureglugerðina eða reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1628/2006 frá 24. október 2006 um beitingu 87. og 88. gr. sáttmálans gagnvart innlendri, svæðisbundinni fjárfestingarástoð (Stjtið. ESB L 302, 1.11.2006, bls. 29), sem var felld inn í EES-samninginn sem liður 1 í XV. viðauka samkvæmt ákvörðun nr. 157/2006 (Stjtið. ESB L 89, 29.3.2007, bls. 33, og EES-viðbætur nr. 15, 29.3.2007, bls. 26), að því tilskildu að með aðferðinni, sem hlotið hefur slíkt samþykki, sé beinlínis tekið á þeirri tegund ábyrgða sem um ræðir og þeirri tegund viðskipta sem að baki er.

- f) Hver ábyrgð tekur aldrei á lántímanum til herra hlutfalls af láninu en 90%.
- g) Ábyrgðir mega taka til bæði fjárfestingar- og rekstrarlána.
- h) Afsláttur af álagi er ekki veittur lengur en í tvö ár eftir að ábyrgðin er veitt. Ef gildistími viðkomandi láns er lengri en tvö ár geta stjórnvöld í EFTA-ríkjunum látið öryggisálag samkvæmt því, sem mælt er fyrir um í viðaukanum, gilda í allt að átta ár til viðbótar, þó án afsláttar.
- i) Aðstoðin er veitt fyrirtækjum sem voru ekki illa stödd ⁽¹⁹⁾ 1. júlí 2008; heimilt er að veita hana fyrirtækjum sem voru ekki illa stödd þann dag en mættu erfiðleikum síðar sökum afleiðinga fjármála- og efnahagskreppunnar í heiminum.

4.4 Aðstoð í mynd niðurgreiddra vaxta

4.4.1 Gildandi reglur

- 42) Í leiðbeinandi reglum um viðmiðunar- og afreiknivexti er mælt fyrir um aðferð við útreikning viðmiðunarvaxta sem byggist á millibankavöxtum (IBOR) til eins árs að viðbættu álagi sem getur numið 60 til 1000 grunnpunktum eftir lánshæfi fyrirtækisins og veðum sem það getur lagt fram. Eftirlitsstofnun EFTA getur breytt aðferðinni, sem nota ber til að reikna viðmiðunar- og afreiknivexti, með það fyrir augum að laga hana að markaðsaðstæðum. Ef stjórnvöld í EFTA-ríkjunum nota þá aðferð til útreiknings á viðmiðunar- og afreiknivöxtum sem mælt er fyrir um í þeim leiðbeinandi reglum sem eru í gildi þegar lánið er veitt, og fullnægja skilyrðunum sem sett eru í þeim reglum, telst vaxtastig að megin stefnu til ekki hafa í för með sér ríkisaðstoð.

4.4.2 Ný ráðstöfun

- 43) Fyrirtæki geta átt erfitt með að afla sér lánsfjár við núverandi aðstæður á markaði. Eftirlitsstofnun EFTA mun því fallast á að hið opinbera eða einkaaðilar veiti lán á vöxtum sem eru að minnsta kosti jafnháir dagvöxtum seðlabanka að viðbættu álagi sem er jafnhátt muninum á meðaltali millibankavaxta til eins árs og meðaltali dagvaxta seðlabanka á tímanum frá 1. janúar 2007 til 30. júní 2008, og að viðbættu áhættuálagi sem svarar til áhættustöðu lántaka, eins og mælt er fyrir um í leiðbeinandi reglum stofnunarinnar um viðmiðunar- og afreiknivexti.
- 44) Litið verður svo á, tímabundið, að aðstoðarþátturinn, sem er fölginn í muninum á þessum vöxtum og viðmiðunarvöxtum samkvæmt leiðbeinandi reglum um viðmiðunar- og afreiknivexti, sé samrýmanlegur framkvæmd EES-samningsins með vísan til stafl. b) í 3. mgr. 61. gr. samningsins, að því tilskildu að öllum eftirtöldum skilyrðum sé fullnægt:
- a) Aðferðin er notuð í tengslum við alla samninga sem gerðir eru 31. desember 2010 eða fyrr. Engin takmörk eru sett á lántíma, en afsláttur af vöxtum má taka til vaxtagreiðslna sem gjaldfalla fyrir 31. desember 2012 ⁽²⁰⁾; eftir þann dag verður að reikna vexti sem eru að minnsta kosti jafnháir vöxtunum sem tilgreindir eru í leiðbeinandi reglum um viðmiðunar- og afreiknivexti.
 - b) Aðstoðin er veitt fyrirtækjum sem voru ekki illa stödd 1. júlí 2008 ⁽²¹⁾; heimilt er að veita hana fyrirtækjum sem voru ekki illa stödd þann dag en mættu erfiðleikum síðar sökum afleiðinga fjármála- og efnahagskreppunnar í heiminum.

4.5 Aðstoð til framleiðslu á „grænum vörum“

4.5.1 Gildandi reglur

- 45) Í leiðbeinandi reglum Eftirlitsstofnunar EFTA um viðmiðunar- og afreiknivexti er mælt fyrir um aðferð við útreikning viðmiðunarvaxta sem byggist á millibankavöxtum (IBOR) til eins árs að viðbættu álagi sem getur numið 60 til 1000 grunnpunktum eftir lánshæfi fyrirtækisins og veðum sem það getur lagt fram. Eftirlitsstofnun EFTA getur breytt aðferðinni, sem nota ber til að reikna viðmiðunar- og afreiknivexti, með það fyrir augum að laga hana að markaðsaðstæðum. Ef stjórnvöld í EFTA-ríkjunum nota þá aðferð til útreiknings á viðmiðunar- og afreiknivöxtum sem mælt er fyrir um í þeim leiðbeinandi reglum sem eru í gildi þegar lánið er veitt, og fullnægja skilyrðunum sem sett eru í þeim reglum, telst vaxtastig að megin stefnu til ekki hafa í för með sér ríkisaðstoð.

4.5.2 Ný ráðstöfun

- 46) Yfirstandandi fjármálakreppa veldur því einnig að fyrirtækjum reynist erfiðara að afla sér lánsfjár til framleiðslu á umhverfishæfari vörum. Hugsanlegt er að aðstoð, sem er veitt sem ábyrgðir, nægi ekki til að fjármagna kostnaðarsöm verkefni, sem miðast að því að auka umhverfisvernd með aðlögun að reglum sem hafa ekki enn öðlast gildi, eða með því að ganga lengra en kveðið er á um í slíkum reglum.

⁽¹⁹⁾ Sjá 14. nmgr. hér á undan.

⁽²⁰⁾ Ef stjórnvöld í EFTA-ríki kjósa að fara þessa leið verða þau að birta dagvexti hvers dags á netinu og senda Eftirlitsstofnun EFTA upplýsingar um þá.

⁽²¹⁾ Sjá 14. nmgr. hér á undan.

- 47) Eftirlitsstofnun EFTA lítur svo á að rétt sé að láta markmið á sviði umhverfisverndar njóta forgangs þrátt fyrir fjármálakreppuna. Framleiðsla á umhverfshæfari vörum, meðal annars orkunýtnum vörum, þjónar sameiginlegum hagsmunum EES-ríkjanna og mikilvægt er að láta fjármálakreppuna ekki spilla fyrir slíkri starfsemi.
- 48) Þess vegna mætti nota viðbótarráðstafanir í mynd niðurgreiddra lána til þess að ýta undir framleiðslu á „grænum vörum“. Niðurgreidd lán geta þó valdið verulegri samkeppnisröskun og ber því að veita þau eingöngu við sérstakar aðstæður og í tengslum við sérstaklega valdar fjárfestingar.
- 49) Eftirlitsstofnun EFTA lítur svo á að rétt sé að heimila stjórnvöldum í EFTA-ríkjunum að veita aðstoð í mynd niðurgreiddra vaxta í takmarkaðan tíma.
- 50) Með vísan til stafl. b) í 3. mgr. 61. gr. mun stofnunin líta svo á að niðurgreiðsla vaxta á fjárfestingarlánnum sé samrýmanleg framkvæmd EES-samningsins ef öllum eftirtöldum skilyrðum er fullnægt:
- Aðstoðin er veitt vegna fjárfestingarlána til þess að standa undir kostnaði við verkefni á sviði framleiðslu á nýjum vörum sem stuðla að verulega bættri umhverfisvernd.
 - Aðstoðin er nauðsynleg til þess að unnt sé að koma nýju verkefni af stað; heimilt er að veita aðstoð vegna eldri verkefna ef slíkt reynist nauðsynlegt til þess unnt sé að vinna áfram að slíku verkefni með hliðsjón af breyttum efnahagsaðstæðum.
 - Aðstoðin er aðeins veitt vegna verkefna á sviði framleiðslu á vörum sem byggjast á því að taka snemma upp væntanlegar EB-reglur á sviði vöruframleiðslu eða ganga lengra en þar er krafist ⁽²²⁾ í þeim tilvikum að slíkar reglur stuðla að bættri umhverfisvernd og hafa ekki enn öðlast gildi.
 - Þegar um ræðir vöruframleiðslu, sem felur í sér að teknar eru snemma upp væntanlegar EB-reglur á sviði umhverfisverndar, eða gengið lengra en þar er krafist, skal fjárfestingin hefjast eigi síðar en 31. desember 2010 með það að markmiði að koma vörunni á markað að minnsta kosti tveimur árum áður en viðkomandi reglur öðlast gildi.
 - Lánin mega standa undir kostnaði við fjárfestingu í bæði efnislegum og óefnislegum eignum ⁽²³⁾ nema þegar um ræðir lán til fjárfestinga sem tengjast hærra hlutfalli framleiðslugetu á vörumörkuðum en 3% ⁽²⁴⁾ þar sem árlegur meðalvöxtur áætlaðrar heimaneyslu á EES-markaði, samkvæmt gögnum um verðmæti, síðustu fimm ár áður en ráðist var í fjárfestinguna, var minni en árlegur meðalvöxtur vergrar landsframleiðslu EES-ríkjanna á sama fimm ára viðmiðunartímabili.
 - Lánin eru veitt eigi síðar en 31. desember 2010.
 - Við útreikning á veittri aðstoð skal notast við vexti sem ákveðnir hafa verið fyrir stuðningsþegann sérstaklega samkvæmt aðferðinni sem lýst er í undirkafla 4.4.2 í þessum leiðbeinandi reglum. Samkvæmt þeirri aðferð er heimilt að láta fyrirtækið njóta afsláttar af vöxtum sem nemur:
 - 25% þegar um ræðir stórfyrirtæki,
 - 50% þegar um ræðir lítil og meðalstór fyrirtæki.
 - Vextir eru niðurgreiddir eigi lengur en fyrstu tvö árin eftir að lánið er veitt.
 - Heimilt er að niðurgreiða vexti af lánnum frá ríkinu og fjármálastofnunum í eigu hins opinbera, svo og af lánnum frá fjármálastofnunum í einkaeigu. Skýlt er að tryggja jafnræði milli rekstrareininga í opinberri eigu og einkaeigu.
 - Aðstoðin er veitt fyrirtækjum sem voru ekki illa stödd ⁽²⁵⁾ 1. júlí 2008; heimilt er að veita hana fyrirtækjum sem voru ekki illa stödd þann dag en mættu erfiðleikum síðar sökum afleiðinga fjármála- og efnahagskreppunnar í heiminum.
 - Stjórnvöld í EFTA-ríkjunum tryggja að aðstoðin renni ekki áfram til fjármálastofnana, beint eða óbeint.

4.6 Ráðstafanir til stuðnings áhættufjárfestingum

4.6.1 Gildandi reglur

- 51) Í leiðbeinandi reglum um ríkisaðstoð sem veitt er til að ýta undir áhættufjárfestingar í litlum og meðalstórum fyrirtækjum er fjallað um við hvaða skilyrði ríkisaðstoð, sem veitt er til stuðnings áhættufjárfestingum, getur talist samrýmanleg framkvæmd EES-samningsins með vísan til 3. mgr. 61. gr. samningsins.

⁽²²⁾ Með væntanlegum EB-reglum á sviði vöruframleiðslu er átt við lögbundnar EB-reglur sem hafa verið samþykktar en hafa ekki enn öðlast gildi og lúta að tilteknum umhverfisverndarkröfum sem fullnægja ber í tengslum við vörur sem seldar eru í Evrópusambandinu.

⁽²³⁾ Eins og slíkar eignir eru skilgreindar í leiðbeinandi reglum um ríkisaðstoð til umhverfisverndar.

⁽²⁴⁾ Sbr. skilgreiningu í 58. mgr. leiðbeinandi reglum um byggðaaðstoð.

⁽²⁵⁾ Sjá 14. nmgr. hér á undan.

- 52) Með hliðsjón af reynslunni af því að beita leiðbeinandi reglum um ríkisaðstoð sem veitt er til að ýta undir áhættufjárfestingar í litlum og meðalstórum fyrirtækjum er það álit Eftirlitsstofnunar EFTA að enginn almennur markaðsbrestur sé á Evrópska efnahagssvæðinu að því er varðar framboð á áhættufé. Stofnunin fellst þó á að gloppur séu á markaðnum að því er varðar sumar tegundir fjárfestinga á vissum stigum fyrirtækjauppbyggingar. Slíkar gloppur geta stafað af mismæmi milli framboðs og eftirspurnar á áhættufé og mætti almennt nefna þetta fjármögnunargloppur.
- 53) Í undirkafla 4.3 í ofangreindum leiðbeinandi reglum kemur fram að þegar fjármögnunaráfangar takmarkist við 1,5 milljónir evra á hverju tólf mánaða tímabili sé við vissar aðstæður gengið út frá því sem vísu að markaðsbrestur sé fyrir hendi og þurfa stjórnvöld í EFTA-ríkjunum þá ekki að færa sönnur á það.
- 54) Í staflíð a) í undirkafla 5.1 í sömu leiðbeinandi reglum kemur þetta fram: „*Eftirlitsstofnun EFTA er kunnugt um þær sveiflur sem einkenna áhættufjármarkaðinn og fjármögnunargloppuna og að markaðsbrestir hafa mismunandi áhrif á fyrirtæki eftir stærð þeirra, hversu langt þau eru komin í uppbyggingu og hvaða starfsgrein þau tilheyra. Þess vegna kemur til greina að lýsa þær áhættufjárráðstafanir samrýmanlegar framkvæmd EES-samningsins, sem gera ráð fyrir fjárfestingaráföngum umfram hámarkið 1,5 milljónir evra á fyrirtæki á ári, að því tilskildu að lögð séu fram nauðsynleg gögn um viðkomandi markaðsbrest.*“.

4.6.2 Tímabundin frávik frá gildandi reglum

- 55) Umrútið á fjármálamörkuðum hefur haft óæskileg áhrif á áhættufjármarkaði að því er varðar lítil og meðalstór fyrirtæki á fyrsta vaxtarskeiði með því að þrengja kosti þeirra á að afla sér áhættufjár. Áhætta af áhættufjárfestingum er talin hafa farið mjög vaxandi, og jafnframt stafar mikil óvissa af því að væntingar um ávöxtun gætu farið minnkandi. Fjárfestar leita því sem stendur í öruggari eignir sem bera áhættu sem auðveldara er að meta en þegar um ræðir áhættufjárfestingar. Þá hefur það fælt fjárfesta enn frekar frá áhættufjárfestingum að erfitt er að koma þeim í verð. Vísbendingar eru um að sá samdráttur í framboði á lausafé við núverandi markaðsaðstæður, sem er afleiðing þessa, hafi stækkað fjármögnunargloppuna sem blasir við litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Þess vegna er talið rétt að hækka gildandi öryggishámark fyrir áhættufjárfestingar tímabundið í því skyni að bregðast við afleiðingum stærri fjármögnunargloppu og lækka jafnframt tímabundið í 30% það lágmark, sem sett er á þátttöku einkafjárfesta, þegar um ræðir ráðstafanir í þágu lítilla og meðalstórra fyrirtækja á svæðum sem njóta ekki byggðaaðstoðar.
- 56) Í samræmi við þetta, og með vísan til ákvæða stafl. b) í 3. mgr. 61. gr., eru eftirfarandi breytingar gerðar á tilteknum mörkum sem kveðið er á um í leiðbeinandi reglum um ríkisaðstoð sem veitt er til að ýta undir áhættufjárfestingar í litlum og meðalstórum fyrirtækjum, og gilda breytingarnar tímabundið til 31. desember 2010:
- Að því er varðar undirlið 4.3.1 er hámark leyfilegra fjármögnunaráfanga hækkað úr 1,5 milljónir evra í 2,5 milljónir evra á ári á hvert lítið eða meðalstórt fyrirtæki sem fjárfest er í.
 - Að því er varðar undirlið 4.3.4 er lágmarksþátttaka einkafjárfesta ákveðin 30%, bæði á svæðum sem njóta byggðaaðstoðar og utan þeirra.
 - Önnur skilyrði, sem sett eru í reglunum, gilda óbreytt.
 - Þessar tímabundnu breytingar á leiðbeinandi reglunum taka ekki til ráðstafana á sviði áhættufjárfestinga sem falla undir ákvæði almennu hópundanþágureglugerðarinnar.
 - Stjórnvöldum í EFTA-ríkjunum er heimilt að breyta þegar samþykktum kerfum með tilliti til þessara tímabundnu breytinga á reglunum.

4.7 Uppsöfnunaráhrif

- 57) Aðstoðarhámark samkvæmt þessum leiðbeinandi reglum gilda óháð því hvort stuðningur við aðstoðarverkefnið er fjármagnaður að fullu af ríkisfé eða að hluta með tilstyrk Evrópubandalagsins.
